

skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Heilsa








# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
28. september 2010
227. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Anna sigraði í Elite

*Anna Jia sigraði í glæsilegri Elite-keppni um helgina.*

fólk 24

## Lét drauminn rætast

*Bragi Björnsson opnaði Leiksport í Hólagarði fyrir 20 árum.*

tímamót 18



## Feitir bitar á lausu

*Fjölmargir sterkir leikmenn í Pepsi-deildinni verða með lausan samning á næstu dögum.*

sport 26

## veðrið í dag




**VOTVIÐRI SA TIL** Í dag verða víðast 8-13 m/s og rigning með köflum, en hægara og úrkomulítið norðan til. Allhvasst suðvestan til í kvöld. Hiti 8-15 stig.

VEÐUR 4

# Viðhorfið gjörbreytt

**Skoðun landsmanna á aðildarviðræðum við ESB sveiflast mjög í tveimur skoðanakönnunum. Nú vilja tveir af hverjum þrem ljúka viðræðum. Samkvæmt könnun í júní var meirihluti fyrir því að draga aðildarumsóknina tilbaka.**

**KÖNNUN** Tæplega tveir af hverjum þremur sem afstöðu tóku í skoðanakönnun Fréttablaðsins vilja frekar ljúka aðildarviðræðunum við Evrópusambandið en að draga umsókn Íslands til baka. Þessi niðurstaða gengur þvert á niðurstöðu Markaðs- og miðlunarrannsókna (MMR) frá því í byrjun júní.

Alls vildu 64,2 prósent þeirra sem tóku afstöðu í könnun Fréttablaðsins ljúka viðræðunum og halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn í kjölfarið. Um 35,8 prósent voru þeirrar skoðunar að frekar ætti að draga umsóknina til baka.

Samkvæmt sambærilegri könnun MMR fyrir vefsíðuna andríki. is 8. til 10. júní voru 57,6 prósent aðspurðra fylgjandi því að íslensk stjórnvöld dragi umsókn sína til baka. Þar af sögðust 45,9 prósent því mjög fylgjandi og 11,7 prósent frekar fylgjandi. 24,3 prósent voru mjög eða frekar andvíg því að umsóknin yrði dregin til baka. Þar af eru 15,2 prósent mjög andvíg og 9,1 prósent frekar andvíg. Spurt var: Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ertu því að íslensk stjórnvöld dragi umsókn um aðild að Evrópusambandinu til baka?

> **64%** landsmanna vilja ljúka aðildarviðræðum við ESB og kjósa um málið í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt könnun Fréttablaðsins.

Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri, sér ekkert eitt sem getur skýrt þessa sveiflu sem hann segir þó allrar athygli verða. „Kannski sýnir þetta hvað viðhorf fólks í allri þessari Evrópuumræðu virðast vera flöktandi. Kannski er þetta vísbending um það frekar en að einhver kúvending hafi orðið eða að fólk hefur áttað sig á því að það er ekki valkostur að bakka út úr viðræðunum þegar þessi ferð er hafin og engin áhætta fólgin í því að halda viðræðum áfram.“ - bj, shá / sjá síðu 6



**FOLALDIÐ GRAFIÐ** Ægir Sigurðsson aðstoðaði Sigurð Grímsson við að grafa folaldið. Hryssan Brá, móðir folaldsins, stóð hjá þeim og horfði á. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Enn veikjast hestar af hestaveikinni sem geisað hefur síðan í vor:

# Missti öndvegisfolald úr hóstapest

**DÝRAHALD** „Ég missti þarna mjög fallegt folald, sem hugsað var sem reiðhestsefni,“ segir Sigurður Grímsson í Fossmúla, sem varð fyrir þeim skaða að missa vel ættað folald úr hestahóstanum á laugardaginn.

Sigurður segir öruggt að folaldið hafi drepist úr veikinni sem herjað hefur á hestastofninn frá því snemma í vor. Folaldið var grafið strax í samráði við dýralækni sem ekki taldi stætt á því að geyma það yfir helgina til að geta sent það í krufningu á Keldum.

„Móðir folaldsins var með hósta þegar hún kom úr stóðhestagirðingu,“ segir Sigurður. „Ég hafði hins vegar ekki heyrt folaldið hósta. Svo tók ég eftir því að það var einhver deyfð komin yfir það. Þegar ég fór að skoða það betur sá ég að það var með öran andardrátt og kviðdrátt, sem kallað er, en þá herpist kviðurinn saman. Einnig sá ég að það var komið með grænt hor og svo þornað slím í kringum nasirnar.“

Sigurður kvaðst hafa haft samband við dýralækni síðastliðið miðvikudagskvöld. Hann hefði tjáð sér að veikin væri að hellast í folöld um þessar mundir og því skyldi hann fylgjast vel með litla folanum. Það dugði ekki til og telur Sigurður folaldið hafa drepist úr lungnabólgu.

Eitt dæmi er þekkt um að hestaveikin hafi greinst í manni. Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir við Fréttablaðið að kona hafi greinst með sama bakteríustofn og veldur veikinni. - jss



**Á HEIMLEIÐ** Breyttir jeppar komu ferðafólki frá Þórsmörk. MYND/SMÁRI SIGURGRÍMSSON

### Flóð á Suðurlandi í rénun:

# Strandaglópar komnir heim

**SAMGÖNGUR Strandaglópar í Þórsmörk komust allir til síns heima í gær eftir að sljákkaði í ám á svæðinu. Eins og komið hefur fram voru 120 manns fastir í Þórsmörk eftir að ár flæddu yfir bakka sína í úrhellisrigningum.**

**Smári Sigurgrímsson var einn þeirra sem urðu innlyksa í Langadal. En fólk var einnig veðurteppt í Básum og Húsadal. Hann sagði alla hafa tekið því með ró að komast ekki leiðar sinnar. Allir hafi háttað snemma og beðið næsta dags.**

**Smári segir að ár sem vart runnu í sumar hafi verið orðnar 100 metra breið fljót sem runnu í mörgum kvíslum þegar verst lét.** - shá

### Morðið á Laugalæk myndað:

# Kvikmynd um leigubílamorðið

**FÓLK** Kvikmyndafélag Íslands hyggst ráðast í gerð kvikmyndar í fullri lengd um morðið á leigubílstjóranum Gunnari Sigurði Tryggvasyni sem var myrtur í Reykjavík árið 1968 með einu skoti í hnakkann. Myndin verður gerð eftir handriti Lars Emils Árnasonar sem byggir meðal annars á tilgátum úr bók Þorsteins B. Einarssonar, „Morðið á Laugalæk“, sem kom út á vegum Skruddu árið 2007.

Lars hefur viðað að sér efni um málið undanfarin ár. „Hvort ég er að fara að upplýsa það verður bara að koma í ljós,“ segir hann. - fgg/ sjá síðu 30




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-0807



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-1608

## SPURNING DAGSINS



*Gunnar, hefur þú nokkuð spáð í að gerast svæfingalæknir?*

„Nei. Það er áhugavert pæling, en ætli mínar aðferðir verði ekki taldar óhefðbundnar lækningar.“

Bardagakappinn Gunnar Nelson vann enn einn sigurinn á ferli sínum um helgina þar sem hann „svæfði“ andstæðing sinn í fyrstu lotu.

Ofsafengin og hrottaleg árás með kantsteini í Reykjanesbæ dró fórnarlambið til dauða:

# Dæmdur í sextán ára fangelsi fyrir morð

**DÓMSMÁL** Rúmlega þrítugur karlmaður, Ellert Sævarsson, var í gær dæmdur í sextán ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að hafa orðið manni að bana í Reykjanesbæ í maí á síðasta ári. Ellert var jafnframt dæmdur til að greiða ekkju fórnarlambsins 3,1 milljón króna í bætur og 2,3 milljónir króna í sakarkostnað.

Fórnarlambið hafði verið í starfsmannateiti á Keflavíkurflugvelli þegar fundum hans og Ellerts bar saman með ofangreindum afleiðingum. Það var ung stúlka, sem var að bera út blöð, sem kom að manninum liggjandi á jörðinni. Móðir hennar hringdi í neyðarlínuna en maðurinn reyndist látinn þegar lögregla kom á vettvang.

Ellert játaði við aðalmeðferð málsins að hafa sparkað í höfuð og líkama mannsins og kastað kantsteini, sem reyndist vera tólf kíló að þyngd, í höfuð hans. Kvaðst hann hafa talið að börnum gæti stafað hætta af honum. Banamein mannsins reyndist vera miklir höfuðáverkar.

Héraðsdómur taldi samkvæmt gögnum málsins enga ástæðu til að draga sakhæfi Ellerts í efa.



**LEIDDUR Í DÓMSAL** Ellert Sævarsson leiddur í dómsal.

Hann hafi borið við minnisleysi um aðdraganda árásarinnar. Þá hafi hann ekki getað skýrt af hverju hann fékk þá hugdettu að maðurinn misnotaði börn kynferðislega, en Ellert hafði aldrei séð hann áður.

„Árás ákærða var ofsafengin og hrottaleg og hlaut ákærða að vera ljóst að slík atlaga myndi leiða þann sem fyrir henni varð til dauða,“ segir í niðurstöðum héraðsdóms. „Við mat á refsingu verður litið til þess að ákærði hafði ásetning til þess að vinna slíkt tjón sem raun varð á og koma því engar refsilækkandi ástæður til álita.“ - jss

Heimildarmynd um Tíbet:

## Kínverjar vildu stöðva sýningar

**MENNING** Embættismenn úr kínverska sendiráðinu kölluðu Hrönn Marinósdóttur, framkvæmdastjóra kvikmyndahátíðarinnar RIFF, á fund til sín á dögunum og óskuðu eftir því að hún tæki úr sýningu heimildarmyndina When The Dragon Swallowed The Sun, um málefni Tíbeta og samskipti þeirra við Kína. Beiðninni var hafnað.



**HRÖNN MARINÓSDÓTTIR**

Fulltrúar sendiráðsins ræddu málið einnig óformlega við utanríkisráðuneytið og lýstu áhyggjum sínum af efnistökum hennar. Að sögn Urðar Gunnarsdóttur, upplýsingafulltrúa ráðuneytisins, var því í engu svarað enda alveg ljóst að það er ekki í verkahring ráðuneytisins að hafa afskipti af kvikmyndasýningum. - sh

Tveir jeppar skullu saman:

## Alvarlega slösuð eftir árekstur

**SLYS Ríflega sextug kona var flutt með alvarlega innvortis áverka á gjörgæsludeild Landspítalans seinni partinn í gær eftir harðan árekstur tveggja jeppa við afleggjarann af Suðurlandsvegi inn að Dyrhólaey.**

**Þrír voru í jeppa sem ók inn á Suðurlandsveg í veg fyrir annan jeppa sem ók í austurátt, og inn í hlið hins. Konan sem ók fyrrnefnda bílnum slasaðist mest, en einn úr hinum bílnum var fluttur á slysadeild með minniháttar áverka. Bílarnir eyðilögðust báðir.**

**Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gekkst konan undir aðgerð í gærkvöldi en ekki fengust upplýsingar um líðan hennar frá spítalanum.** - sh



**ÍSHELLIR** Hugmyndir eru uppi um að útbúa ísgöng og hella í Langjökli, þar sem þessi mynd er tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vilja grafa hella og ísgöng í Langjökul

**Ferðaþjónustuverkefni hefur verið kynnt fyrir bæjaryfirvöldum í Borgarbyggð. Icelandair Group er meðal aðstandenda. Verkefnið er enn á hugmyndastigi en gæti styrkt ferðaþjónustuna á Íslandi yfir vetrartímann.**

**NÁTTÚRA** Ísgöng og hellar í Langjökli gætu orðið nýjasta aðdráttaraflið fyrir ferðamenn á Vesturlandi ef hugmyndir aðila í ferðaþjónustunni verða að veruleika.

Verkfræðistofan Efla ásamt Icelandair Group og öðrum standa að undirbúningi verkefnisins, en vildu ekki tjá sig við Fréttablaðið enn sem komið er, þar sem málið er enn á hugmyndastigi.

Kynningarskjal varðandi verkefnið var sent bæjaryfirvöldum í Borgarbyggð í síðustu viku, en enn hefur ekki verið tekin afstaða til hugmyndanna. Búist er við að nánari kynning fari fram á næsta fundi umhverfis- og skipulagsnefndar sveitarfélagsins.

Samkvæmt kynningarskjalinu er nú unnið að því að kanna möguleika á byggingu ganga í jöklinum og stefna aðstandendur að því, að fengnum rannsóknarleyfum, að grafa rannsóknargöng um 150 til 200 metra inn í ísinn. Þar verður fylgst með ýmsum þáttum svo sem vatni, sigi í ísnum, sprungum og fleiri atriðum, til að skera úr um framtíðarmöguleika ganganna.

Næstu skref í verkefninu eru að stofna undirbúningsfélag til að halda utan um verkefnið. Icelandair Group hefur þegar ákveðið að leggja verkefninu til fjármagn, ef af verður, sem og Efla, en auk þess standa yfir viðræður við öflugt verktakafyrirtæki um að koma að verkinu. Einnig hefur Borgarbyggð verið boðið að koma að félaginu að einhverju leyti, til dæmis með aðstoð við undirbúning eða jafnvel fjárframlagi. Fyrst og fremst sé þó mikilvægt að fá sveitarfélagið að verkefninu til að „mynda sem öflugastan hóp um verkefnið“, eins og segir í fyrrnefndu skjali.

Þar segir einnig að verði verkefnið að veruleika, fái ferðafólk tækifæri til að upplifa Langjökul á nýjan hátt og fræðast auk þess um jökla og áhrif hnattrænnar hlýnunar. Verði verkefnið að veruleika, bjóði göngin einnig upp á margs konar rannsóknir og hafa Háskóli Íslands og Veðurstofa Íslands sýnt áhuga á að koma að verkefninu með einum eða öðrum hætti.

Enn er óvíst hvort verkefnið verði að veruleika, en í kynningarskjalinu segir að það falli vel að þeim áherslum sem hafa verið innan ferðaþjónustunnar, það er að auka ferðalög til Íslands um vetrartímann. thorgils@frettabladid.is



**NÝ OFURHETJA** Múslimadrengurinn breytist í ofurhetjuna Silfursporðdrekann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ólíkleg myndasöguhetja:

## Ofurhetja í hjólastól

**NEW YORK, AP Ólíkleg myndasöguhetja lítur brátt dagsins ljós, eða múslimadrengur í hjólastól með yfirnáttúruleg eiginleika.**

**Þessi nýja ofurhetja er hugarfóstur hóps ungra, fatlaðra Bandaríkjamanna og Sýrlendinga Fyrsta teikningin af ofurhetjunni sýnir múslimadreng sem hefur misst fótleggina eftir að hafa orðið fyrir jarðsprengju. Síðar meir breytist drengurinn í hetjuna Silfursporðdrekann eftir að hann uppgötvar að hann getur beygt málm með hugarorkunni einni saman.** - fb

Bandarísk skoðanakönnun:

## Kreppunni er ekki lokið

**EFNAHAGSLÍF** Sjötíu og fjögur prósent Bandaríkjamanna telja að kreppan sé enn við lýði í landinu samkvæmt nýrri skoðanakönnun á vegum sjónvarpsstöðvarinnar CNN.



**BARACK OBAMA**

Einn þriðji svarenda telur að kreppan sé alvarleg á meðan 29 prósent segja hana miðlungs slæma. Góðu tíðindin í könnuninni eru þau að þrettán prósent færri telja að kreppa sé í Bandaríkjunum en í sambærilegri könnun í ágúst. Stutt er síðan sjálfstæð samtök bandarískra hagfræðinga lýstu því yfir að kreppunni hefði tæknilega séð lokið í júní í fyrra. Almenningur virðist ekki vera á sama máli. - fb

Smáralind ekki lengur til sölu:

## Tveimur tilboðum hafnað

**VIÐSKIPTI Stjórn Fasteignafélags Íslands, eiganda Smáralindar, hefur komist að þeirri niðurstöðu að hvorugt kauptilboðið sem barst í Smáralind sé viðunandi og hefur þeim því báðum verið hafnað.**

**Þann 22. september voru opnuð tilboð í hlutafé Eignarhaldsfélagsins Smáralindar ehf. en það hefur verið í opnu söluferli frá því í apríl. Stjórnin taldi hvorugt tilboðið fýsilegt og hefur ákveðið að eignarhald Smáralindar verði óbreytt um sinn. Þó á að leita sölutækifæra síðar.**

Hefur ekki sannfæringu fyrir ráðherraákærum:

## Þingið stóð ekki í stykkinu

**ALÞINGI** Guðmundur Steingrímsson, þingmaður Framsóknarflokksins, telur ekki rétt að höfða sakamál á hendur fjórum fyrrverandi ráðherrum fyrir landsdómi.

Í þingumræðum í gær kvaðst hann ekki hafa sannfæringu fyrir málinu.

Flokkssystkini hans í þingmannanefndinni, Eygló Harðardóttir og Sigurður Ingi Jónsson, eru flutningsmenn tillögu um ákærurnar.

Guðmundur sagðist í ræðu sinni hafa skoðað umfjöllun á Alþingi um stöðu bankanna og hagkerfisins í aðdraganda hrunsins. Fátt ef nokkuð benti til þess að þingið hefði rækt eftirlits- og aðhaldshlutverk sitt.

Atli Gíslason, formaður þingmannanefndarinnar, mótmælti þeim orðum Guðmundar og benti á að VG hefði í mars 2005 gert grein fyrir hættumerkjum á lofti á hartnær 100 blaðsíðum.



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON** Telur þingið ekki hafa rækt skyldur sínar.

Síðari umræða um tillögu um ákærur á hendur ráðherrunum fyrrverandi hófst í gær. Eins og fyrri daginn tóku fjölmargir til máls. Voru ræður flestar í sama dúr og þær sem fluttar voru við fyrri umræðuna fyrir helgi.

Þegar fundi var slitið um kvöldmatarleytið í gær voru fimm á mælendaskrá. Búist var við því að atkvæði yrðu greidd um tillögurnar í dag eða á morgun. - bþs, sh



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 51042 09/10






+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug og flugvallarskattar aðra leiðina. Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar Icelandair fljúgi með vél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.

## GENGIÐ 27. 9. 2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,12 | 114,66 |
| Sterlingspund | 180,72 | 181,6 |
| Evra | 153,52 | 154,38 |
| Dönsk króna | 20,604 | 20,724 |
| Norsk króna | 19,404 | 19,518 |
| Sænsk króna | 16,758 | 16,856 |
| Japanskt jen | 1,3538 | 1,3618 |
| SDR | 176,22 | 177,28 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
195,8967

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vodafone og Græn framtíð styrkja SAFT með endurvinnsluátaki:

# Senda farsíma í endurvinnslu

**UMHVERFISMÁL** Í stað þess að henda gömlum eða ónothæfum farsímum í ruslið geta eigendur þeirra nú skilað þeim í söfnunarkassa sem komið hefur verið fyrir í verslunum Vodafone. Um er að ræða samstarfsverkefni milli Vodafone og Grænnar framtíðar, sem hefur umhverfisvernd að markmiði. Í stað þess að tækin endi á sorphaugum landsins eru þau flutt utan til fyrirtækja sem lagfæra þau, eða búa til nýja síma með því að sameina íhluti úr nokkrum tækjum í eitt.

Endurnýtingarfyrirtækin greiða fyrir tækin og rennur allur ávinningur til SAFT, vakningarátaks um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi.

Græn framtíð er íslenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í endurnýtingu á raftækjum og mun flytja símana út.

Hrannar Pétursson, talsmaður Vodafone, segist vonast til þess að viðskiptavinir og starfsfólk muni taka virkan þátt í verkefninu.

„Með því getur fólk látið gott af sér leiða í tvennum skilningi. Annars vegar til hagsbóta fyrir umhverfið og hins vegar með því að styðja frábært starf SAFT.“ - þj



**FARSÍMI** Vodafone og Græn framtíð standa að söfnun og endurnýtingu gamalla símtækja.

Sigurplast leggur upp laupana:

## 17 missa vinnu við gjaldþrotið

**VIÐSKIPTI** Plastverksmiðjan Sigurplast í Mosfellsbæ er gjaldþrota. Sautján störfuðu hjá fyrirtækinu, sem er fimmtíu ára gamalt og einn stærsti framleiðandi plastumbúða á landinu.

Fyrirtækið skuldar Arion banka 1,1 milljarð króna vegna gengisláns sem upphaflega var 334 milljónir.

Lögmaður Sigurplasts gagnrýndi bankann í fréttum Ríkisútvarpsins í gær og sagði fyrirtækið hafa mætt þar annarlegum sjónarmiðum. - sh



**HAFNARFJÖRÐUR** Rekstur Hafnarfjarðar var jákvæður um 441 milljón á fyrri helmingi ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jákvæður rekstur í Hafnarfirði:

## Hagstætt gengi skapaði afgang

**HAFNARFJÖRÐUR** **Rekstur Hafnarfjarðarbæjar var jákvæður um 441 milljón króna á fyrri helmingi ársins þegar litið er til bæði A- og B-hluta og 168 milljónir þegar aðeins er horft til A-hluta. Í tilkynningu frá Hafnarfirði segir að þessa jákvæðu niðurstöðu megi rekja til hagstæðrar gengisþróunar á tímabilinu.**

**Séu fjármagnsliðir undanskildir var rekstur A-hluta neikvæður um 301 milljón og rekstur samstæðu A- og B-hluta jákvæður um 25 milljónir króna.**

**Heildartekjur voru í samræmi við áætlanir, en laun voru hærri en ráðgert var.** - þj

### LEIÐRÉTTING

Í frétt blaðsins af niðurstöðu skoðanakönnunar um fylgi flokka í gær var ranglega fullyrt að 33 þingmenn þyrfti til að hafa meirihluta á Alþingi Íslendinga. Hið rétta er að 32 þingmenn þarf til að mynda meirihluta. Ríkisstjórnin héldi því velli samkvæmt skoðanakönnuninni ef gengið yrði til kosninga nú. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Hagar játa samráð og sættast á risasekt

**Hagar játa samráð um verðmerkingar og afsláttarkjör af kjötvörum. Sættast á 270 milljóna króna sekt og að láta af athæfinu. Segja samráðið hafa tíðkast í áratugi og ekki hækkað verð. Þáttur kjötframleiðendanna enn til rannsóknar.**

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur komist að þeirri niðurstöðu að verslanir Bónus, í eigu Haga, hafi átt í samráði við átta kjötframleiðendur um verðlagningu á kjötvörum. Hagar hafa viðurkennt sinn þátt í brotinu og gert sátt við Samkeppniseftirlitið, sem felur í sér greiðslu 270 milljóna króna sektar og loforð um að láta af athæfinu.

Málið snýst um svokallaðar forverðmerkingar, þegar vörur koma verðmerktar frá framleiðendum til smásala á borð við Bónus. Samráðið fólst einkum í samningum um að kjötframleiðendurnir merktu vörur sínar með hærra verði en neytendum stóð nokkru sinni til boða, svo Bónusverslanirnar gætu boðið þær á miklum afsláttarkjörum.

Samkeppniseftirlitið tilkynnti Högum og kjötvinnslufyrirtækjunum um þá frumniðurstöðu í júlí að samkeppnislög hefðu verið brotin, eftir umfangsmikla athugun, meðal annars á tölvupóstsamskiptum. Hagar leituðu eftir sátt í kjölfarið.

Þrátt fyrir að Hagar hafi gengist við samráðinu og samið um að greiða fyrir það háa sekt stendur rannsókn enn yfir á þætti fyrirtækjanna á hinum enda samráðsins – kjötframleiðendanna. Þeir eru Kjarnafæði, Síld og fiskur, Sláturfélag Suðurlands, Norðlenska, Kaupfélag Skagfirðinga, Kjötbankinn, Reykjagarður og Matfugl.

Í tilkynningu frá Samkeppniseftirlitinu segir að niðurstaðan auðveldi þá rannsókn og hafi breytingar á markaðnum í för með sér umfram annars hefði verið. Hagar hafi alltaf lagt á það áherslu að enginn ásetningur hafi staðið til þess að raska samkeppni.

Í tilkynningu frá Högum er fullyrt að þetta vinnulag hafi tíðkast í samskiptum kjötframleiðenda og smásala frá sjöunda áratug síðustu aldar og hafi ekki leitt til hærra verðlags fyrir neytendur. Þvert á móti hafi Bónus til dæmis veitt viðskiptavinum afslátt af smásöluverði sem nam 1.900 milljónum árið 2009.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir aðspurður að þessi rannsókn nái ekki til annarra smásala en Bónusverslananna. „Það verður svo bara að koma í ljós síðar hvort þörf sé á frekari aðgerðum af þessu tagi.

stigur@frettabladid.is




**KJÖTÁLEGG** Áleggið kemur verðmerkt í verslanir frá framleiðendum. Verslanirnar hafa síðan veitt afslátt af verðinu. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er að Bónus hafi haft ólögmætt samráð við framleiðendurna um þetta fyrirkomulag.

### Bíða Hæstaréttardóms í öðru máli

Þetta er ekki fyrsta háa sektin sem Högum er gert að greiða vegna brota á samkeppnislögum. Í desember 2008 sektaði Samkeppniseftirlitið Haga um 315 milljónir fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu á matvörumarkaði með því að selja mjólk á eina krónu í verðstríði við Krónuna í lok árs 2005. Það var þá hæsta sekt sem lögð hafði verið á fyrirtæki fyrir slíkt brot. Sektin hefur verið staðfest af áfrýjunarnefnd samkeppnismála og Héraðsdómi Reykjavíkur, en málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar sem á eftir að kveða upp dóm í málinu.



**LEITAÐ Í ÓDÝR FÖT** Áhrif af útsölum á fatnaði lita ekki verðbólgutölur nú, að mati IFS Greiningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Spá 4,0 prósenta verðbólgu:

## Gæti orðið jafnlág og árið 2007

**EFNAHAGSMÁL** **Verðbólga lækkar úr 4,5 prósentum í 4,0 prósent í mánuðinum, gangi verðbólguspá IFS greiningar eftir. Til samanburðar mældist 9,75 prósenta verðbólga fyrir ári. Síðast mældist sambærileg tólf mánaða verðbólga í september 2007.**

**Í verðbólguspá IFS segir að gert sé ráð fyrir að verð á fatnaði hækki minna en alla jafna í september, eða um fimm prósent í stað 8,3. Þá er reiknað með að skóverð hækki um eitt prósent í stað 2,2. Munar þar um að útsöluáhrif fjöruðu út í ágúst.**

**Hagstofan birtir tólf um vísitölu neysluverðs í dag.** - jab

Skal greiða skaðabætur:

## Braut bein í andliti konu

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sextugsaldri hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, þar af þrjá mánuði á skilorði, fyrir að slá konu og brjóta bein í andliti hennar. Var honum gert að greiða henni 400 þúsund í skaðabætur.

Atvikið átti sér stað í sumarbústað. Ofbeldismaðurinn gerðist nærgöngull við konur í bústaðnum. Hann reiddist þegar gerðar voru athugasemdir við hegðun hans og sló eina konuna tvívegis í andlitið með krepptum hnefa. - jss


kostur
Spörum og njótum lífsins
Opið alla daga 10-20
Mjólk
á tilboði alla þriðjudaga




Nýmjólk & léttmjólk 1L
75 kr/stk
Mikið úrval af frábærum tilboðum - líttu við
Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook


## VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

**VÆTUSAMT** eink- um um sunnan og vestanvert landið næstu daga en norðan til verður yfirleitt úrkomulítið. Það hvessir heldur suðvestan til er líður á kvöldið og má víða búast við allhvössum eða hvössum vindi í nótt og fyrri partinn á morgun.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 19° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 26° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 12° |
| París | 18° |
| San Francisco | 25° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# Ódýrt í matinn
## tökum slátur!



# SLÁTUR MARKAÐUR

í Hagkaup Skeifunni
til og með 27. október.

Afgreitt frá kl. 14 - 18*

ÓDÝRT OG GOTT!
Keppurinn á ca. 85 kr.

* Alla daga nema mánudaga og sunnudaga meðan birgðir endast

# ÓDÝRT Í HAGKAUP SKEIFUNNI

## Nautakjöt og grísakjöt í magnpakkningum

ÍSLANDS NAUT




### ½ Ungnautaskrokkur
Ca. 60-80 kg kjöt
Lund
File
Innralæri (roast beef)
Ribeye
Stroganoff
Snitsel
Gullas
Hamborgarar 14-18%
Hakk 10-14%

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI*

**1498**kr/kg
Aðeins í Skeifunni

### Nautakassi 1
Hakk 4 kg
Hamborgarar
20*100 gr stk.
Gúllas 2 kg
Snitsel 2 kg

**1449**kr/kg
Aðeins í Skeifunni

### Nautakassi 2
Hakk 3 kg
Hamborgara
20*100 gr stk.
Innralæri (roast beef)
ca. 2,5-3 kg kg
File ca. 2 kg

**1749**kr/kg
Aðeins í Skeifunni

ÍSLANDS GRÍS




### ½ Grísakjöt
Rifjasteikur 2 stk. 2,5-3 kg
Hnakkasneiðar ca. 1,5-2 kg
Kótelettur 4-5 kg
Bayonne skinka 1,5-2 kg
Bógur 2,5-3 kg
Hakk 4-5 kg
Steikur í neti úr læri
2 stk. x 3,5-4 kg

**949**kr/kg
Aðeins í Skeifunni

*Lánið ber 3% lántökugjald.

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að taka slátur?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 15,8% |
| NEI | 84,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú borðað þína eigin bráð?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Gengi hlutabréfa í Eik banka hrundi um helming vegna fjárhagsvandræða:

# Selja danska starfsemi sína

**VIÐSKIPTI** Gengi hlutabréfa í færeyska bankanum Eik banka hrundi um rúm fimmtíu prósent á dönskum hlutabréfamarkaði klukkustund eftir upphaf viðskipta í gær þegar greint var frá fjárhagsvanda bankans í skugga afskrifta. Hér féllu þau um 35 prósent. Þá tóku bankastjórarnir Marner Jacobsen og Bjarni Olsen poka sína ásamt Frithleif Olsen stjórnarformanni.

Í tilkynningu til Kauphallarinnar kemur fram að stjórnendur Eik banka eigi í viðræðum við dönsk fjármálayfirvöld þar sem ólíklegt er að hann standist lágmarkskröfur um eiginfjárhlutfall. Eftirlitið gerir kröfu um mörg hundruð milljónir danskra króna í afskriftir áður en ríkisábyrgð fyrir dönsku bankanna fellur úr gildi um mánaðamótin.



**ÆÐSTU STJÓRNENDUR FARNIR** Marner Jacobsen bankastjóri og Bjarne Olsen, formaður stjórnar Eik banka, hættu báðir störfum í gær.

Viðræður standa yfir við tvo fjárfesta um eiginfjárframlag, færeyska tryggingafélagið TF Holding og færeysku landstjórnina.

Eik banki er umsvifamesti banki Færeyja en rekur stærsta netbanka Danmerkur. Ákveðið hefur verið að selja dönsku starfsemina, að sögn danska dagblaðsins Børsen. **- jab**

### Tvö vond ár hjá Eik banka

Fjárfestingar og lánveitingar stjórnenda Eik banka hafa ekki gengið sem skyldi síðustu ár. Þungi þess sem færa þarf úr bókum bankans nú eru lán til fasteignaverkefna í Danmörku og farið hafa illa. Bankinn átti 8,44 prósenta hlut í Spron en varð að afskrifa 40 milljónir danskra króna úr bókum sínum í október 2008. Þá er bankinn meðal helstu hluthafa færeyska olíuleitarfélagsins Atlantic Petroleum. Gengi bréfa í félaginu hefur hrunið um tæp níutíu prósent síðastliðin tvö ár. Svipaða sögu er að segja um hlutabréf Eik banka, sem skráður er á hlutabréfamarkað hér og í Kaupmannahöfn.



**ÚRSLITUM FAGNAÐ** Stuðningsmenn forsetans ánægðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingkosningar í Venesúela:

# Chavez er ekki lengur einráður

**VENESÚELA, AP** Þótt stuðningsmenn Hugo Chavez, forseta Venesúela, hafi náð ótvíræðum meirihluta í þingkosningum um helgina, þá eru þeir ekki lengur með yfir 75 prósent þingsæta, sem dugði þeim til að keyra mótstöðulaust í gegnum þingið svo til hvaða mál sem þeim sýndist.

Þegar nánast öll atkvæði höfðu verið talin var Sósíalistaflokkur Chavez kominn með að minnsta kosti 95 þingsæti, en bandalag stjórnarandstöðuflokkanna hafði fengið að minnsta kosti 61 sæti á þinginu, sem skipað er 165 þingmönnum. **- gb**

Aðskilnaðarhreyfing Baska:

# Vill varanlegt vopnahlé

**MADRÍD, AP** **ETA, aðskilnaðarhreyfing Baska, er sögð vilja lýsa yfir varanlegu vopnahléi þar sem erlendir vopnaeftirlitsaðilar myndu koma við sögu.**

**Hreyfingin hefur ekki greint frá því hvort eftirlitsaðilarnir fái að fylgjast með hugsanlegri eyðileggingu vopnabúrs þeirra. ETA hefur engu að síður gefið það í skyn að hreyfingin sé tilbúin að ganga lengra en að lýsa eingöngu yfir vopnahléi. Fyrir þremur vikum lýsti ETA yfir sínu ellefta vopnahléi á síðustu fjörutíu árum. Orðið „varanlegt“ bar þá aldrei á góma auk þess sem samtökin ræddu ekki möguleikann á að vopnabúri þeirra yrði eytt.** **-fb**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Eldur í Hátúni**

Eldur kom upp í ruslageymslu í Hátúni 6 rétt fyrir klukkan fjögur í gær. Allt tiltækt slökkvilið var kallað á staðinn og gekk greiðlega að slökkva eldinn. Í fyrstu var óttast að eldurinn væri í þaki hússins enda tilkynntu sjónarvottar um reyk frá þakinu.

### Tveir þriðju landsmanna vilja leggja aðild fyrir þjóðaratkvæði

Spurt var: Hvort myndir þú heldur kjósa, að draga til baka umsókn um aðild að Evrópusambandinu, eða að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið og halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn?




# Flestir vilja ljúka viðræðum og kjósa

**Næstum tveir af hverjum þremur landsmönnum vilja að aðildarviðræðum við Evrópusambandið verði lokið og niðurstaðan lögð í dóm þjóðarinnar. Rúmur þriðjungur vill frekar draga aðildarumsóknina til baka.**

**KÖNNUN** Tæplega tveir af hverjum þremur sem afstöðu tóku í skoðanakönnun Fréttablaðsins vilja frekar að aðlidarviðræðum við Evrópusambandið verði lokið og málið lagt í dóm þjóðarinnar.

Alls vildu 64,2 prósent þeirra sem afstöðu tóku aðildarviðræðunum og halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn frekar en að draga umsókn um aðild til baka. Um 35,8 prósent voru þeirrar skoðunar að frekar ætti að draga umsóknina til baka.

Afgerandi meirihluti stuðningsmanna Samfylkingarinnar vill ljúka aðildarviðræðunum, alls 83,8 prósent. Alls sögðu 16,2 prósent þeirra sem sögðust myndu kjósa Samfylkinguna ef gengið yrði til kosninga nú að þeir vildu frekar draga umsóknina til baka.

Hjá stuðningsmönnum Vinstri grænna er einnig meirihluti fyrir þeirri leið, og vildu 63,6 prósent ljúka viðræðunum, en 36,4 prósent draga umsóknina til baka.

Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins eru klofnir í tvo svipað stóra hópa í afstöðu sinni til spurningarinnar. Alls vildu 53,6 prósent draga umsóknina til baka, en 46,4 prósent vildu ljúka aðildarviðræðunum og halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn.

Hlutföllin eru svipuð meðal stuðningsmanna Framsóknarflokksins, þótt munurinn á hópunum sé ívið minni. Alls vilja 52,2 prósent þeirra sem sögðust myndu kjósa flokkinn draga umsóknina til baka, en 47,8 prósent vilja frekar ljúka viðræðunum.

Ekki reyndist tölfræðilega marktækt að reikna afstöðu fylgismanna annarra framboða til spurningarinnar.

Lítill munur var á afstöðu kynjanna til aðildarviðræðna. Alls vilja 65,1 prósent karla sem afstöðu tóku ljúka viðræðunum, en 63,2 prósent kvenna.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 23. september. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvort myndir þú heldur kjósa: 1) Að draga til baka umsókn um aðild að Evrópusambandinu, eða 2) Að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið og halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn? Alls tóku 88,9 prósent afstöðu til þeirrar spurningar. **brjann@frettabladid.is**







Palestínumenn ræða mál landtökumanna á fundi með Arababandalaginu:

# Framhald friðarviðræðna í óvissu

**ÍSRAEL, AP** Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, sagði í Frakklandi í gær að stjórnin muni bíða í að minnsta kosti viku þangað til ákvörðun verður tekin um framhald friðarviðræðna við Ísrael.

Palestínumenn höfðu sagt friðarviðræðunum sjálfhætt ef byggingaframkvæmdir ísraelskra landtökumanna myndu hefjast aftur á herteknu svæðunum, en tíu mánaða framkvæmdabann rann út um helgina.

„Við ætlum ekkert að bregðast hratt við,“ sagði Abbas að loknum fundi hans með Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta í gær. Fyrst ætli hann að ræða málið við aðra leiðtoga Palestínumanna, og síðan muni þeir taka málið upp á fundi Arababandalagsins næstkomandi mánudag.



**DEILUR** Ísraelskir landtökumenn hafa komið sér fyrir á svæðum Palestínumanna og reist þar byggðir í stórum stíl, með hervernd frá Ísrael. NORDICPHOTOS/AFP

„Að þessum fundahöldum loknum getum við lagt fram greinargerð sem skýrir afstöðu Palestínumanna og araba til þessa máls, nú þegar Ísraelar hafa neitað að banna landtökuframkvæmdir lengur.“

Bæði Palestínumenn og Bandaríkjamenn höfðu lagt hart að Ísraelsstjórn að framlengja framkvæmdabannið svo viðræðum verði ekki stefnt í hættu. **- gb**

FRÁ BYRJENDUM TIL SÉRFRÆÐINGA

Tölvuskólinn heim til þín!



# Sérfæðinám
Haustönn 2010

## .NET 3.5 Forritunarnám « – þegar þér hentar

Í samstarfi við nokkra erlenda aðila bjóðum við nú upp á námsleið til undirbúnings nokkurra helstu prófgráða í forritun í Microsoft umhverfi.

**Innifalið í verði er:**

- 3 Microsoft sérfræðipróf (ásamt endurupptöku ef tekið fyrir lok júní 2011)
- Rafrænt námsefni frá Microsoft, bæði staðlað og sérsniðið
- Heilræði varðandi prófaundirbúning (Tips, Tricks & Links)
- Aðgangur að æfingaprófum frá MeasureUp
- Aðgangur að kennurum sem svara samstundis gegnum fjarnámsvef allan tíma sólarhrings.
- Grunnnámskeið í C# og .NET forritun

Kynningarfundur á náminu verður haldinn mánudaginn 11. október kl. 16:00.

**Verð með viðurkenningarprófum – 299.000**
**Verð án grunnnámskeiðs en með prófum– 229.000**

## Tölvuviðgerðir - Comptia A+ «

Eftirsótt og gagnleg alþjóðleg prófgráða frá CompTIA. Þetta nám hentar þeim sem vilja fá betri skilning á virkni tölvunnar, bæði hvað varðar vélbúnaðinn (A+ Core Hardware) og ýmis stýrikerfi (A+ OS Technologies)

A+ þekking er mjög góð undirstaða fyrir þá sem sinna viðhaldi og kerfisstjórn tölvubúnaðar hjá fyrirtækjum og stofnunum.

**Hefst 5. október - Lengd 50 std. Verð 99.000.-**

## Önnur sérfræðinámskeið framundan «

- **Exchange Server 2010**- Hefst 1. nóvember
- **Microsoft System Center Configuration Manager**- Hefst 18. október
- **SQL Server 2008** - Nokkur námskeið að hefjst

**Sjá nánar á vefnum okkar www.tsk.is**

## Cisco Námskeið - CCNA «

Cisco Certified Network Associate (CCNA) gráðan er talin ein sterkasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Námsbrautin er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá CISCO. Um er að ræða mjög gagnlegt og áhugavert nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda.

Námið hentar jafnt þeim, sem hafa grunnþekkingu í tölvu- og netkerfum og langar að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, sem og Microsoft tæknimönum sem vilja útvíkka þekkingu sína á netkerfum.

**Hefst 12. október - Lengd: 85 std . Verð kr. 259.000,-**
Innifalið er allt kennsluefni og ein próftaka.

## MCTS Kerfisstjórnun - grunnur «

Hér er um að ræða nýtt námskeið sem er kjörið sem undirbúningur fyrir þá sem vilja læra rekstur minni netkerfa en ekki síður sem grunnur fyrir þá sem hyggjast síðar stefna á MCITP Server 2008 gráðuna.

**Námið samanstendur af:**

- Innleiðing og stjórnun á Windows Small Business Server 2008 (50 stundir)
- Uppsetning og rekstur á Windows 7 stýrikerfinu (30 stundir)
- Nethögun, uppsetning,stilling og bilanagreining netkerfa (15 stundir)
- Hópaskipt raunverkefni í lok námskeiðs (15 stundir)

**Hefst 5. okróber - Lengd: 110 std.**
**Kynningarverð kr. 129.000**



CompTIA. Cisco Systems Microsoft SQL Server 2008

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • tsk@tsk.is • www.tsk.is

Könnun MMR leiðir í ljós andstöðu við núverandi fyrirkomulag á fiskveiðistjórnun:

# Sjö af tíu vilja að stjórnvöld afturkalli kvóta

**SJÁVARÚTVEGUR** Mikill meirihluti landsmanna er fylgjandi því að stjórnvöld afturkalli fiskveiðiheimildir og úthluti þeim aftur með breyttum reglum að því er fram kemur í nýlegri könnun MMR.

Alls sagðist 71 prósent svarenda hlynnt afturköllun, um 19 prósent voru andvíg og 10 prósent sögðust hvorki hlynnt né andvíg. Andstaða við núverandi kvótakerfi er talsvert meiri nú en áður, en í könnun sem MMR gerði í febrúar 2009 sagðist 61 prósent fylgjandi því að stjórnvöld afturkalli með einum eða öðrum hætti gildandi fiskveiðiheimildir og úthluti þeim að nýju með breyttum reglum.

Um 38 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokks eru fylgjandi afturköllun, en 59 prósent kjósenda Framsóknarflokks. Yfirgnæfandi meirihluti kjósenda Samfylkingar og Vinstri grænna, eða 93 og 96 prósent eru henni fylgjandi. Úrtakið í könnuninni var 854 einstaklingar úr hópi álitsgjafa MMR. Spurt var: Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að stjórnvöld afturkalli með einum eða öðrum hætti gildandi fiskveiðiheimildir og úthluti þeim að nýju með breyttum reglum? - þj

### Á að afturkalla fiskveiðiheimildir




## VEISTU SVARIÐ?



1 Leikrit um hvaða stórfyrirtæki var frumsýnt um helgina?

2 Hvaða ráðherraembætti gegnir Dr. Farooq Abdullah í ríkisstjórn Indlands?

3 Hvaða áfengistegund á að framleiða úr Gvendarbrunnavatni?

**SVÖR**

1. Enron. 2. Hann er orkumálaráðherra. 3. Vodka.

Ákærður prestur tjáir sig:

# Segist ekki hafa misnotað pilta

**GEORGÍA, AP** Presturinn Eddie Long frá Georgíu í Bandaríkjunum hefur neitað ásökunum um að hafa misnotað fjóra unga menn kynferðislega og lokkað þá til sín með gjöfum.

Long ætlar að halda áfram að stjórna baptistakirkju sinni.

„Ég hef aldrei litið á mig sem fullkominn mann en ég er ekki þessi náungi sem sjónvarpið telur mig vera,“ sagði Long í ræðu sem hann hélt fyrir troðfullri kirkju í Georgíu.

Long er fjögurra barna faðir sem hefur verið andvígur hjónaböndum samkynhneigðra. Á síðustu tuttugu árum hefur hann fest sig í sessi sem einn áhrifamesti sjálfstæði kirkjuleiðtogi Bandaríkjanna. Mál hans hefur vakið mikla athygli vestanhafs. - fb

Rétt skriðinn af fermingaraldri – að eigin sögn:

# Víðir sá yngsti til að taka sæti á Alþingi



VÍÐIR SMÁRI PETERSEN

**ALÞINGI** Víðir Smári Petersen tók sæti á Alþingi í gær í fjarveru Jóns Gunnarssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins. Víðir er þar með yngsti þingmaður sögunnar – 21 árs og 319 daga gamall. Hann mun sitja á þingi fram að þinglokum í vikunni.

„Það greip mig svolítil óraunveruleikatilfinning þegar ég var að labba í vinnuna í morgun – á Alþingi,“ segir Víðir í samtali við Fréttablaðið. Það sé heiður að fá að setjast á þing, einkum þegar verið er að ræða jafnstórt mál og hugsanlegar ákærur á hendur fyrrverandi ráðherrum.

„Það gætu einhverjir reynt að benda á reynsluleysi mitt – ég er náttúrulega nánast rétt skriðinn af fermingaraldri – en maður er nú búinn að vera að grúska í mannréttindum og ég er að skrifa meistararitgerðina mína um þau mál,“ segir hann. „Og þetta mál snýst að miklu leyti um mannréttindi,“ segir hann um landsdómsmálið.

Víðir er meistaranemi í lögfræði og hefur starfað með skóla á lögfræðistofunni LEX. Þá var hann blaðamaður á Fréttablaðinu tvö sumur. Hann flutti jómfrúarræðu sína á Alþingi á sjöunda tímanum í gær. - sh




**MIKIL AUKNING** Sala neftóbaks hefur stóraukist síðustu ár og má tengja við aukna munntóbaksnotkun ungra karla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fimmti hver piltur tekur tóbak í vörina

**Um 24 tonn af neftóbaki seldust á árinu 2009 sem er tvöföldun frá árinu 2003. Tengist aukinni munntóbaksnotkun. Lýðheilsustöð hefur áhyggjur af þróuninni. Ungir karlmenn í miklum meirihluta notenda.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sprenging hefur orðið í sölu neftóbaks hér á landi síðustu ár. Samkvæmt sölutölum ÁTVR seldust í fyrra 23,8 tonn af neftóbaki, sem er rúm tvöföldun frá árinu 2003 þegar 11,6 tonn seldust.

Eftir hæga en stöðuga aukningu á milli áranna 1999 og 2003 stórjókst sala ár frá ári, en aldrei líkt og síðasta ár, þar sem varð aukning upp á fjögur tonn frá árinu 2008.

Samhliða þessari magnaukningu hefur hlutfall neftóbaks í heildartóbakssölu ÁTVR líka verið stígandi. Á síðasta ári nam neftóbakssala 184,5 milljónum króna.

Þessa miklu aukningu má tengja við stóraukna munntóbaksnotkun á síðustu árum.

Rannsóknir Lýðheilsustöðvar leiða í ljós að tæp 20 prósent pilta á aldrinum 16 til 23 ára nota munntóbak, þar af notar mikill meirihluti íslenskt tóbak í þeim tilgangi. Innflutningur á sænsku tóbaki er ólöglegur, en um árabil þreifst hér markaður með smygl, sem hefur minnkað verulega síðustu ár.

Það sýna tölur frá Tollgæslunni sem gerði tæp 78 kíló af tóbaki, öðru en vindlum og sígarettum, upptæk í fyrra, í samanburði við 180 kíló árið 2007.

Þessi þróun hefur heldur ekki farið fram hjá Viðari Jenssyni, verkefnisstjóra hjá Lýðheilsustöð, sem segir aukninguna mikið áhyggjuefni, þar sem sannað þykir að neysla munntóbaks sé mjög ávanabindandi.

„Notendur eru jafnan með tóbak í vörinni lengst af dags. Auk þess sýna rannsóknir fram á að við notkun munntóbaks verður mikil inntaka á nikótíni og jafnvel meiri en við reykingar.“

Í dreifiriti Lýðheilsustöðvar er einnig vitnað í sænska rannsókn þar sem kemur m.a. fram að munntóbaksnotkun má tengja við ýmis konar sjúkdóma og kvilla. Benda sumar jafnvel til aukinnar hættu á krabbameini í munnholi. Til að bregðast við vandanum hefur nýju átaki verið hleypt af stokkunum þar sem Lýðheilsustöð, KSÍ og Jafningjafræðslan munu taka höndum saman til að stemma stigu við munntóbaksnotkun meðal ungra knattspyrnuiðkenda.

thorgils@frettabladid.is

### Sala nef- og munntóbaks








Göngum til góðs
Rauði kross Íslands

Gakktu með í klukkustund laugardaginn 2. október

Landssöfnun Rauða kross Íslands gerir félaginu kleift að byggja athvörf í Malaví fyrir börn sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis, gefa þeim eina heita máltíð á dag og veita þeim fræðslu. Í Síerra Leóne aðstoðar Rauði krossinn stríðshrjáð börn, endurhæfir barnahermenn og veitir þeim tækifæri til að losna úr viðjum borgarastyrjaldar.

Skrefin til góðs eru einföld:

1 Mættu á söfnunarstöð í þínu hverfi á laugardaginn
Taktu einhvern með þér – það er miklu skemmtilegra!

2 Þar færðu bauk og götu til að ganga í
Gerðu ráð fyrir u.þ.b. klukkutíma

3 Þú skilar bauknum á söfnunarstöðina
– og líður miklu betur eftir góðverk dagsins!

Hvetur Íslendinga til að ganga til góðs

Skráðu þig á raudikrossinn.is

# Slátur-markaður

## Ódýr heimilismatur!

### 25 skammtar úr einu slátri




Þegar þú tekur slátur ertu að fá mikinn mat fyrir lítinn pening auk þess sem sláturgerð er mikil skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Sláturmarkaðurinn er opinn þriðjudaga - laugardaga.

Þú færð allt hráefni og öll áhöld til sláturgerðar í Nóatúni. Lærðu að taka slátur á www.noatun.is í sérstöku myndbandi eða fáðu kennslubækling gefins í næstu Nóatúns verslun.

DAG Nótt noatun.is 24·7 NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

EXPO • www.expo.is



**KONUNGLEG HEIMSÓKN** Friðrik, krónprins Dana og Mary krónprinsessa, heimsóttu þýsku borgina Stralsund í gær og skoðuðu þar mörgæsir. NORDICPHOTOS/AFP

Ed Miliband, nýr leiðtogi breska Verkamannaflokksins, ætlar að stokka upp:

# Segir skilið við arfleifð Blairs

**BRETLAND, AP** Ed Miliband, nýkjörinn leiðtogi Verkamannaflokksins í Bretlandi, segir að arfleifð Tonys Blair eigi að heyra sögunni til.

Nú þurfi Verkamannaflokkurinn að koma nýrri kynslóð stjórnmálamanna á þing, sem lausir eru undan byrði Íraksstríðsins og fjármálakreppunnar.

„Nýi Verkamannaflokkurinn átti rétt á sér á sínum tíma og við munum halda eftir ýmsu úr þeirri stefnu, eins og til dæmis þeirri hugmynd að höfða til allra hópa þjóðfélagsins,“ sagði nýi formaðurinn. „En þessi stefna flæktist í ákveðnum stjórnmálastíl og varð föst í eigin sjálfsöryggi.“

Hann segist ætla að forðast bæði dekur Blairs við viðskiptaheiminn og skilyrðislausan stuðning hans við Bandaríkjastjórn, en sagði þó ekkert hæft í þeirri gagnrýni að hann verði of vinstrisinnaður.

Ed vann í leiðtogakjöri flokksins um helgina sigur á bróður sínum, David, sem var utanríkisráðherra í stjórn Gordons Brown og hafði lengi þótt líklegur til að taka við forystu í flokknum. - gb



**ED OG DAVID MILIBAND** Takast í hendur eftir að David flutti ræðu á landsfundi Verkamannaflokksins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stálu útivistarfatnaði:

## Rændu með hulin andlit

**LÖGREGLUMÁL** Þrír þjófar, með hulin andlit, brutust inn í verslunina við Geysi í Haukadal um klukkan 02.40 aðfaranótt laugardags.

Þeir létu greipar sópa og höfðu á brott með sér talsvert magn af verðmætum útivistarfatnaði. Þjófarnir létu ekki þar við sitja heldur komu aftur tæpri klukkustund síðar og tóku meira af fatnaði sem að megninu til er frá 66° norður. Innbrotið uppgötvaðist þegar starfsfólk kom til vinnu á laugardagsmorguninn. - jss

Tilraunaborun á Reykjanesi:

## Beðið mælinga á borholu

**ORKUMÁL HS orka bíður nú lokaniðurstöðu úr tilraunaborun á Reykjanesi, en um næstu mánaðamót ætti að verða ljóst hvort hægt verði að nota borholuna til orkuöflunar fyrir væntanlega stækkun Reykjanesvirkjunar.**

**Að sögn Júlíusar Jónssonar, forstjóra HS orku, er holan á jarðhitasvæðinu.**

**„Hitinn er til staðar, en það er spurning hvort hún sker nógu mikið af sprungum til að verða vinnsluhola, en annars verður hún niðurdælingarhola.“**

**Stækkun Reykjanesvirkjunar er ein forsenda í orkuöflun fyrir væntanlegt álver í Helguvík.**

**Framleiðsla orku frá Reykjanesvirkjun hófst í maí árið 2006. Virkjunin samanstendur af tveimur 50 MW tvístreymishverflum.** - þj

Maria Damanaki, sjávarútvegsstjóri ESB, vill ekki tengja aðildarviðræður og makríldeilu:

# Telur makrílveiðar Íslands og Færeyja óviðunandi

**SJÁVARÚTVEGUR** „Einhliða makrílkvótar Færeyinga og Íslendinga eru ekkert minna en óviðunandi,“ sagði Maria Damanaki, sjávarútvegsstjóri ESB, á blaðamannafundi eftir að sjávarútvegsráðherrar ESB-ríkjanna höfðu rætt makríldeiluna á fundi í gær. Damanaki sagði veiðarnar langt umfram það sem löndin gætu krafist enda hefði Evrópusambandsríki og Noregur byggt upp makrílstofninn. Hún fullyrðir að veiðar Íslendinga og Færeyinga grafi undan tilraunum til að byggja upp sterkan makrílstofn.

Damanaki sagði ESB tilbúið í átök vegna málsins en tók fram í ræðu sinni að framkvæmdastjórn ESB tengi deilurnar um makrílveiðar ekki við aðildarviðræður Íslands við sambandið.

Ræða Damanaki kom í kjölfar fundar landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra ESB en þar voru veiðar Íslendinga og Færeyinga fordæmdar. Ráðherrarnir gáfu Damanaki skýrt umboð til að halda áfram samningaumleitunum í deilunni.

Richard Lochhead, sjávarútvegsráðherra Skotlands, sat fundinn fyrir hönd Bretlands. Hann sagði að ESB hefði sent skýr skilaboð um að veiðarnar yrðu ekki liðnar. Það yrði að koma í veg fyrir að þjóðir tækju sér einhliða kvóta úr tegundinni til að vernda þau samfélög sem á hana treysta. - shá

### Ofveiði Skota og Íra gríðarleg

Skosk og írsk fiskiskip veiddu tæplega 200 þúsund tonn af makríl og síld umfram kvóta á árunum 2001-2005. Þetta kemur fram í fylgigögnum með reglugerð ESB frá 2007. Reglugerðin tekur til skerðingar á kvóta breskra og írskra fiskiskipa á árunum 2007-2012 til að mæta ofveiðinni á fyrrgreindu tímabili.

Í gögnum með reglugerðinni, þar sem ofveiðin er greind eftir veiðisvæðum, kemur fram að alls veiddu skosk og írsk fiskiskip um 151.000 tonn af makríl umfram kvóta á tímabilinu og enn fremur um 44.000 tonn af síld. Skotar veiddu 117.500 tonn af makríl umfram kvóta en Írar 33.500. Skotarnir sátu hins vegar einir að umframveiði í síldinni. - shá



**MARIA DAMANAKI** Fordæmir makrílveiðar Íslendinga en vill ekki blanda þeim við aðildarviðræðurnar. NORDICPHOTOS/AFP




Innbrot í fimm sumarbústaði:

## Stálu sófasetti úr veiðihúsi

**LÖGREGLUMÁL Tilkynnt var um innbrot í fimm sumarbústaði í og við Hestvík í Grafningi í síðustu viku. Þjófarnir virðast fyrst og fremst hafa stolið rafmagnstækjum eins og sjónvarpstækjum, hljómflutningstækjum og eldhústækjum.**

**Þá var brotist inn í veiðihús við Hlíðarvatn í Selvogi í liðinni viku og þaðan stolið nýlegu sófasetti. Svo vill til að fyrr á þessu ári var brotist inn í þetta sama hús og sófasetti stolið. Búi einhver yfir upplýsingum varðandi þessi innbrot er sá beðinn að hafa samband í síma 480 1010.** - jss



**BARNI BJARGAÐ** Slökkviliðsmenn og hermenn í Hondúras hjálpa barni í björgunaraðgerð sem farið var í eftir að Ulua-áin flæddi yfir bakka sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fellibylur í Hondúras:

## Sex þúsund flúðu heimilin

**GUATEMALA,AP** Fellibylurinn Matthew gekk yfir Mið-Ameríku og suðurhluta Mexíkó um helgina.

Í Hondúras þurftu að minnsta kosti 6.600 manns í átta héruðum að yfirgefa heimili sín auk þess sem níu brýr skemmdust vegna flóða. Yfir fimm hundruð manns þurftu einnig að yfirgefa heimili sín í Gvatemala og þjóðvegum var lokað. Mikil rigning hefur verið í Gvatemala undanfarna mánuði og hafa 274 manneskjur dáið af völdum hennar. Mannvirki hafa einnig skemmst og er tjónið metið á um 120 milljarða króna. - fb

# Mjólk er góð






# Dass af nýyrðum

Í nýju málræktarátaki Mjólkursamsölunnar sem nú gefur að líta á mjólkurfernum landsmanna er á gamansaman hátt fjallað um nýyrði í íslensku. Mjólkursamsalan býður landsmönnum að velja sitt uppáhaldsnýyrði á **www.ms.is**.

Allir sem taka þátt í valinu eiga möguleika á að vinna lestölvu (iPad frá Apple) eða Íslenska orðabók.

Leggðu endilega orð í belg!

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL

**www.ms.is**

ENNEMM / SÍA / NM43349



LANDSFUNDARFULLTRÚAR HITTAST Í PJONGJANG Þrjátíu ár eru liðin frá síðasta landsþingi Kommúnistaflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landsþing Kommúnistaflokks N-Kóreu kemur saman:

# Arftaki Kim Jong-Il líklega kynntur

**NORÐUR-KÓREA, AP** Félagar í Kommúnistaflokki Norður-Kóreu komu saman í gær í höfuðborginni Pjongjang til að undirbúa landsþing flokksins, sem hefst í dag. Almennt er reiknað með að Kim Jong-Il, leiðtogi flokksins, muni kynna þar yngsta son sinn, Kim Jong Un, sem arftaka sinn.

Kim er talinn þjást af ýmiss konar kvillum. Hann hafi nýlega veikst alvarlega og þótt hann hafi náð sér á strik eftir það sé nauðsynlegt að fara að huga að arftaka hans og búa þjóðina undir mannaskiptin.

Kommúnistaflokkur Norður-Kóreu hefur að venju fátt látið uppi um áform sín, þannig að í sjálfu sér er ekki vitað hvort Kim hyggst kynna arftaka sinn eða hver hann verður.

Landsþing Kommúnistaflokksins hefur hins vegar ekki verið kallað saman síðan 1980, þegar Kim var sjálfur fyrst kynntur til sögunnar sem arftaki föður síns, Kim Il-sung. Hann tók þó ekki við völdum fyrr en faðir hans lést árið 1994.

Sumir sérfræðingar í málefnum Norður-Kóreu telja hugsanlegt að Kim Kyong Hui, systir núverandi leiðtoga, verði fengin til að vera bróðursyni sínum innanhandar þangað til hann tekur við. - gb

Forstjóri Haga segir Arion banka ekki ætla að afskrifa:

# Segir skuldsetningu vera viðráðanlega

**VIÐSKIPTI** Arion banki hefur ekki afskrifað neinar skuldir Hagasamstæðunnar né stendur til að gera það, að sögn Finns Árnasonar, forstjóra Haga.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að skuldsetning Haga væri slík að Arion banki gæti ýmist þurft að afskrifa eitthvað af skuldum eða breyta þeim í hlutafé eigi að gera félagið álitlegan kost í augum fjárfesta. Finnur segir það einfaldlega rangt.

Í Fréttablaðinu var stuðst við óformlegt verðmat greiningarfyrirtækisins IFS. Þá var bent á að Hagar eru með þrettán milljarða lán á gjalddaga eftir tvö ár og eiginfjárhlutfallið 10,3 prósent, sem sé mjög lágt.

Finnur segir skuldsetninguna viðráðanlega miðað við afkomu félagsins og umsvif. Lánið sé til sex ára og skiptist í þrjá hluta. Þá sé ljóst að þær skipulagsbreytingar, sem ráðist hafi verið í undanfarið, bæti eiginfjárstöðuna.



FINNUR ÁRNASON Forstjóri Haga segir skuldsetningu fyrirtækisins vel viðráðanlega. Ekki standi til að afskrifa skuldir.

„Hagar eru eina fyrirtækið sem var með skráð skuldabréf í Kauphöllinni og stóð við allar skuldbindingar á gjalddaga. Félagið hefur staðið við allar sínar skuldbindingar og ekki verið í vanskilum,“ segir hann og reiknar með að Arion banki muni innan þriggja vikna greina frá tilhögun við skráningu félagsins á markað. - jab




**FRÉTTAVIÐTAL:** Hvaða þýðir innganga Íslands í Evrópusambandið?

# Þjóðarframleiðsla ykist um 6 til 7% innan ESB

**Aðild að Evrópusambandinu þýddi umtalsverðar hagsbætur fyrir Ísland og það gæti haft meiri áhrif á ESB-lög. EES veitir ekki sömu efnahagslegu og pólitísku kosti. Þjóðarframleiðsla yrði sex til sjö prósentum meiri innan sambands en utan. En það má alls ekki leyfa rányrkju ESB á íslenskum miðum. Þetta segir í nýútkominni bók um kosti Íslands á 21. öld.**



MATVÆLAÖRYGGI Dr. Magnús Bjarnason segir að aðild að ESB þýði að bændur þurfi að hagræða. Stóra málið sé sjávarútvegurinn. Í aðildarviðræðum þurfi að loka fyrir alla möguleika á mistökum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þrátt fyrir að íslenska ríkið myndi leggja um 0,25 prósentum meira til sameiginlegra sjóða Evrópusambandsins en ESB legði til Íslands, yrði þjóðarframleiðsla Íslands um sex til sjö prósentum meiri innan ESB en utan, eftir einn til tvo áratugi. Þetta er að því gefnu að góðir samningar náist um nauðsynlega vernd fiskistofna Íslands, en í væntanlegum aðildarsamningi þurfa að vera skýr ákvæði gegn rányrkju þeirri sem verið hefur innan ESB.

Þetta kemur fram í nýútkominni bók dr. Magnúsar Bjarnasonar, sem Háskólinn í Amsterdam gefur út, en þar má lesa doktorsvörn Magnúsar, sem er stjórnmálahagfræðileg greining á kostum og göllum hugsanlegrar aðildar landsins að ESB.

„Þessar tölur eru háðar því skilyrði að fiskveiðimálunum sé ekki klúðrað. Þetta er sambærilegt við Icesave-málið. Ef það liggur svo mikið á að semja að við semjum um hvað sem er getum við farið jafn illa út úr því og á að standa fyrir utan bandalagið,“ segir Magnús.

### Ekki verði gengið á auðlindina

Hann segir að sjávarútvegsmálin snúist ekki fyrst og fremst um hverrar þjóðar þeir eru sem veiða fiskinn heldur fyrst og fremst að ekki sé gengið á auðlindina.

„Á meðan fiskinum er landað á Íslandi skapar það íslenska atvinnu en vandamálið er að hjá ESB hafa þeir veitt meira en stofnarnir þola og þeir eru að eyðileggja auðlindina,“ segir hann.

Framkvæmdastjórn ESB viti vel að innan ESB sé rányrkja í sjávarútvegi. En ákvörðunin sé pólitísk.

„Þetta þarf því að negla niður í aðildarsamningi, ekki „þegar þar að kemur“, því lausnin er alltaf sú að það er veitt meira en stofnarnir þola. Þetta er ekki bara efnahagsmál heldur umhverfismál líka,“ segir Magnús og bendir á að afli ESB-landa hafi rýrnað síðustu ár, um leið og bandalagið hafi stækkað og tækni til að finna fiskinn hafi batnað. Kveða þurfi á um að tillögum vísindamanna um hámarksafla verði fylgt.

Magnús hefur ekki áhyggjur af því að aðrir en Íslendingar færu að veiða innan lögsögunnar, svo lengi sem kvótinn væri fullnýttur af Íslendingum. Öðrum kosti gæti komið þrýstingur um að hleypa öðrum að. „Þess vegna er mikið atriði fyrir smáríki að þetta sé neglt niður nákvæmlega,“ segir hann. Þetta verði erfitt úrlausnarefni.



MAGNÚS BJARNASON

### Hagkvæmari landbúnaður

Langur kafli er í bók Magnúsar um landbúnaðarmál og kemst hann að þeirri niðurstöðu að inngangа myndi lækka matvælaverð á Íslandi, en bændur á óhagkvæmum býlum þyrftu að fara í arðbærari rekstur.

„Landbúnaðurinn er lítill hluti af þjóðarframleiðslunni en engu að síður er þetta matur, og hann má ekki bregðast. Það er oft talað um matvælaöryggi en á móti kemur að innlend framleiðsla er gjörsamlega háð innflutningi. Öll olía og allir traktorar og annað er innflutt. Það er alveg útilokað að segja að við ætlum að skerma okkur frá umheiminum og vera sjálfum okkur nóg,“ segir hann.

Aðild krefst endurskipulagningar og hagræðingar í landbúnaði, segir í bókinni, og Magnús telur að bændur þurfi að taka sig á. Þróunin í ESB hafi verið að býlin stækki þegar ríki ganga inn.

„Í staðinn fyrir að þetta séu svona hokurkarlar, bændur með nokkrar kindur, þá stækka búgarðarnir, eins og var hjá okkur á landnámsöld, og eru jafnvel með menn í vinnu til að plægja akra og slíkt,“ segir Magnús.

> Það er alveg ljóst að það er hægt að ganga úr bandalaginu aftur

Landbúnaðarstefna í ESB og á Íslandi sé svipuð, að því leyti að í hana sé dælt almannafé og verði haldið uppi með tollamúrum. Hér séu 2/3 hlutar framleiðslunnar styrktir en í ESB þriðjungur. Magnús segir þetta réttlætanlegt, enda verði að tryggja landbúnaðarframleiðslu af öryggisástæðum.

Gott væri til öryggis að hafa heimild, eins og Finnar, um að styðja við landbúnað umfram það sem ESB gerir, en ekki endilega skynsamlegt að nýta heimildina.




### Ekki hlaupið í myntbandalag

Um aðild að evru skrifar Magnús að hún yrði landinu mjög jákvæð. Efnahags- og myntbandalag við ESB geti skilað umtalsverðri aukningu þjóðarframleiðslu.

„En efnahagsmálin á Íslandi þurfa fyrst að vera í lagi. Við þurfum að uppfylla skilyrði um að verðbólgan sé í lagi, að vaxtastig og ríkisfjármál séu í lagi. En þetta er allt í ólagi sem stendur,“ segir hann. Ekki sé hægt að taka evru upp einhliða.

### Ábyrgð stjórnmálamanna mikil

Í bókinni reifar Magnús að smáríkið Ísland geti í samvinnu við önnur smáríki aukið samningsgetu sína innan ESB. Núverandi ástand, þar sem fulltrúar landsins hafa lítið um nýja ESB-löggjöf að segja, áður en hún tekur gildi í landinu, sé verra en að taka fullan þátt í samningu laganna eins og ESB-ríki gera.

Magnús telur að það væru mistök að hætta við aðildarviðræðurnar.

„Ég er þeirrar skoðunar að það skuli fullreyna hvort hægt sé að ná viðunandi samningi um sjávarútvegsmálin. En ekki skrifa undir hvað sem er. Það liggur ekki svo mikið á. Frekar að nota tvö til þrjú ár í viðbót til að semja en að komast að því eftir tuttugu ár að við séum búin að rústa fiskimiðin,“ segir hann.

Fólki hafi ekki órað fyrir því á sínum tíma að frjálst flæði fjármagns í EES-samningnum gæti þýtt að allt yrði mjólkað út úr bönkunum og yfirvöld skilin eftir með ábyrgðina. Því þurfi að gaumgæfa vel öll hugsanleg göt í samningnum.

Verði reynsla Íslendinga af inngöngunni slæm sé þó alltaf hægt að ganga úr Evrópusambandinu aftur, og í góðu.

„Það er alveg ljóst að það er hægt að ganga úr sambandinu aftur og það var neglt í Lissabonsamningnum skýrar en áður. Þar er gert ráð fyrir því að ef ríki fari úr því verði gerðir vinveittir samningar við það, ríkið fari ekki á kaldan klaka,“ segir Magnús að lokum. Hins vegar sé ekki fullkomlega ljóst hvort hægt yrði að taka aftur upp óbreyttan EES-samninginn.

Klemens Ólafur Þrastarson
klemens@frettabladid.is



HYUNDAI

## NÝR OG GLÆSILEGUR HYUNDAI

# i20




Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai í dag!

## i20

Í hreinskilni sagt, hversu stóran bíl þarftu í raun og veru? Heimsókn í sýningarsalinn okkar gæti orðið til þess að þú svarir öðruvísi en hingað til. Hyundai i20 er ekta ofursmábíll, sparneytinn og lipur en svo miklu stærri en þú heldur. Komdu og reynsluaktu Hyundai i20, hann á eftir að koma þér á óvart.

Verð frá: **2.540.000 kr.**

**Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**

### i30



i30 er rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll.

**Verð frá 2.690.000 kr.**

### ix35



ix35 er nýr sportjeppi sem er að slá öll sölumet í Evrópu.

**Verð 4.990.000 kr.**

**B&L og Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

INGVAR HELGASON

ENNEMM / SIA / NM42716

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gömlu flokkarnir njóta ekki trausts og hafa ástæðu til að óttast kosningar.

# Kjósendur opnir fyrir nýjungum

Ýmsar ályktanir er hægt að draga af niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins á fylgi flokkanna, sem sagt var frá í gær. Í fyrsta lagi vekur það athygli að þrátt fyrir að stjórnarflokkarnir séu ósammála um mörg stærstu málin í íslenzkri pólitík, hver uppákoman reki aðra í stjórnarsamstarfinu og ýmis mikilvæg mál sitji föst vegna þess að ríkisstjórnin hefur í raun ekki þingmeirihluta fyrir þeim, styður áfram um helmingur þeirra sem afstöðu taka stjórnarflokkana. Þetta bendir til að stjórnarandstöðunni hafi mistekizt að nýta sér veikleikana í stjórnarsamstarfinu og bjóða upp á trúverðugan valkost. Þetta er ekki gæfulegt ástand, allra sízt þegar þjóðin þarf svo sárlega á því að halda að haldið sé af festu um stjórnartaumana og framtíðarsýnin sé skýr.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í öðru lagi kemur vantrúin á flokkunum fram í því að nærri annar hver kjósandi hefur ekki þá trú á neinum flokki, að hann treysti sér til að nefna hann. Um helmingur svarenda tók þannig ekki afstöðu.

Líkast til er óþolið gagnvart hinum hefðbundnu flokkum líka ástæðan fyrir því að fylgi Hreyfingarinnar tekur skyndilegan kipp, eftir að litið hafði út fyrir að flokkurinn væri að deyja út.

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, segir í Fréttablaðinu í gær að niðurstöður könnunarinnar sýni meðal annars að jarðvegur geti verið fyrir nýtt framboð á borð við Bezta flokkinn, sem vann ótrúlegan kosningasigur í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík síðastliðið vor.

Sigur Bezta flokksins sýnir þeim sem gætu viljað ögra gamla fjórflokkakerfinu hverju er hægt að áorka, jafnvel án pólitískrar reynslu, efnismikillar stefnu eða mikilla fjármuna. Kjósendur eru einfaldlega opnir fyrir nýjungum.

Grundvöllur nýrra framboða getur verið margs konar. Flokkur, sem byði fram hæft fólk undir merkjum siðbótar í stjórnmálum gæti líkast til náð árangri. Sama má segja um framboð, sem nýtti sér að ýmis stór mál kljúfa einn eða fleiri flokka. Niðurstöður úr könnun Fréttablaðsins, sem birtar eru í dag, sýna til dæmis að Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur eru klofnir nokkurn veginn til helminga um afstöðuna til aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Miðju-hægriflokkur sem hefði á dagskrá að ljúka aðildarviðræðum og ná fram góðri niðurstöðu fyrir Ísland gæti nýtt sér það. Sama má segja um Evrópusinnaðan umhverfisflokk, sem miðað við niðurstöðu könnunarinnar gæti náð fylgi af Vinstri grænum.

Allt gefur þetta hefðbundnu flokkunum ástæðu til að forðast þingkosningar eins og heitan eldinn. En hvað geta þeir gert til að vinna traust kjósenda á ný? Benda umræðurnar á Alþingi, ekki aðeins um Landsdómsmálið heldur ýmis önnur mál, til að flokkarnir séu þess trausts verðir?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

ÁLAFOSS KÓRINN
STOFNAÐUR ÁRIÐ 1980

**Óskar eftir hressum söngfélögum í allar raddir.**

**Sópran, Alt, Bassa og Tenó. Í amstri lífsins er svo gott að gleyma sér og vera glaður vinhópi í HRE.**

Markmið kórsins er að skemmta sér og öðrum með söng og gleði ásamt ferðalögum innanland sem utanlands.

Stjórnandi Kórsins er Magnús Kjartansson hljómlistamaður.

Komið í kaffisopa og spjall í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ miðvikudaginn 29. september nk. kl: 20.00.
Upplýsingar í síma 862 1600 Hjördís og 898 9998 Ásgeir

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Æskan á Alþingi

Víðir Smári Petersen, þriðji varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneskjördæmi, settist á Alþingi og er yngsti maðurinn sem gegnt hefur starfi þingmanns, tæplega 22 ára gamall. Víðir Smári virðist maður ekki einhamur, hann varð stúdent 17 ára, er að ljúka meistaraprófi í lögfræði og er útskrifaður frá tónlistarskóla í klarinettleik. Þá hefur hann sinnt ýmsum trúnaðarstörfum í stjórnmálum og félagslífi, auk þess að vinna tvö sumur á Fréttablaðinu.



### Ungir og efnilegir

Með þingsetu sinni er Víðir Smári kominn í athyglisverðan og býsna breiðan hóp manna sem sest hafa á þing liðlega tvítugir. Yngsti maðurinn sem hefur náð kjöri sem þingmaður er Gunnar Thoroddsen, sem var 23 ára gamall þegar hann settist á þing með fullt umboð. Þetta met Gunnars stendur óhaggað. Gunnar átti síðan einstæðan feril í opinberu lífi á Íslandi, varð borgarstjóri, hæstaréttardómari, fjármálaráðherra, varaformaður Sjálfstæðisflokksins og svo forsætisráðherra.

### Breiður hópur

Metið sem Víðir Smári sló í gær átti hins vegar sem yngsti varaþingmaðurinn Sigurður Magnússon. Hann settist á þing árið 1971 sem varaþingmaður Alþýðubandalagsins í Reykjavík, um 23 ára gamall, og var varaþingmaður af og til næstu ár en haslaði sér svo völl sem myndlistarmaður. Sigurður sneri aftur í stjórnmálin á sextugsaldri og var bæjarstjóri Álftaness framan af síðasta kjörtímabili. Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga tók yfir ábyrgð á rekstri sveitarfélagsins áður en kjörtímabilinu lauk.



peturg@frettabladid.is

HALLDÓR




# Púslmynd af brjóstakrabbameini

Brjóstakrabbamein



Ragnheiður Haraldsdóttir
forstjóri Krabbameinsfélags Íslands

Á fimmtudaginn birtist rannsóknargrein í hinu virta læknatímariti New England Journal of Medicine um árangur hópleitar að brjóstakrabbameinum í Noregi. Samkvæmt niðurstöðum á hópleitin minni þátt í lækkun dánartíðni en áður hefur verið talið. Í tíufréttum Ríkissjónvarpsins var þeirri spurningu varpað fram, hvort endurskoða þyrfti fjárframlög til hópleitarinnar hér á landi þar sem fjármunum væri e.t.v. betur varið með öðrum hætti.

Greinin er einn biti í hinni flóknu púslmynd um brjóstakrabbamein og ber að skoða hana sem slíka. Hún er ekki öll myndin. Aðrir góðir bitar í púslið eru m.a. merkar niðurstöður rannsókna á vegum Krabbameinsfélagsins, sem vakið hafa mikla athygli. En myndin er samt ófullgerð.

Stöðugt þarf að endurskoða áherslur í krabbameinsleitinni. Krabbameinsfélag Íslands hefur beint því til heilbrigðisyfirvalda að myndað verði sérstakt ráð sem meti hagkvæmni leitar að krabbameinum á frumstigi og veiti yfirvöldum ráðgjöf þar að lútandi. Leitin hér hefur verið talin til fyrirmyndar, en hún er framkvæmd samkvæmt samningi við heilbrigðisráðuneytið.

Krabbameinsfélagið fagnar rannsóknum á krabbameinum og hefur stutt vísindastarfið með ráðum og dáð í bráðum sextíu ár. Krabbameinsleitin er byggð á gagnreyndri þekkingu og viðamiklum vísindarannsóknum. Engin hópleit er eins vel rannsökuð og leitin að brjóstakrabbameinum. Skemmst er að minnast umfjöllunar í British Medical Journal nú síðsumars um mikla lækkun dánartíðni hér.

Viðbrögð við greininni í New England Journal of Medicine hafa verið áhugaverð. Fjöldi fræðimanna, meðferðaraðila og samtaka nota tækifærið til að benda á mikilvægi hópleitarinnar. Einn höfunda greinarinnar segist myndi fara í hópleit, væri hann kona. Greinin er innlegg í umræðuna, en ákvarðanir um að leggja niður mikilvæga þjónustu má ekki taka á grundvelli hennar. Öll samanburðarlönd okkar halda áfram að leggja mikla áherslu á þennan þátt þjónustunnar.

Krabbameinsfélag Íslands býr yfir mikilli þekkingu á hópleit að krabbameinum, og er reiðubúið að miðla henni og taka þátt í umræðunni. Á næstunni munum við kynna áherslur okkar varðandi krabbameinsvarnir kvenna í hinum hefðbundna bleika októbermánuði. Hvetjum við landsmenn til að tileinka sér þá fræðslu sem við bjóðum og leggja okkur lið við árangursrík verkefni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ósinn og uppsprettan

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Í eina tíð var ég formaður í hreyfingu stjórnmálaflokks í þorpi vestur á landi. Það stóð ekki lengi, en var afar áhugaverð lífsreynsla. Í litlu þorpi eru allir stórir. Einhverju sinni var aðalfundur rétt fyrir sveitarstjórnarkosningar. Á fundinum var farið yfir tillögur um frambjóðendur, en þetta var áður en prófkjörin tóku völdin. Eftir nokkrar umræður var samþykktur framboðslisti með öllum greiddum atkvæðum. Næsta dag fékk ég upphringingu frá einum fundarmanna, hressum karli, sem sagðist vilja breytingar á listanum. Ég minnti hann á að þetta hefði verið aðalfundur, allir hefðu samþykkt listann með handauppréttingu, þar á meðal hann. „Já, já, ég veit það vel" sagði hann glaðlega, „en ég er búinn að skipta um skoðun!"

Þetta var ekki einn af leiðandi mönnum í plássinu, en það munaði um hann í sínu hlutverki. Ég hafði öðrum þræði gaman af því hvað hann var ótruflaður af reglum og siðum, og hvað honum þótti þetta sjálfsagt. Málið leystist og ég fór heim til allra fundarmanna þennan dag með framboðslistann og lét þá samþykkja hann skriflega. Hefði kannski átt að gera það á fundinum sjálfum.

**Hamingjusamir ráðamenn**

Lengst af hef ég litið svo á að svona gerðist bara í fámennu sveitarfélagi, þar sem allir þekkjast og mál leyst á staðnum.

En nú er ég reynslunni ríkari, rétt eins og aðrir landsmenn. Öllum er ljóst að það er hreint ekkert tiltökumál fyrir þá sem sitja í ríkisstjórn Íslands að skipta um skoðun, bæði í stórum málum og þeim sem minni eru. Oftar en ekki er um geðþóttaákvörðun ráðherra að ræða. Vitur maður sagði að þeir sem skiptu um skoðun væru salt jarðar, því að þeir hefðu hugsað málin til hlítar, og það er mikið til í því. En viska er ekki fyrsta orðið sem kemur upp í hugann þegar ríkisstjórnina ber á góma. Öðru nær. Þaðan af síður traust.

Mér hefur alltaf þótt kyndugt að sjá breytinguna sem verður á mörgum vinstri mönnum þegar þeir fá völd. Þeir eru ekki bara glaðir, þeir eru beinlínis hamingjusamir! Reiðir ræðumenn og þungbúnir vandlætarar verða allt í einu glaðlegir og léttir í spori. Ljóma í framan, og njóta valdanna. Nú ráðum við!

Þetta er sérstaklega eftirtektarvert vegna þess hvað þeir tala af mikilli fyrirlitningu um valdafíkn annarra og völd yfirleitt.

Og auðvitað verða þingmenn annarra flokka líka oft drýldnir og góðir með sig þegar þeir komast í ríkisstjórn og þeirra málstaður er ráðandi stefna. Aðvitað líður öllum betur þegar þeir ráða ferðinni og lausnir sem þeir hafa trú á eru mál dagsins.

En glaðastir eru vinstri menn, og engir njóta valdanna meira en þeir.

**Auðna eða mein**

Ríkisstjórnin fékk blíðan byr þegar hún ýtti úr vör, og góðar óskir fylgdu henni frá þeim sem trúðu því og treystu að nú yrði tekið til hendi. Leynimakk og klíkuskapur heyrðu sögunni til. Vinavæðingin þurrkuð út. Fólkið í landinu, ekki síst það sem minnst má sín, gat nú andað léttar. Vinir alþýðunnar við stýrið. Ráðdeildin og heiðarleikinn fest ur í sessi. Og hvernig hefur þetta svo gengið?

Ekki er margt sem bendir til þess að fólkið í landinu uni nú sátt við sitt, eða hafi öryggiskennd vegna vandaðrar stjórnsýslu og heiðarleika stjórnarsinna. Þvert á móti. Fólk er ráðvillt. Hvaða rugl kemur næst? Leikþættirnir á Alþingi njóta ekki lengur vinsælda og aðalleikararnir njóta ekki þess trausts sem áður var þeirra styrkur.

Góður ásetningur er virðingarverður. Ekki er í dag hægt að segja fyrir um hver verða eftirmæli þessarar ríkisstjórnar, eða hvort og þá hvernig henni tekst að ná vopnum sínum á næstu misserum. En ekki er margt sem bendir til þess að hennar verði minnst sem tímamótastjórnar í uppbyggingu atvinnulífs og öryggis. Þó veit maður aldrei.

En eins og snillingurinn Sigurður Nordal orðaði það á sínum síma: Yfir flúðir auðnu og meins, elfur lífsins streymir. Sjaldan verður ósinn eins og uppsprettuna dreymir.

> Vitur maður sagði að þeir sem skiptu um skoðun væru salt jarðar, því að þeir hefðu hugsað málin til hlítar, og það er mikið til í því. En viska er ekki fyrsta orðið sem kemur upp í hugann þegar ríkisstjórnina ber á góma. Öðru nær.

**AF NETINU**

### Réttu viðbrögðin

*Kínverjar reyna að stöðva mynd um Tíbet á kvikmyndahátíð í Reykjavík. Réttu viðbrögðin eru náttúrlega að fjölmenna á myndina – helst með tíbeska fána.*

silfuregils.eyjan.is
**Egill Helgason**

### Vont að horfa upp á þetta

Það er soldið vont að horfa upp á þetta; einstaklingar og lítil fyrirtæki fara nú í gjaldþrot sem aldrei fyrr en stóru fyrirtækin og jafnvel útrásarvíkingarnir fá viðunandi lausn sinna mála, a.m.k. lausn sem maðurinn á götunni myndi glaður þiggja.
Einn höfuðpaura Hrunsins var að ná sátt um skuld vegna skíðaskála, segir á DV.is og á sama miðli er líka sagt frá því að búið sé að bjóða upp 1.306 fasteignir það sem af er þessu ári.

bjorgvin.eyjan.is
**Björgvin Valur Guðmundsson**

BM·VALLÁ

Eignir þrotabús
*BM Vallár* á Akureyri til *sölu*

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. hefur til sölumeðferðar eignir þrotabús B.M. Vallár hf. á Akureyri. Þar er um að ræða fasteignir, steypustöð og lausamuni.

B.M. Vallá hf. var úrskurðað gjaldþrota þann 18. maí síðastliðinn. Á grunni þess var félagið B.M. Vallá ehf. stofnað 21. maí 2010. Starfstöð félagsins á Akureyri var þar undanskilin, en uppruni hennar er fyrirtækið Möl og sandur hf. sem sameinað var B.M. Vallá hf.

Söluferlið
Söluferlið er opið öllum áhugasömum fjárfestum. Gert er ráð fyrir að selja eignirnar í einu lagi og verða þær til sýnis mánudaginn 4. október næstkomandi. Aðilar sem hafa hug á að gera kauptilboð í eignirnar eru beðnir að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka fyrir þann tíma.

Tekið verður á móti tilboðum í eignirnar til kl. 16:00 miðvikudaginn 13. október 2010. Í kjölfarið verða tilboðin metin og gengið til endanlegra samninga. Seljandi áskilur sér rétt til að ganga til samninga við hvaða tilboðsgjafa sem hann kýs eða hafna öllum.

Frekari upplýsingar
Upplýsingar um söluferlið og gögn um eignirnar, sem boðnar eru til sölu, má nálgast hjá fyrirtækjaráðgjöf Arion banka í síma 444 6000 eða með því að senda tölvupóst á fyrirtaekjaradgjof.bmvalla2010@arionbanki.is.

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf.

Arion banki

Frumherji

Hjólbarðar?

Dekkin eru eini snertiflötur bílsins við veginn. Þau eru því eitt mikilvægasta og stundum vanmetnasta öryggistæki bílsins. Slitnir hjólbarðar magna áhrif slæmra akstursskilyrða. Ekki þarf nema dálitla bleytu eða snjóföl í morgunsárið til að bíll á sléttum dekkjum verði stjórnlaus. Auk hjólbarða skoðar Frumherji 166 önnur öryggisatriði í almennri skoðun. Frumherji – örugg bifreiðaskoðun.



Frumherji hf - sími 570 9000 - Þjónustuver og tímapantanir 570 9090 - www.frumherji.is

# Notkun á jarðgufu eingöngu til raforkuframleiðslu er rányrkja

Jarðhiti

Sigurður Grétar Guðmundsson
vatnsvirkjameistari og orkuráðgjafi í Þorlákshöfn



Það er merkilegt hvað lítið eða ekkert er rætt um þessa staðreynd. Ég dró fram úr tölvunni gamlan Lagnafréttapistil frá árinu 1992 þar sem ég kom inn á þetta mál og kveikjan að þeim pistli voru ummæli Jóhannesar Zoëga, fyrrum hitaveitustjóra, en undir hans forystu var Nesjavallavirkjun reist, einhver hagkvæmasta virkjun sem reist hefur verið hérlendis. Athugasemdin frá Jóhannesi var sú að hlutfallið milli framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í jarðgufuvirkjun yrði að virða, ef rafmagnsframleiðslan færi yfir viss mörk á kostnað heitavatnsframleiðslu væri verið að ganga á forðann sem við eigum í jörðu niðri og er ekki óþrjótandi eins og ætla mætti af þeim stórkarlalegu virkjunaráætlunum jarðgufu sem nú er rekinn áróður fyrir.

Fullyrðing mín um rányrkju byggist á því að ef jarðgufuvirkjun framleiðir aðeins rafmagn nýtir hún einungis 14% af þeirri orku sem í jarðgufunni býr. Ef virkjunin framleiðir bæði rafmagn og heitt vatn er nýtingin 85% og lengra verður tæplega komist. Lítum aðeins á hagkvæmustu jarðgufuvirkjun landsins, Nesjavelli við Þingvallavatn. Þegar búið er að nýta jarðgufuna til rafmagnsframleiðslu er hitað upp vatn með sömu gufu og búin er að knýja rafmagnstúrbínurnar og því vatni dælt til höfuðborgarsvæðisins. Það heita vatn nægir til að hita upp öll hús í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Álftanesi. Þannig verður Hellisheiðarvirkjun einnig byggð upp þó tæpast sé enn þá markaður fyrir heita vatnið sem hún mun framleiða, en að því mun koma. Suðurnesjavirkjun mun einnig vera nokkuð hagkvæm, framleiðir bæði rafmagn og heitt vatn.

En er til virkjun á Íslandi sem sóar svona átakanlega orkunni sem við sækjum í formi gufu í iður jarðar? Sú virkjun heitir Kröfluvirkjun, hún nýtir aðeins 14% af orkunni sem sótt er niður í jörðina, síðan fer gufan sína leið, hún er meira að segja kæld með töluverðum kostnaði og engum til gagns.

Þetta er rányrkja og ekkert annað.

Stundum hefur hvarflað að mér hvort ekki væri hægt að nýta þessa miklu orku, sem fer til spillis við Kröfluvirkjun, og reisa mikið og gjöfult ylræktarver sem gæti séð landmönnum fyrir miklum hluta þess grænmetis sem við verðum nú að flytja inn og skapaði mikla vinnu í Þingeyjarsýslum. Vissulega nokkur stofnkostnaður en orkan er ókeypis, hún fer í dag út í veður og vind engum til gagns. Og nú eru áætlanir um að reisa álbræðslur við Húsavík og í Helguvík ásamt því að stækka Straumsvík og reisa mörg og mikil gagnaver. Allar eiga þessar áætlanir það sameiginlegt að orkan skal sótt að mestu í iður jarðar í formi jarðgufu. Þeistareykir, Gjástykki, Reykjanes og Hellisheiði, víða skal leitað fanga með rányrkju á náttúruauðlindinni sem er langt frá því að vera óþrjótandi. Það er því miður ekki til nema lítill markaður fyrir heitt vatn frá þessum jarðgufuvirkjunum og þær norðlensku, ef af verður, hafa engin þéttbýli sem markað.

Við höfum á undanförnum árum deilt ákaft um virkjanir og þá aðallega vatnsaflsvirkjanir. Í þeim er ekki um sóun á orku að ræða, frekar beinist gagnrýnin að umhverfi og náttúru. En meira að segja sú umdeildasta, Kröfluvirkjun, nýtir vatnsafl, vatn sem hvort sem er rynni sína leið til sjávar, afl sem án virkjunar yrði engum til gagns.

Í vatnsaflsvirkjunum er aldrei um sams konar rányrkju á náttúruauðlind að ræða og í flestum jarðgufuvirkjunum ef þær verða staðreynd.

# 10% mannréttindi, 90% forréttindi

Sjávarútvegur

Þórður Már Jónsson og Finnbogi Vikar
formaður Þjóðareignar
fulltrúi Hreyfingarinnar í endurskoðunarnefnd





Deilan um úthlutun fiskveiðiauðlindarinnar hefur lengi verið afar snúin. Ekki vegna þess að málið sé flókið í eðli sínu, heldur vegna þess að það er viljandi flækt af hagsmunaaðilum og skósveinum þeirra. Nú heyrast háværar öfugmælavísur úr líklegustu og ólíklegustu áttum varðandi hina svokölluðu samningaleið, sem eðlilegra væri að kalla svikaleiðina.

Björn Valur Gíslason, þingmaður og skipstjóri hjá Brim hf., hélt því fram í Kastljósi sjónvarpsins þann 10. september sl. að samningaleiðin falli „eins og flís við rass" að markmiðum ríkisstjórnarinnar. Það gerir hún ekki, en fellur hins vegar vel að markmiðum vinnuveitanda hans, Brims hf. Málflutningur Björns Vals hefur enga tengingu við raunveruleikann, líkt og sjá má á samstarfssáttmála ríkisstjórnarflokkanna þar sem m.a. stendur:

Bregðast þarf frekar við áliti Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, m.a. með því að gæta atvinnufrelsis og að tryggja að jafnræðis verði gætt við úthlutun afnotaréttarins og aðgengi að hinni sameiginlegu auðlind. Hvernig getur sú ráðstöfun að úthluta sameiginlegri auðlind í hendur afmarkaðs hóps til áratuga fallið eins og flís við rass að þeim skýru markmiðum um að jafnræðis verði gætt við úthlutun og kvóta og aðgengi að auðlindinni? Menn sem halda slíku fram hljóta annaðhvort að vera flón, eða trúa því staðfastlega að mikill meirihluti landsmanna séu það. Þeir halda sig geta haft þjóðina að fíflum og rænt dýrmætustu auðlind hennar um hábjartan dag með lélegum sjónhverfingum. Kvótinn er jú „innkallaður" en er svo úthlutað aftur um leið, en til sömu aðila með samningum til áratuga!

Þessir menn virðast telja að það sé nægjanlegt að þjóðin fái afgjald fyrir notkun á auðlindinni, með því séu kröfur Mannréttindanefndar SÞ uppfylltar, jafnvel þótt afgjaldið sé háð því að útgerðirnar sýni fram á greiðslugetu sína. Það munu þær hins vegar seint gera, enda munu þær halda áfram að skuldsetja sig í botn til að komast undan gjaldinu. Þeir munu síðan bíða þolinmóðir eftir því að verndarar þeirra komist aftur til valda. Þegar það gerist munu þeir vera með öll tromp á hendi, örugga samninga um einkarétt á nýtingu auðlindarinnar til áratuga.

Hvað eftir annað hefur komið fram í viðtölum við fulltrúa stjórnmálaflokkanna í svikanefndinni að kýrskýrt loforð stjórnarsáttmálans sem fjallar um innköllun og endurráðstöfun á 20 ára tímabili muni ekki verða efnt, enda var það sett í hendur LÍÚ að ákveða hvort þeir væru reiðubúnir til að skila þessum forréttindum til fólksins í landinu. Nefndin ákvað upp á sitt einsdæmi að falla frá loforði ríkisstjórnarsáttmálans og fjallaði því ekki um það hvernig þessi innköllun ætti að fara fram, heldur hvernig ætti að tryggja að hún gæti aldrei farið fram. Það verður tryggt með sviksamlegum samningum við útgerðirnar.

Kröfur stjórnarskrárinnar um jafnræði við takmörkun á atvinnufrelsi hafa heldur enga merkingu í hugum þessara manna. Þeir telja nefnilega að það dugi að kasta litlu beini í almúgann og éta svo steikina sjálfir.

Það hyggjast þeir gera með því að afhenda að lágmarki 90% auðlindarinnar núverandi kvótahöfum með samningum til áratuga, í stað eins árs í senn eins og nú er. Jafnræðis við takmörkun á atvinnufrelsi telja þeir að sé gætt með því að afgangur þjóðarinnar nagi beinið, þessi 5-10% sem eftir standa, líkt og nú er. LÍÚ og skósveinar þeirra í „sáttanefndinni" hafa kveðið upp sinn dóm. Að hámarki 10% jafnræði við úthlutun sameiginlegra auðlinda verður að duga Íslendingum, hámarkið á Íslandi er 10% mannréttindi svo vernda megi þeirra eigin forréttindi.

Sérhagsmunaöflin hafa því bersýnilega vald til að ákvarða hvort almennir borgarar þessa lands fái notið þeirra mannréttinda sem þeim annars ættu að vera tryggð samkvæmt stjórnarskrá og alþjóðlegum mannréttindasáttmálum. Slíkt þekkist hvergi í heiminum nema í löndum kenndum við banana.

# Til hvers að sækja um aðild að ESB?

ÍSLAND OG ESB

Jón Þorvaldur Heiðarsson
lektor við viðskipta- og raunvísindadeild HA



Eftir hrunið í október 2008 stóðu íslendingar frammi fyrir geigvænlegum verkefnum. Landsmenn sumir áttu þó erfitt með að átta sig á stöðunni og hver yrðu mikilægustu viðfangsefni stjórnmálanna næstu misserin. Kom það meðal annars fram í kosningabaráttunni fyrir alþingiskosningarnar 2009. Á stundum mátti halda að ekkert hefði breyst þegar mesta púðrið á kosningafundum fór í að krefja frambjóðendur um loforð varðandi vegabætur eða önnur opinber útgjöld. Stóru viðfangsefnin voru lítið rædd. Til dæmis á hvern hátt ætti að hækka skatta þó öllum hugsandi mönnum hafi mátti vera ljóst að þá þurfti að hækka.

Það var mitt mat að tvö stærstu viðfangsefnin væru annars vegar að loka fjálagagatinu og hins vegar gjaldmiðilsmálið. Það hefur gengið þokkalega að fást við hallann á fjárlögum með skattahækkunum og niðurskurði á ríkiútgjöldum. Lítið hefur hins vegar verið rætt um gjaldmiðilsmálið, það er að segja hvaða gjaldmiðil við viljum nota til framtíðar og í hvernig kerfi. Kostirnir þar eru einkum þrír:

- Að vera með íslensku krónuna áfram.
- Nota aðra mynt með einhliða upptöku eða hugsanslega í samstarfi við viðkomandi ríki.
- Ganga inn í Evrópusambandið og taka upp evru.

Það hefur sína kosti og galla að vera áfram með íslenska krónu en sú leið gæti reynst þrautin þyngri. Traustið á þessum örgjaldmiðli hefur minnkað mikið, ekki síst hjá Íslendingum sjálfum. Afleiðingar vantraustsins koma þó ekki í ljós á meðan gjaldeyrishöft eru við lýði. Að vera með íslenska krónu og gjaldeyrishöft til frambúðar er hins vegar afar slæmur kostur af mörgum ástæðum. Þá yrðu Íslendingar t.d. að hætta að vera hluti af Evrópska efnahagssvæðinu. Hins vegar er ekki ljóst hvort íslensk króna án gjaldeyrishafta, þ.e. á frjálsum markaði, sé farsæl leið heldur. Ef íslensk heimili hafa það lítið traust á krónunni að þau skipta sparnaði sínum við fyrsta tækifæri í öruggari gjaldmiðla þá er ekki hægt að vera með krónuna nema með því að hafa vexti svo háa að það vegi upp áhættuálagið á krónunni. Íslenskt atvinnulíf þarf þá að borga margfalt meiri fjármagnskostnað en samkeppnisaðilar í nágrannalöndunum. Slíkt mun koma niður á lífskjörum Íslendinga.

Það kemur vel til greina að taka upp annan gjaldmiðil einhliða en það er vandasamt bæði tæknilega og pólitískt og þá seðla og mynt sem setja þarf inn í hagkerfið í skiptum fyrir íslenskar krónur þarf að kaupa. Það er kostnaður upp á milljarða.

Upptaka evru með aðild að Evrópusambandinu felur það í sér að Íslendingar myndu, að eðlilegum skilyrðum uppfylltum, geta notað næststærsta gjaldmiðil heims sem sína heimamynt auk þess sem stór hluti utanríkisviðskipta færi fram í heimamyntinni. Þær evrur sem þyrfti að setja inn í hagkerfið í skiptum fyrir íslenskar krónur fengjum við á silfurfati, ekki þyrfti að kaupa þær. Á bak við myntina stæði síðan Seðlabanki Evrópu í stað Seðlabanka Íslands.

Þetta hlýtur að vera besti kosturinn í gjaldmiðilsmálinu ef við getum sættum okkur við aðild að Evrópusambandinu. Það er því ekki einasta skynsamlegt að kanna hvort aðild að ESB geti orðið ásættanleg fyrir okkur heldur beinlínis algjörlega óábyrgt að gera það ekki. Slíkt verður aldrei fullkannað nema með aðildarumsókn sem leiðir til samnings sem þjóðin getur tekið afstöðu til. Með aðildarumsókn fæst úr því skorið hvort Evrópusambandið býður Ísland velkomið í fjölskylduna eða ekki. Ekki veit ég hvernig ég greiði atkvæði í kosningu um aðildarsamninginn, það fer allt eftir því hvernig hann verður. En ef hann verður það óaðgengilegur að hann verður felldur þá er í öllu falli hægt að segja með vissu að þessi möguleiki hafi verið fullkannaður og komi því ekki lengur til greina. Þá verðum við að snúa okkur að hinum möguleikunum tveimur, að vera áfram með íslenska krónu eða taka upp aðra mynt einhliða þó þeir séu báðir töluvert verri en evra með Evrópusambandsaðild.

Starfólk í heilbrigðisþjónustu
óskast til Grænlands
Har du overvejet at arbejde i Det Grønlandske Sundhedsvæsen?
Vi har brug for både læger, sygeplejersker, jordemødre, bioanalytikere, fysioterapeuter samt tandlæger som trives med faglige udfordringer og kan kommunikere på dansk/svensk.
Du kan høre mere om dine muligheder i Det Grønlandske Sundhedsvæsen på et af vores informationsmøder.
Vi glæder os til at se dig:
- Mandag d. 4. oktober 2010 kl. 17 - 20 i Akureyri
  Fundurinn er haldinn í nýbyggingu Háskólans á Akureyri í stofu M203. Gengið inn um aðalinngang.
- Onsdag d. 6. oktober 2010 kl. 17 - 20 i Reykjavik
  Fundurinn er haldinn í Háskóla Íslands, Árnagarði, þriðju hæð, stofu 311.
gjob.dk
GRØNLAND – HER ER TIDEN EN ANDEN
For at se ledige stillinger og læse mere se www.gjob.dk
Det Grønlandske Sundhedsvæsen

Komdu í keilu...
www.keiluhollin.is
KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN
Opið sunnud. - fimmtud. frá 11:00 - 24:00 og föstud. og laugard. frá kl 11:00 - 01:00
Pantanir í síma 511 5300 alla virka daga kl. 10:00 -15:00 eða á keiluhollin@keiluhollin.is



**Kópavogur** er næstfjölmennasta sveitarfélag Íslands með rúmlega þrjátíu þúsund íbúa. Allt fram á 20. öld voru einungis nokkrir bústaðir og býli í Kópavogi en undir lok 20. aldar og í byrjun þeirrar 21. hefur orðin mikil uppbygging í bænum. Íbúafjöldi hefur aukist í takt við aukna atvinnuþróun og þar er nú Smáralind, sem er stærsta verslunarmiðstöð landsins og Smáratorg 3, hæsta bygging landsins.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447


Eirberg

**Rafknúnir hægindastólar** sem auðvelda þér að setjast og standa upp

***Fjölbreytt úrval***



**Opið virka daga frá kl. 9 -18**
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



**Hugsaðu vel um fæturna.**

**Í meira en hálfa öld hafa miljónir manna um allan heim notað Birkenstock sér til heilsubótar.**

**Hvað um þig?**



BIRKENSTOCK

Teg: Arisona
Stærðir: 36 - 48
**Verð: 12.885.-**

Misty skor
Laugavegi 178

Vertu vinur

**Sími 551 2070.**
**Opið mán.-fös. 10-18.**
**Laug. 10-14.**
**Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.**
**www.misty.is**



**Patti.is**

**Landsins mesta úrval af sófasettum**



Leður sófasett 3+1+1
149.900 kr



Púðar í úrvali
Verð frá
2.900 kr

**Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is**
**Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 - Laugard. frá 11 til 16**




Kristjana fer aðallega í body balance-tíma en þeir byggjast á vandlega útfærðum teygjum sem tengja líkama og sál. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Flugfreyjan Kristjana Þráinsdóttir hefur verið fastagestur í Baðhúsinu í sextán ár og er í fantaformi.**

# Ræktin heldur í mér lífi

Kristjana Þráinsdóttir, flugfreyja hjá Icelandair, hefur verið fastagestur í Baðhúsinu frá upphafi, eða í sextán ár. Hún mætir í tíma þrisvar til fimm sinnum í viku og missir sjaldan úr. „Ég var engin íþróttamanneskja áður en komst fljótlega upp á lagið og veit ekki hvar ég væri í dag ef ég hefði ekki farið af stað,“ segir Kristjana sem er fimmtíu og sjö ára og er í góðu formi.

Kristjana segir kostinn við Baðhúsið ótvírætt vera að þar séu einungis konur. „Það gerir andrúmsloftið afslappað og þægilegt og við erum nokkrar orðnar hinar bestu kunningjakonur. Kristjana fer aðallega í body balance-tíma en er svo alltaf á leiðinni í salsa og hot jóga. Stundum fer hún með dóttur sinni en er þó aðallega ein á ferð. „Í upphafi vildi ég hafa félagsskap og fara með systur eða vinkonu en um leið og þetta fór að stimplast inn í kerfið fór ég að fara sama hvað. Núna heldur þetta í mér lífinu og þá sérstaklega á veturna. Ræktin er ástæða til að fara fram úr þegar ég á vaktafrí og er með mikilvægari þáttum í mínu lífi.

*vera@frettabladid.is*




**LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ**

STUÐNINGS STÖNGIN

HVAÐ ER STUÐNINGSSTÖNGIN?
Hjálpartæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra.

Auðveld í uppsetningu
Engar skrúfur eða boltar
Tjakkast milli lofts og gólfs
Hægt að nota við hallandi loft, timburloft og mikla lofthæð
Margir aukahlutir í boði

- Falleg og nútímaleg hönnun
- Passar allsstaðar og tekur lítið pláss
- Viðurkennd af Tryggingastofnun ríkisins

**10 ÁR Á ÍSLANDI**

www.vilji.is • Sími 856 3451



**Kópavogsdeild Rauða kross Íslands**, sem er til húsa að Hamraborg 11, fór aftur af stað með verkefnið Nýttu tímann um miðjan mánuðinn. Verkefninu er ætlað að skapa vettvang fyrir atvinnuleitendur til að efla sjálfa sig og auka virkni í atvinnuleit. Í vetur verður boðið upp á fjölda fyrirlestra, námskeið og ráðgjöf.

# Góð aðstaða fyrir tennisiðkendur

**Rúm þrjú ár eru síðan Tennishöllin var opnuð í Kópavogi en Tennishöllin er miðstöð íþróttarinnar á Íslandi og nýtur mikilla vinsælda.**


Tennishöllin í Kópavogi hefur afbragðs aðstöðu fyrir tennisspilara, byrjendur sem og lengra komna.

Tennishöllin í Kópavogi hefur aukið vinsældir þeirrar skemmtilegu íþróttar sem tennis er en í höllinni æfa sex tennisfélög auk þess sem utanaðkomandi geta leigt sér völl, keypt kort og farið á byrjendanámskeið á vegum Tennishallarinnar.

Þrír innitennisvellir eru í höllinni og við hlið hennar eru auk þess þrír útitennisvellir TFK. Vinsælt er að leigja sér fasta tíma á veturna og á sumrin er hægt að kaupa sumarkort sem veitir ótakmarkaðan aðgang að völlunum. Tennisfélag Kópavogs, Tennisdeild Fjölnis, Tennisklúbbur Víkings, Tennisfélag Garðabæjar, Tennisdeild Þróttar og Tennisdeild BH hafa æfingaraðstöðu í Tennishöllinni en Tennishöllin er engu að síður öllum opin og starfsfólk hjálpar stundum við að finna mótspilara vanti tennisspilara einn slíkan og námskeiðin njóta mikilla vinsælda. *- jma*


„Það hafði vissulega áhrif á okkur að hér voru bæði vinna, tómstundir og skólastarf sem hentaði," segja þau Aldís og Ólafur um flutning sinn í Kópavoginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hér er allt innan seilingar

**Aldís Pála Arthúrsdóttir, prentráðgjafi í Odda, og Ólafur Kristjánsson, þjálfari karlaliðs Breiðabliks í knattspyrnu, taka bæði heilshugar undir hinn fræga frasa: „Það er gott að búa í Kópavogi."**

Ósvikin gleði ríkir á heimili Ólafs Kristjánssonar og Aldísar enda lönduðu Blikarnir Íslandsmeistaratitlinum í knattspyrnu í fyrsta skipti í sögunni nú á laugardaginn undir stjórn Ólafs. Hann segir hafa verið gott að búa í Kópavogi áður og verða enn betra nú.

Þau Aldís og Ólafur fluttu fyrir rúmu ári síðan í Hrauntungu, í suðurhlíðum Kópavogs og láta vel af vistinni. „Staðsetningin er góð fyrir mig því Breiðablik er að æfa þarna niðri við lækinn og ég er fimm mínútur í vinnuna labbandi, það er stutt að heimsækja strákana mína í Hafnarfirði og svo eru skólar rétt hjá sem passa vel þeim börnum sem við erum með," segir Ólafur. „Já, við erum öll ánægð og þótt dæturnar þyrftu að skipta um skóla og íþróttafélag þá reyndist það ekkert mál. Hér er allt innan seilingar," staðfestir Aldís.

Aldís kom úr Laugarnesinu og Ólafur úr Hafnarfirði en ákváðu að mætast á miðri leið. Ólafur kveðst samt ekki jafn mikill nýbúi í Kópavogi og Aldís því hann hafi átt sín bernskuár í Hrauntungunni. „Ég átti heima í þessu húsi þar til ég var sex ára. Kópavogur hefur reyndar breyst svo mikið á síðustu áratugum að það er ekki hægt að bera hann saman við það sem hann var í minni barnæsku. Þá skiptist hann bara í Vesturbæ og Austurbæ. En þetta er bæjarfélag sem hefur staðið mjög vel að því að hlúa að fjölskyldufólki og það dregur fólk að."

Húsið hefur auðvitað elst frá því Ólafur sleit barnsskónum í því. Aldís segir þau þurfa að taka það algerlega í gegn. „Við erum bara búin með lítinn hluta til þess að koma okkur inn," segir hún. „Þetta er svona eilífðarverkefni sem við verðum að dúlla okkur við." „Já, svo er allt eftir utanhúss," bendir Ólafur á en segir þau þó taka reglulega til hendinni í garðinum til að gróðurinn vaxi þeim ekki yfir höfuð.

„Þetta er ábyggilega veðursælasti staður á landinu," segir Ólafur og Aldís tekur undir það. „Hitinn er oft alveg ótrúlegur hér og það hentar mér vel því ég er með algera sólardellu." *gun@frettabladid.is*


Nýttu tímann!

Rauðakrosshúsið í Kópavogi

Geymið auglýsinguna!

Vikan 27. sept.-1. okt.

Mánudagur 27. september
- Leikfimi - Léttar æfingar á færi allra. Komdu og hreyfðu þig! Kl. 11-12
- Ferilskrá og atvinnuviðtöl - Fáðu leiðsögn! Kl.12-13
- Hvernig stöndumst við álag? - Erindi fyrir alla! Kl.13-14.30

Free consult for immigrants. Kl.14-15

Þriðjudagur 28. september
- Handavinnustund - Komdu með föndrið þitt! Kl. 11-13
- Vetrarhjólreiðar - Kynntu þér íþróttina! Kl. 14 -15

Ráðgjöf hjá atvinnufulltrúum Kópavogsbæjar. Kl. 11-14

Föstudagur 1. október
- Föstudagsfyrirlestur - Falinn fjársjóður frá spara.is Kl. 12 -13
- Baujan sjálfstyrking - Kl.13-14

Vikan 4.-8. okt.

Mánudagur 4. október
- Leikfimi- Léttar æfingar á færi allra. Komdu og hreyfðu þig! Kl. 12 -13
- Fyrirlestrarhæfni - Komdu og fáðu leiðsögn. Kl.13.30-15

Free consult for immigrants. Kl. 14-15

Þriðjudagur 5. október
- Handavinnustund - Komdu með föndrið þitt! Kl. 11 -13
- Ég rembist við að halda mér gangandi - Erindi fyrir alla! Kl.13-14.30

Ráðgjöf hjá atvinnufulltrúum Kópavogsbæjar. Kl. 11-14

Föstudagur 8. október
- Föstudagsfyrirlestur - Það býr sigurvegari í þér. Kl. 12-13
- Bingó - Við endum vikuna á bingó! Kl.14-15

Nánar um viðburði á raudikrossinn.is/kopavogur

Opið hús frá kl. 11-15. Allir velkomnir! Heitt á könnunni.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • Sími: 554 6626 • kopavogur@redcross.is • raudikrossinn.is/kopavogur





Veisluhald
Þegar góða veislu halda skal

EF AÐ GLÆSILEG UMGJÖRÐ
UM GLÆSILEGA VEISLU
SKIPTIR ÞIG MÁLI

Glersalurinn.is
Salavegi 2. Kóp.
S: 6591111

Glersalurinn



FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

# Útivera og álfabústaðir

**Fjölskyldur í leit að afþreyingu utandyra ættu ekki að vera í vandræðum með að finna sér sitthvað til dundurs í Kópavogi. Útivistarsvæði eru mörg og sögurnar í kringum holt og hæðir oft ævintýralegar.**

Útivistarsvæði í Kópavogi eru fjölmörg og mikið notuð af bæjarbúum sem og íbúum í nærliggjandi sveitarfélögum enda miklir möguleikar.

Gönguleiðir eru margar um þveran og endilangan Kópavoginn. Upplýstur aðalstígur er meðfram Kópavogslæk norðanverðum en hann myndar samfellda gönguleið frá Kársnestá, meðfram ströndinni, inn dalinn og upp í Mjódd. Eitt best nýtta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins er svo Fossvogsdalur en bæjarmörk Kópavogs og Reykjavíkur eru að mestu í farvegi Fossvogslækjar og um 60 hektarar Fossvogsdals tilheyra því Kópavogsbæ. Göngustígar liggja þvers og kurs um Kópavogsbæ og eru göngur og hjólreiðar stundaðar þar á sumrin og margir draga fram gönguskíðin á veturna. Andapollurinn í Kópavogsdalnum trekkir líka marga að og upplagt að fara í hjólreiðatúr að pollinum til að gefa öndunum brauð.

Annað ljómandi gott útivistarsvæði í Kópavogi er fagur trjálundur sem er fyrir ofan hesthúsabyggðina Heimsenda og Guðmundur Halldór Jónsson, fyrrverandi forstjóri og stofnandi Byko, gaf Skógræktarfélagi Kópavogs árið 1997. Útivistarsvæði er neðst í lundinum með lítilli tjörn og nóg er af borðum og bekkjum meðfram stígunum inni í lundinum.

Við Kársnesströnd eru svo spennandi fjörur, sandfjara, þangfjara og hnullungafjara, með fjölskrúðugu fuglalífi en Kársneströndin er 4 kílómetrar að lengd með fögru útsýni til allra átta.

Að lokum má nefna að forvitnir álfaáhugamenn geta kynnt sér álfabyggð í Kópavogi og staði sem eru rammtengdir fornum sögnum og munnmælum en Kópavogsbúar hafa lagt áherslu á að reyna ekki að spilla slíkum svæðum. Af þekktustu álfabústöðum í Kópavogi má nefna Álfhólinn sem er sunnanvert við Álfhólsveg skammt frá Digranesskóla en hóllinn nýtur bæjarverndar sem bústaður álfa. Borgarholt er einnig frægur byggðastaður álfa og er holtið þar sem Kópavogskirkja stendur.

*- jma@frettabladid.is*



Göngustígar liggja þvers og kruss um Kópavoginn.



Löngum hefur Borgarholt, holtið í kringum Kópavogskirkju, verið talið bústaður álfa. Holtið er sérlega fallegt í ljósaskiptunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Elstu merki um búsetu í landi Kópavogs eru í botni Kópavogs, norðan við ósa Kópavogslækjar, en þar fannst jarðhýsi sem talið er að geti verið frá 9. öld. Önnur forn bæjarstæði í landi Kópavogs eru Digranes, Hvammur og Vatnsendi. Fyrsta ritaða heimild um búsetu á Vatnsenda er frá 1234 en nafnið Kópavogur kemur fyrst fram í heimildum árið 1523.

**Heimild: www.is.wikipedia.org**


# Barnabílstólar og kerrur





Móðurást

Hamraborg 9 – s. 564 1451 – www.modurast.is


Kynning

# Vel tekið á móti Pólverjum

**Retor tungumálaskóli sérhæfir sig í íslenskukennslu, sjálfsstyrkingu og fleiru fyrir Pólverja. Um fimmtán hundruð manns hafa nýtt sér þjónustuna síðustu tvö ár og þar af eru atvinnuleitendur um helmingur.**

„Við höfum upplifað á þessum stutta tíma að greinileg þörf er á þjónustu af þessi tagi, tölurnar sýna það svo ekki verður um villst,“ segir Hjalti Ómarsson, annar framkvæmdastjóri Retor tungumálaskóla í Kópavogi, sem býður upp á sérsniðin námskeið fyrir Pólverja.

Um fimmtán hundruð manns hafa sótt sér þjónustu til skólans á þeim tveimur árum síðan hann var stofnaður af Anetu Magdalenu Matuszewska, sem starfar við hann bæði sem framkvæmdastjóri og kennari. Þar af eru atvinnuleitendur um helmingur að sögn Hjalta. „Við höfum átt í mjög góðu samstarfi við Vinnumálastofnun síðastliðið ár um að veita pólskum atvinnuleitendum aðstoð við að fóta sig í samfélaginu, með íslenskukennslu, sjálfsstyrkingu og kennslu í hvernig best sé að bera sig að í þjónustustörfum en ákveðinn hluti nemendanna hefur mikinn áhuga á að sinna þeim.“

Pólverja segir Hjalti almennt vera mjög áhugasama um land og þjóð. „Þetta er fróðleiksfúst fólk, sem þyrstir í góða íslenskukennslu og samfélagsfræðslu.“ Tungumálið segir hann vefjast þó fyrir mörgum, óháð því hversu lengi viðkomandi hafi búið hérlendis. „Pólskan og íslenskan eru náttúrlega svo gjörólík tungumál. Til að gæta sanngirni er þó rétt að benda á að sumir eru fljótir að ná tökum á tungumálinu og tala það næstum reiprennandi og vilja kannski frekar bæta sig á öðrum sviðum. Langflestir leggja sig fram við að ná góðum árangri á stuttum tíma.“

Hjalti segir nemendur vera ánægða með námið. „Hingað koma langflestir aftur í þeim tilgangi að bæta við kunnáttuna, þar sem þeim finnst námið þegar hafa nýst sér mjög vel. Til að mynda þeir sem vilja efla íslenskukunnáttuna enn frekar, en hér er boðið upp á fjögur miserfið íslenskunámskeið, sem fólk er duglegt að nýta sér enda finnst því mikilvægt að vera ekki áhorfendur heldur þátttakendur í samfélaginu sem það býr í,“ segir hann og vísar á vefsíðuna retor.is, þar sem er að finna allar nánari upplýsingar um starfsemi skólans, svo sem þau námskeið sem verða í boði í vetur og fleira.



Hjalti Ómarsson og Aneta Matuszewska reka Retor tungumálaskóla sem býður upp á sérsniðin námskeið fyrir Pólverja. „Þetta er fróðleiksfúst fólk, sem þyrstir í góða íslenskukennslu og samfélagsfræðslu,“ segir Hjalti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


# „Við tökum Hamraborgina”

Hvaða götu ætlar þú að taka?



Landssöfnun Rauða krossins laugardaginn 2. október

Kæri Kópavogsbúi

Laugardaginn 2. október stendur Rauði kross Íslands fyrir landssöfnuninni **Göngum til góðs** til styrktar hjálparstarfi í Afríku. Göngum til góðs fyrir okkur sjálf og ekki hvað síst fyrir þá þem þurfa á hjálp okkar að halda.

Hvað á ég að gera?

1. **Mættu á söfnunarstöð í þínu hverfi** *(taktu einhvern með þér - það er miklu skemmtilegra)*
2. **Þar færðu bauk og götu til að ganga í** *(þetta er kannski u.þ.b. klukkutíma göngutúr)*
3. **Þú skilar aftur bauknum á söfnunarstöðina** *(endurnærður á líkama og sál)*

Göngum til góðs

Frítt í sund fyrir alla sjálfboðaliða sem ganga

Rauði kross Íslands Kópavogsdeild

Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • Sími: 554 6626 • kopavogur@redcross.is • raudikrossinn.is/kopavogur

Kynning

# Dekrað við hárið

**Það er ævintýraleg dekurupplifun að lenda í höndum fagfólks hárgreiðslustofunnar Hárný.**


Þórdís Helgadóttir hárgreiðslumeistari flytur sjálf inn ítölsku hárvörurnar Jungle Fever sem hún selur á stofu sinni, Hárný. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þórdís Helgadóttir hafði ekki fyrr lokið meistararéttindum í hárgreiðslu en hún stofnaði eigin hárgreiðslustofu undir nafninu Hárný við Nýbýlaveg fyrir 25 árum. Síðan hefur stofan verið í stöðugum vexti og hún segist vita hvers vegna.

„Allar götur síðan hef ég unnið mikið sjálf, sinnt kúnnum mínum vel, reynt að bjarga þeim þegar á hefur þurft að halda og sett þá ofarlega á lista. Þá hef ég notið gæfu með starfsfólk því til mín hefur ratað gott fagfólk með yndislegt hjarta,“ segir Þórdís sem fær til sín breiðan kúnnahóp með Kópavog í miðju höfuðborgarsvæðisins.

„Kúnnahópurinn er traustur og stór. Á 25 árum hefur maður kynnst mörgum sem fyrst komu sjálfir í stólinn en koma nú líka með börn sín og barnabörn. Við sinnum því öllum kynslóðum og gerum jafnt það heitasta í hári unga fólksins upp í bylgjurúllur fyrir fullorðnar konur,“ segir Þórdís sem varð Íslandsmeistari í hárgreiðslu 1995 og vann Global Salon Business Awards; eða svokölluð Óskarsverðlaun hárgreiðslufólks 2008, en þau eru veitt vestan hafs fyrir rekstur á eigin stofu, þar sem Hárný keppti við 3.000 stofur frá 22 löndum.

Og í sumar sá Þórdís um brúðargreiðslu Anitu Briem, en hún greiddi leikkonunni einnig á fermingardaginn og þeim Brendan Fraser fyrir myndina Journey to the center of the Earth.

„Ég hlakka til hvers dags því mér finnst alltaf gaman í vinnunni. Stofan reiðir sig á orðspor sitt sem hefur gefið góða raun. Við elskum að dekra við viðskiptavininn og segjum stundum að sumir hárgreiðslumenn séu næstum eins og sálfræðingar, enda létta margir á hjartanu meðan við gerum þá árum yngri í útliti yfir nýlöguðum kaffisopa,“ segir hárgreiðslumeistarinn Þórdís sem réðist í gagngerar breytingar á stofunni rétt fyrir kreppu og setti meðal annars sjónvarpstæki í speglana.





Guðbjörg segir sýningu listamannanna ungu mjög skemmtilega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# *Ungir listamenn í Kópavogi*

**Í Gerðarsafni í Kópavogi stendur nú yfir sýning á verkum ungra listamanna sem ber yfirskriftina 9 – samsýning ungra myndlistarmanna í Gerðarsafni. Fleiri áhugaverðar sýningar eru svo á döfinni.**

Í Gerðarsafni í Kópavogi kennir ýmissa grasa og alls konar sýningar haldnar. „Við erum alltaf reglulega með sýningar upp úr safneigninni en stofninn í henni er náttúrlega verkin hennar Gerðar Helgadóttur. Þessi gjöf erfingja hennar var í raun hvatinn að stofnun safnsins og við höfum verið með að minnsta kosti 10 sýningar á þeim frá því að það var opnað 1994,“ segir Guðbjörg Kristjánsdóttir, forstöðukona Gerðarsafns.

Yfirstandandi sýning ber yfirskriftina 9 – samsýning ungra myndlistarmanna í Gerðarsafni. „Sýningarstjóri er Birta Guðjónsdóttir og hún valdi níu listamenn af þessum sem eru af yngstu kynslóðinni sem er bara rétt skriðin úr námi. Fyrir tíu árum setti ég sjálf saman svona sýningu og það er gaman að endurtaka þetta. Þar á eftir verður ljósmyndasýning Ragnars Axelssonar og það kemur til af því að þessi vel þekkti og ákaflega ástsæli ljósmyndari var kjörinn heiðurslistamaður Kópavogs síðastliðið vor og það hefur eiginlega verið samkomulag um það að honum bjóðist alltaf að sýna verkin sín í safninu. Þessi sýning verður opnuð í október,“ segir Guðbjörg.



Bókin Gerður - Meistari glers og málma, er nýútkomin hjá Gerðarsafni en safnið dregur nafn sitt af listakonunni.

Eitt af því sem hefur verið hvað vinsælast í safninu að sögn Guðbjargar eru sýningar á blaðaljósmyndum og mynd ársins. „Þær sýningar verða á sínum stað eins og venjulega og hafa verið að vaxa og verða fagmannlegri með hverju ári. Núna er alltaf gefin út bók með þeim ljósmyndum sem eru á sýningunni og í tímans rás munu þessar bækur verða mjög skemmtileg heimild um hvað gerðist á hverju ári.“

Nú er nýkomin út hjá safninu bók um Gerði sem heitir Gerður – meistari glers og málma sem Guðbjörg ritstýrði. „Þetta er mjög falleg bók sem er í raun greinasafn þar sem sjö listfræðingar og fræðimenn og Elín Pálmadóttir, blaðamaður og rithöfundur, skrifa um list Gerðar. Hún er ríkulega myndskreytt þannig að það er hægt að fá alveg ágætis hugmynd um hvernig list hennar þróaðist alveg frá upphafi og til loka hennar stuttu ævi en hún lést langt fyrir aldur fram aðeins 47 ára gömul. Svo er æviferill hennar rakinn ítarlega og honum fylgja myndir alveg frá því hún er barn og að útför hennar. Þarna er til dæmis glerlistinni hennar gerð betri skil en nokkru sinni áður og meðal annars skýringar á gluggunum í Skálholti sem hún skrifar sjálf,“ segir Guðbjörg.

*emilia@frettabladid.is*





Kópavogur státar af tveimur sundlaugum í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Synt í voginum

**Hressandi sundsprettur er heilsunnar bót. Með heimsókn í Kópavoginn má taka nokkur sundtökin en laugarnar eru tvær.**

Kópavogsbær státar af tveimur sundlaugum, Sundlaug Kópavogs við Borgarholtsbraut og Sundlauginni Versölum. Báðar laugarnar eru vel sóttar af bæjarbúum svo og gestum úr öðrum sveitarfélögum en við báðar laugarnar eru heitir pottar, rennibrautir og innilaugar.

Við Versalalaugina er 38 gráðu heit iðulaug þar sem nudd leikur um fætur, bak og herðar. Þeir sem eru fyrir gusugang geta nýtt sér rennibrautina sem heimamenn líkja við „fljót“. Innilaugin er 33 til 34 gráðu heit sem hentar yngstu sundgestunum og ungbörnum. Hjá þeim sem eru orðin aðeins eldri ætti vatnsorgelið að vekja lukku en í því eru 40 vatnsstútar þar sem vatn sprautast mishátt upp í loftið. Sjá: http://sund.kopavogur.is/versalir.

*- rat*

# heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 28. SEPTEMBER 2010

## Aukinn dansáhugi

**Drengir flykkjast í breikdans og hipp hopp.**

SÍÐA 2



## Alltaf á hlaupum

**Íris Anna Skúladóttir sigraði í tíu kílómetra hlaupi á alþjóðlegum hjartadegi.**

SÍÐA 4






FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


**Lausir tímar í tennis í vetur og byrjendanámskeið í tennis**

**Eigum nokkra mjög góða tíma lausa í haust:**

Miðvikudaga kl. 18:30 og 21:30
Fimmtudaga kl. 20:30
Föstudaga kl. 18:30
laugardaga kl. 8:30, 9:30 og 10:30
Sunnudaga kl. 10:30, 16:30 og 19:30

**Einnig nokkra góða tíma í hádeginu:**

11:30 og 12:30 á þriðjudögum
og miðvikudögum

**Eigum einnig nokkra morguntíma.**
**Skráning á byrjendanámskeið er hafin**
**Upplýsingar og pantanir í síma 564 4030.**



TENNISHÖLLIN
Kópavogi

# Heilan mánuð í sömu skónum

„Mig langaði að leggja meira á mig til styrktar baráttunni gegn brjóstakrabbameini og lagðist undir feld til að upphugsa hvað mundi virkilega reyna á mig. Ég vissi að tíföld Esjuganga sama daginn mundi reynast leikur einn þar sem ég starfa við hreyfingu, en komst að þeirri niðurstöðu að erfiðast yrði að ganga í sömu skóm í heilan mánuð,“ segir Guðný Aradóttir, einn af stofnfélögum styrktarfélagsins Göngum saman og göngustjóri félagsins.

„Aðal fjáröflunarganga okkar var 5. september og að göngu lokinni reimaði ég á mig flatbotna, neonbleika trampara til áheita fyrir grunnrannsóknir brjóstakrabbameins. Mér líður annars best á hælaskóm og bíð í ofvæni eftir að komast á hælana aftur,“ segir Guðný sem sótt hefur alla viðburði á bleiku trömpurunum undanfarnar vikur; jafnt vinnu sem félagslíf og útivist.

„Sumir hafa sagt mér að fara í hælaskó þegar heim kemur og enginn sér, en það hvarflar ekki að mér. Því hefur það verið dásamleg upplifun að sjá upplit á fólki þegar ég hef mætt uppáklædd í sparikjól og trömpurunum við, en þetta ákvað ég að gera og stend með því framtaki,“ segir Guðný sem keypti skóna í 38 þrepum fyrir þremur árum. „Liturinn kallaði til mín og gott að klæðast þeim í snjó, enda týnist maður ekki í þeim,“ segir hún hlæjandi.

Viðtökur við þessu frumlega framtaki Guðnýjar hafa verið góðar og hafa nú safnast vel á annað hundrað þúsund, þrátt fyrir að hún hafi bara sagt frá því á Facebook.

„Margir spyrja út í skóna og hafa þá brugðist við áheitinu. Nú í vikunni ætla ég að þjálfa innanhúss í Laugum og þá ætla margir að tvöfalda áheit sín,“ segir Guðný sem fer loks úr skónum eftir slétta viku, en þá er kominn bleikur október, sem helgaður er baráttu gegn brjóstakrabbameini. „Brjóstakrabbamein varðar okkur öll og góð tilfinning að geta lagt meira á vogarskálarnar,“ segir Guðný sem leiðir gönguhóp Göngum saman öll mánudagskvöld klukkan 20 frá Laugum, þar sem öllum er velkomið að slást í hópinn.

Áheitareikningur „Í sömu skóm“ er: 372-13-304102, kt: 650907-1750. Áheit fara beint í styrktarsjóð Göngum saman. *- þlg*



Guðný Aradóttir á röltinu í neonbleiku trömpurunum sem hún klæðist til söfnunar áheita til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Breikið eflir fimi, kraft og jafnvægislist og er vinsæll dans hjá strákunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sköpunarþörf barna fær útrás í margs konar dansi

**Strákar flykkjast í breikdans sem aldrei fyrr á þessu hausti og hipp hopp er vinsælt hjá þeim líka, bæði hipp hopp af gamla skólanum og nýrri útfærslur. Þetta segir Nanna Ósk Jónsdóttir, framkvæmdastjóri DanceCenter, Reykjavík.**

„Við höfum orðið vör við stóraukinn áhuga bæði yngri og eldri drengja á breiki og hipp hoppi undanfarið,“ segir Nanna Ósk og telur skýringuna meðal annars liggja í miklum vinsældum sjónvarpsþáttanna So you think you can dance. „Dansmyndin Step up, sem er með stórkostlegum dansatriðum, á örugglega líka sinn þátt. Þar eiga strákar alveg helminginn í danssýningunum og slíkt hefur mikil áhrif.“

Nanna hefur kennt dans í áraraðir að eigin sögn og stofnaði DanceCenter fyrir þremur árum. Hún hefur kennt þar síðan auk þess að vera í mastersnámi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum. „Við höfum sérhæft okkur í því sem heitir jazz funk, street og hipp hopp og höfum fylgt tískustraumum. Kennslan hefur frá upphafi verið í íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal en er nú líka komin í Sjálandsskóla í Garðabæ þar sem sérútbúinn danssalur er fyrir hendi. Þar er alger sprenging í áhuga drengja á dansi og það kemur skemmtilega á óvart,“ lýsir hún.

Auk þess sem Nanna finnur fyrir nýjum straumum í faginu, telur hún suma dansa sem nutu hylli fyrir nokkrum árum vera að koma aftur. Þar á meðal „old school hip hop“ sem var vinsælt fyrir tíu til fimmtán árum. „Síðan eru atriði úr fimleikunum sem heita „parkour“ og „free running“ sem blandast skemmtilega saman við breik, old school hip hop og þetta nýja. Þetta eru kraftmiklir dansar og henta strákunum mjög vel,“ lýsir hún. En hvað um stelpurnar, eru þær í þessum sömu dönsum líka? „Já, já, þær eru mjög virkar í jazz funk og street og það er gaman að sjá að þær koma líka sterkar inn í breikið og þetta allt saman.“

Nanna hefur lagt rækt við barnaflokka í dansskólanum. Hún tekur börnin inn allt frá þriggja ára aldri, meðal annars í klassískan ballett. „Sköpunarþörf barna fær útrás í dansi og það er svo gaman að virkja hana enda tengist hún gleðinni,“ segir hún. „Mörg börn eru tónelsk og taktviss og byrja lítil að dilla sér eftir hljóðfalli,“ segir hún og kveðst leggja áherslu á að virkja unga fólkið almennt í dansi. *- gun*




**●GÖMUL RAFTÆKI ENDURNÝTT** Átak um endurnýtingu gamalla raftækja til styrktar SAFT, vakningarátaki um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi, stendur nú yfir. Að átakinu standa Græn framtíð og Vodafone. Hægt er að skila inn notuðum gsm-símum í verslanir Vodafone en Græn framtíð annast flutning tækjanna til vottaðra endurnýtingafyrirtækja víða um heim sem greiða fyrir tækin.

Markmiðið með samstarfinu er að efla umhverfisvitund og stuðla að almennri endurnýtingu og endurvinnslu á raftækjum hér á landi en með endurnýtingu hluta úr gömlum tækjum má búa til heilt tæki með litlum tilkostnaði. Tækin eru til dæmis seld til þróunarlanda fyrir brot af upphaflegu verði. Með átakinu vill Vodafone einnig fylgja eftir WEE, tilskipun Evrópusambandsins um rétta meðhöndlun á rafeindaúrgangi.



# Floridana

# VIRKNI







Tveir nýir og bragðgóðir ávaxtasafar með virkum jurtum sem hjálpa þér í átt að heilsusamlegra líferni.

---

**YERBA MATE** er ávaxtasafi fyrir þá sem hugsa um línurnar.

**EINBEITING** er fyrir þá sem vilja skerpa athyglina.

Lestu meira um áhrif heilnæmu undrajurtanna **Yerba Mate** og **Ginkgo biloba** á **floridana.is**.

---

„Floridana Virkni er kærkomin viðbót fyrir þá sem hugsa um heilsuna og vilja rækta líkamann. Prófaðu virknisafana frá Floridana. Þeir virka.“

**Sölvi Fannar** – einkaþjálfari.



# Nýtir hvert einasta tækifæri til að hlaupa

Hjartadagshlaupið fór fram í fjórða sinn nú á sunnudaginn, alþjóðlegum hjartadegi. Alls tóku 200 manns þátt í hlaupinu en hlaupnar voru tvær vegalengdir, 10 kílómetrar og 5 kílómetrar. Íris Anna Skúladóttir var annar sigurvegara í 10 kílómetra hlaupi en hún hljóp á 41,22 mínútum. „Þetta er nú reyndar ekki góður tími, ég kenni veðrinu um," segir Íris Anna hlæjandi en úrhellisrigning var á sunnudaginn. Hún þarf þó ekki að gera lítið úr hlaupahraða sínum þar sem hún sigraði einnig hálfmaraþon í Reykjavíkurmaraþoninu í sumar. Hún segist nota hvert tækifæri til að hlaupa.

„Götuhlaupin eru besta æfingin til að komast í form. Ég æfi langhlaup með Fjölni og í vetur keppum við í götuhlaupum. Poweradehlauparöðin byrjar núna í október en svo hefst innanhússtímabilið í janúar."



Íris Anna Skúladóttir sigraði í 10 kílómetra hlaupi á alþjóðlegum hjartadegi á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íris Anna tók einnig þátt í hjartadagshlaupinu árið 2007 en afi hennar er hjartveikur. Markmið hjartadagsins er að auka vitund og þekkingu almennings á ógnum hjarta- og æðasjúkdóma og leggja áherslu á heilbrigða lífshætti.

Þrátt fyrir að Íris Anna geri lítið úr árangri sínum á sunnudaginn hlaut hún þó glæsileg verðlaun fyrir frammistöðuna, gistingu fyrir tvo á Fosshóteli og þriggja rétta kvöldverð. „Ég á sannarlega eftir að nýta mér þau einhvern tímann."

Að hlaupinu loknu bauð Kópavogsbær öllum þátttakendum í sund í rigningunni sem Íris Anna segir hafa verið góðan endi á deginum. *- rat*




Ertu oft þreytt og orkulítil?

Taktu ábyrgð á eigin heilsu.
Almennar náttúrulækningar.
Regndropanudd, fótanudd ofl.

HEILSUMEISTARINN-
HAFDÍS ÓSK
Sími 8670208



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...




FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í Skerjafirði má finna góða staði þar sem hægt er að setjast niður og horfa út á sjóinn sem getur verið einstaklega róandi.

# Einveran getur verið góð

**Stundum er gott að eiga smá kyrrðarstund með sjálfum sér á einhverjum fallegum stað og hlaða batteríin aðeins.**

Allir hafa þörf fyrir að eiga annað slagið smá stund með sjálfum sér í friði og ró. Innan borgarmarkanna má finna marga fallega staði þar sem auðvelt er að setjast niður, slappa af og láta hugann reika. *- eö*



Hallgrímskirkja er góður staður til að ná sér í örlitla innri ró.



Úti á Gróttu er fallegt útivistarsvæði og gott fyrir sálina að fá sér göngutúr þangað og njóta náttúrunnar.



Í Fossvogskirkjugarði er hægt að hvíla lúin bein innan um fallega legsteinana og leiða hugann frá amstri dagsins.

# Gengur eins og í sögu

„Þetta gekk þrusuvel og var bara skemmtilegt í alla staði,“ segir Jón Viðar Arnþórsson, formaður bardagaíþróttaklúbbsins Mjölnis, sem fagnaði fimm ára afmæli um helgina.

Mikill fjöldi fólk safnaðist saman í húsakynnum félagsins að Mýrargötu 2 þar sem æfingabúðum var slegið upp um daginn í tilefni af afmælinu. Um kvöldið var síðan boðið í veislu sem stóð langt fram á nótt að sögn Jóns. „Ég get óhikað sagt að fólk hafi skemmt sér mjög vel.“

Jón segir áhuga á bardagaíþróttum hafa aukist mikið á þeim fimm árum sem liðin eru frá stofnun Mjölnis. Til marks um það séu félagsmenn orðnir um 260 talsins og eru þá ótaldir þeir 200 sem æfa með ketilbjöllur í húsinu. „Ætli við séum ekki stærsta bardagaíþróttafélag landsins miðað við þessa tölu. Enda höfum við þurft að vísa fólki frá undanfarið vegna skorts á fermetrum,“ segir Jón en getur þess að unnið sé hörðum höndum að úrlausn vandans. „Við stefnum að því að fá hæðina fyrir ofan okkur í haust.“ Hann bætir við að næsta mál á dagskrá sé að komast í ÍBR.



Jón segist skynja aukinn áhuga á bardagaíþróttum og ketilbjöllum.



**● Á NORÐURLANDAMÓTI Í FITNESS** Þrír íslenskir keppendur stefna á þátttöku í Norðurlandamótinu í fitness og vaxtarrækt sem fer fram í Helsinki í Finnlandi 22. til 23. október. Þetta eru Magnús Bess Júlíusson, Rannveig Kramer og Sigurður Kjartansson, en viðbúið er að fleiri bætist í hópinn. Þess má geta að samtímis mótinu fer fram ráðstefna Norðurlandasambands IFBB, en Einar Guðmundsson á sæti í stjórn þess.

Heimild: fitnessfrettir.is



**● FJALLAÐ UM ÞUNGLYNDI** William R. Beardslee, geðlæknir og prófessor við Harvard Medical School, flytur fyrirlestur um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn þunglyndi á Grand hóteli 1. október næstkomandi, í boði Geðverndarfélags Íslands. Dr. Beardslee hefur um árabil unnið að rannsóknum á fyrirbyggjandi aðgerðum og aðferðum sem tengjast þunglyndi í fjölskyldum. Þessar aðferðir þykja hafa skilað góðum árangri.

Fyrirlestur dr. Beardslee hefst klukkan 12 en þess má geta að heimsóknin er liður í afmælisfagnaði Geðverndarfélags Íslands sem er 60 ára á árinu.

**● SWING OG SALSA** Háskóladansinn er áhugamannafélag sem leggur áherslu á fjölbreytta danskennslu, allt frá salsa og upp í swingdansa. Dansinn er öllum opinn þótt helst sé hann ætlaður háskólanemum og eru í boði námskeið fyrir byrjendur sem og lengra komna. Kennsla fer fram í leikfimisal Háskóla Íslands og Mósaík. Félagið stendur þess utan fyrir danskvöldum á fleiri stöðum. Önnin kostar 5.000 krónur fyrir háskólanema og 7.000 krónur fyrir aðra. Veitir það inngöngu í alla dansa. Nánar á www.haskoladansinn.is/.




Áhættumat

Forvörn gegn hjarta- og æðasjúkdómum



Þitt framlag
1. Reyktu ekki
2. Hreyfðu þig daglega
3. Borðaðu hollan mat
4. Haltu kjörþyngd
5. Forðastu óhóflega streitu

Láttu kanna
6. Blóðþrýsting
7. Blóðsykur
8. Kólesteról
9. ... og ráðfærðu þig við lækni

Síðast en ekki síst
10. Njóttu lífsins en farðu vel með hjartað... þú átt bara eitt!

Tilgangur áhættumats

að greina áhættuþætti og meta áhættu á einstaklingsgrunni

að greina sjúklinga með áður óþekktan kransæðasjúkdóm

að veita einstaklingsmiðaða ráðgjöf um lífsstílsbreytingar

að hefja meðferð við áhættuþáttum ef við á

að beina þeim sem þarfnast frekari sérfræðimeðferðar í réttan farveg



Þekkir þú áhættuþættina þína?

Tímapantanir í síma: 535 1800

RANNSÓKNARSTÖÐ HJARTAVERNDAR

WORLD HEART FEDERATION®

hjartarannsókn

FORVÖRN GEGN HJARTA- OG ÆÐASJÚKDÓMUM

Holtasmári 1 • 201 Kópavogur • sími: 585 4700/535 1800
www.hjartarannsokn.is • www.hjarta.is



**• SUNDKNATTLEIKUR Í HAUST** „Við tökum vel á móti öllum og gerum enga sérstaka kröfu til hæfileika nema að þátttakendur séu sæmilega syndir," segir Tómas Þorsteinsson, talsmaður sundknattfélags Ægis, sem býður upp á námskeið í sundknattleik í haust og vetur. Félagið stendur fyrir æfingum í Laugardagslaug þrisvar í viku og eins og sakir standa eru þær aðallega ætlaðar fullorðnum. „Svo ætlar Sundfélagið Ægir, sem við erum hluti af, að fara að kynna íþróttina fyrir ungum krökkum innan sinna raða og þannig byggja hana upp frá grunni. Þangað til er þó tekið við unglingum niður í fimmtán ára," segir hann. En hvert er þátttökugjaldið? „Við rukkum ekki fyrir fyrstu æfingarnar en svo er gjaldið 4.500 krónur á mann." Tómas bætir við að hægt sé að senda fyrirspurnir á waterpolo@waterpolo.is. Nánari upplýsingar jafnframt á waterpolo.is.

**• HVAÐ Á BARNIÐ AÐ BORÐA?** Námskeið um hvernig útbúa skuli einfaldan og næringarríkan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri hefst hjá Manni lifandi fimmtudaginn 30. september. Þar mun Ebba Guðný Guðmundsdóttir fara yfir hvaða fæðutegundir skal bjóða barninu og á hvaða tíma en réttirnir nýtast einnig þeim sem elda fyrir eldri börn. Kennt verður að útbúa einfalda rétti sem innihalda ávexti og grænmeti, baunir, kaldpressaðar olíur, möndlur og fræ svo eitthvað sé nefnt. Réttir og drykkir verða útbúnir á staðnum og uppskriftir að þeim fylgja. Skráning er hafin hjá Manni lifandi.



# Um 300 aðgerðir á ári

**Á hverju ári þarf að gera nokkur hundruð aðgerðir á íslenskum karlmönnum vegna forhúðarvandamála. Sjúkratryggingar Íslands niðurgreiddu á síðasta ári meira en 300 slíkar aðgerðir.**



Hérlendis tengist umskurður eða minni aðgerðir sem gera þarf á forhúð fullorðinna karlmanna og drengja í níutíu prósent tilvika heilsufarslegum ástæðum. NORDICPHOTOS/AFP

Talið er að um einn þriðji hluti karlmanna í heiminum sé umskorinn og er það yfirleitt af trúarlegum ástæðum. Hér á landi tengist umskurður eða minni aðgerðir sem gera þarf á forhúð fullorðinna karlmanna og drengja, þó í níutíu prósent tilvika heilsufarslegum ástæðum. Slíkar aðgerðir eru þá niðurgreiddar af Sjúkratryggingum Íslands og á síðasta ári voru þær aðgerðir yfir 300 talsins og er þar aðeins um að ræða aðgerðir sem framkvæmdar voru á stofum lækna utan sjúkrahúsa.

„Umskurður er trúartengt atriði og ofan á það tíðkast það í Bandaríkjunum til dæmis að stór hluti karlmanna þar í landi er umskorinn, eða líklega um helmingur. Hér á landi eru slík tilvik afar sjaldgæf og aðgerðir á forhúð karlmanna hérlendis tengjast yfirleitt undirliggjandi bólgusjúkdómum í forhúð sem veldur vanlíðan, sáramyndun og ertingu," segir Guðjón Haraldsson þvagfæraskurðlæknir. „Sjúkdómar í forhúð eru þá exemtengdir sjúkdómar sem valda sköddun á forhúðinni sem þarf að fjarlægja. Stundum kemur fyrir að forhúðin er of þröng en bólgusjúkdómar eru þó langalgengasta orsökin fyrir aðgerð."

Ekki er alltaf nauðsynlegt að fjarlægja alla forhúðina með umskurði heldur er skorið í forhúðina til að víkka hana út í minni aðgerð. Forhúðarvandamál koma oftast fram á kynþroskaskeiði karlmanna og því algengara að slíkar aðgerðir séu gerðar á fullorðnum karlmönnum. *-jma*


# Byrjendanámskeið í Hot jóga

**Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið í Hot jóga hefst þriðjudaginn 5. október**

JÓGA Stúdíó



Námskeiðið er kennt á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 20:00 – 21:00 í fjórar vikur í senn.
Þátttekendur geta mætt í alla opna tíma á meðan á námskeiðinu stendur.
Eftir námskeiðið fá þátttakendur eina fría viku auk 15% afslátt af kortum.
Upplýsingar og skráning í síma 695-8464 Drífa og 772-1025 Ágústa.
Eða á jogastudio.is

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@jogastudio.is



Ágústa Kolbrún Jónsdóttir
772-1025



Drífa Atladóttir
695-8464




Kristín hefur tileinkað sér bowentækni, reikiheilun og regndropameðferð auk kundalini-jóga sem hún byrjar að kenna í Orkulundi í þessari viku. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

# Elsta form af jóga æft í Orkulundi á Akureyri

Orkulundur er ný heilsumiðstöð að Víðilundi 1 á Akureyri. Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir bowentæknir er ein þeirra sem þar hjálpar fólki að öðlast betri heilsu með náttúrulegum aðferðum. Hún er að byrja með kundalini-jógatíma í þessari viku, auk þess að vera með þrjár tegundir af meðferð, það eru bowentækni, reikiheilun og regndropameðferð sem er sérstök tegund af ilmolíunuddi. „Regndroparnir er flottasta varan í dag í olíubransanum," lýsir hún.

Kristín segir kundalini-jóga henta öllum og styðja fólk í því að takast á við hraða og kröfur nútímasamfélagsins. „Kundalini er elsta form af jóga sem til er og oft nefnt móðir alls jóga," segir hún. „Það var stundað í Tíbet og Indlandi gegnum árþúsundin og kom til Vesturlanda fyrir tilstilli Yogi Bhajan sem taldi það vera fljótlegustu leiðina til að koma á samstillingu milli líkama, hugar og sálar."

Kristín er að koma sér upp heimasíðu, www.heilsu.net. *-gun*




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# FRÁBÆR TILBOÐ Á HÁGÆÐA SJÓNVARPSTÆKJUM

# PHILIPS




**Philips 42PFL5405H**
42" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080 upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**169.995**
FULLT VERÐ 249.995




**Philips 22PFL3415**
22" LCD LED örþunnt sjónvarp með 1366x768p upplausn, stafrænum HDTV móttakara, Digital Crystal Clear, 150.000:1 skerpu, HD-Ready, Scart, HDMI, USB media browser, Component, SVHS, CVBS, S/PDIF, PC, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ**
**89.995**
FULLT VERÐ 99.995




**Philips 32PFL3605H**
32" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Progressive Scan, Digital Crystal Clear, dýnamískri 50.000:1 skerpu, 20w RMS Incredible Surround víðómahljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 2x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**109.995**
FULLT VERÐ 159.995




**Philips 32PFL5405H**
32" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD , 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 100.000:1 skerpu, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**139.995**
FULLT VERÐ 169.995




**Philips 40PFL5605H**
40" Full HD LCD sjónvarp með LED, 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**219.995**
FULLT VERÐ 299.995




**Philips 37PFL7605H**
37" Full HD LCD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, AMBILIGHT SPECTRA 2 baklýsingu, HD natural motion, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 4x HDMI, Net TV (YouTube o.fl) ofl.

ambi light

**TILBOÐ**
**249.995**
FULLT VERÐ 279.995




**Philips 46PFL5605H**
46" Full HD LCD sjónvarp með LED, 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**299.995**
FULLT VERÐ 399.995

EISA AWARD Best Product 2010-2011
BEST EUROPEAN LCD-TV
Philips PFL9705

Philips er einn virtasti framleiðandi heims á sjónvörpum og hefur hlotið fleiri EISA verðlaun fyrir sjónvörp en nokkur annar.

Philips fékk EISA verðlaun fyrir besta sjónvarp Evrópu 2010.

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



Anna Rósa Bjarnadóttir hárgreiðslumeistari ásamt Þóru Davíðsdóttur, löggiltum fótaaðgerðarfræðingi við opnunina. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Gert að hári og fótum heldri borgara

**Hárgreiðslu- og fótaaðgerðastofa var opnuð í Boðanum um helgina. Þar er sérstök verðskrá fyrir alla heldri borgara.**

Í þjónustumiðstöð Kópavogs í Boðaþingi, Boðanum, hefur hárgreiðslustofu og fótaaðgerðastofu verið komið á fót. Stofurnar voru opnaðar á laugardag og kom Félag eldri borgara í Kópavogi saman til að halda upp á tímamótin. Stofurnar eru opnar öllum, en sérstök verðskrá er fyrir alla heldri borgara, 67 ára og eldri, og verður hún hin sama og á öllum þjónustumiðstöðum Hrafnistu.

Þjónustumiðstöðin, sem er ætluð íbúum Hrafnistu í Boðaþingi auk allra eldri borgara í Kópavogi, var tekin í notkun fyrr á þessu ári en þetta er þriðja félagsheimilið fyrir eldri borgara í Kópavogi sem opnað hefur verið á síðustu sautján árum. Hugmyndafræðin á bak við opnun þessara félagsheimila er að bærinn vinni með fólkinu, en ekki fyrir það og er opnun hárgreiðslustofunnar og fótaaðgerðastofunnar einn liðurinn í því að bjóða fjölbreytta þjónustu fyrir eldri borgara í Boðanum.

Hárgreiðslustofan verður opin alla þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga, en fótaaðgerðastofan verður opin alla þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga. *- jbá*


Molinn ungmennahús, er í hjarta Kópavogs.

## Ungmennahús í hringiðunni

MOLINN ER Í HRINGIÐU MENNINGAR Í KÓPAVOGI

Í Kópavogi er að finna ungmennahúsið Molann, sem hóf starfsemi sína í maí 2008. Molinn er á besta stað í Kópavogi og er ekki langt að sækja hina ýmsu menningarviðburði eða söfn. Molinn tók til starfa í nýrri byggingu á menningarholtinu svokallaða, ásamt öðrum menningarstofnunum bæjarins. Molinn er ætlaður ungu fólki á aldrinum 16-25 ára og skiptist starfsemin í aðalatriðum í þrennt. Fyrst má nefna menningarlega viðburði og er það hugmyndin að þar geti ungt fólk komið sér og list sinni á framfæri. Í öðru lagi gegnir Molinn félagslegu hlutverki sem staður sem býður upp á jákvætt og vímulaust umhverfi og afþreyingu. Í þriðja lagi hefur Molinn boðið upp á ýmiss konar þjónustu og námskeið auk þess sem ráðgjöf og hjálp í tengslum við atvinnu og námsleit hér heima og erlendis er hægt að sækja til starfsfólks Molans. Á sumrin sér Molinn um Skapandi sumarstarf á vegum Kópavogsbæjar en um er að ræða átta vikur þar sem ungum og skapandi Kópavogsbúum gefst kostur á að vinna við eigin hugmyndir. *- jbá*

bfo.is
Þjónustuverkstæði fyrir eftirtaldar bifreiðar
reynsla – þekking – góð þjónusta
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Sólbaðsstofan Sælan
ENGINN GILDISTÍMI Á KORTUM



Sólbaðsstofan Sælan | Bæjarlind 1 | 201 Kópavogi | Sími: 544-2424 | www.saelan.is

;ALLT
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

HELGIN
Laugardaga

# Unnu titilinn á afmæli „ömmu“

**Blikar lönduðu titlinum á fæðingarafmæli „ömmu Breiðabliks“.**

Svo sem frægt er varð Breiðablik Íslandsmeistari í fótbolta í fyrsta skipti 25. september. Svo skemmtilega vill til að þann dag hefði Hulda Pétursdóttir orðið níræð ef hún hefði lifað en hún gekk lengi undir nafninu amma Breiðabliks. Hún lést í apríl árið 2007.

Hulda var formaður Handknattleiksdeildar félagsins um tíma og einnig þátttakandi í starfi knattspyrnudeildarinnar. Hún var Breiðablikskona af lífi og sál og fastagestur á leikjum félagsins enda hafði hún óbilandi trú á Blikunum og hvatti þá til dáða. Eflaust hefur hún verið einhvers staðar á hliðarlínunni á laugardaginn og þótt mikið til sinna manna koma. *- gun*


Blikarnir fagna unnum sigri. Kannski hefur „amma“ fylgst með. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




TIL LEIGU SMÁRATORG 3
GLÆSILEG SKRIFSTOFUBYGGING Í MIÐJU HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

**Smáratorg 3** er hæsta bygging landsins, vel staðsett í miðju höfuðborgarsvæðisins á einu sterkasta þjónustusvæði landsins, mitt á milli tveggja af sterkustu verslunarmiðstöðvum landsins Smáralindar og Smáratorgs.

**Gott aðgengi og fjöldi bílastæða**
Glæsileg móttaka er í byggingunni með símsvörun og móttöku gesta. Á lóðinni er fjöldi bílastæða með góðu aðgengi til og frá helstu stofnbrautum.

**Höfum til leigu skrifstofuhúsnæði frá 50 m² að stærð.**
Taktu þátt í blómlegum rekstri í miðju höfuðborgarsvæðisins í glæsilegu umhverfi á einu mest vaxandi verslunar- og þjónustusvæði landsins.

Allar nánari upplýsingar veitir Davíð Freyr Albertsson í síma: 897 2822 eða netfang: david@smi.is eða Arnar Hallsson í síma: 892 5858 eða netfang: arnar@smi.is.

smi Real Estate Group
Smáratorgi 3 | 201 Kópavogur | www.smi.is




Komdu með málin og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.
Mán. - föst. kl. 09-18
Lau. kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

**Tannþráður** er nauðsynlegur til að viðhalda góðri tannheilsu en samkvæmt leiðbeiningum Lýðheilsustöðvar ætti að nota tannþráð til að hreinsa á milli tannanna einu sinni á dag. Hann virðist hins vegar ekki vera í eins mikilli notkun og æskilegt er en samkvæmt rannsókn Lýðheilsustöðvar, Heilsa og líðan Íslendinga 2007, nota einungis 12 prósent karla og 24 prósent kvenna á aldrinum 18-79 ára tannþráð.




## Fararstjórn erlendis

**Meðal námsefnis:**
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



**Ferðalandafræði:** Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

**Leiðbeinendur eru:** Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri, Pétur Björnsson Consúll, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður, Höskuldur Frímannsson leiðsögumaður, Sigurður A. Magnússon rithöfundur, Magnús Björnsson fararstjóri, Pétur Óli Pétursson fararstjóri, Bjarni Randver Sigurvinsson guðfræðikennari, Sr. Bjarni Karlsson sóknarprestur, Ómar Valdimarsson blaðamaður.

Ferðamálaskóli Íslands **Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**



VÍSIR.IS
*„...ég sá það á vísi"*


Beinþynning er sjúkdómur sem lýsir sér þannig að þéttleiki og gæði beinvefjar minnka sem leiðir til þess að hætta á beinbrotum eykst. Næring, líkamsþyngd, hreyfingarleysi, reykingar, áfengi og sjúkdómar eru þættir sem geta haft áhrif á beinþynningu. Mikilvægt er að fá nægilegt kalk og D-vítamín til að sporna við sjúkdómnum.



**Heimild: ms.is**



Ólöf Einarsdóttir kynnti sér eyrnanálastungur í New York fyrir nokkrum árum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hætt að reykja

**Nudd- og nálastungusetrið við Skólavörðustíg býður upp á ný námskeið fyrir einstaklinga eða hópa sem vilja hætta að reykja.**

„Þarna hjálpum við fólki að vinna bug á nikótínfíkn og þeirri vanlíðan sem henni fylgir," segir Ólöf Einarsdóttir nálastungusérfræðingur sem mun ásamt Gunnari L. Friðrikssyni, sjúkraliða og nuddara, bjóða upp á námskeið við Nudd- og nálastungusetrið í vetur fyrir þá sem vilja hætta að reykja.

„Námskeiðin byggjast meðal annars á NADA eyrnanálastungum, þar sem stungið er í fimm tiltekin svæði á eyranu, en það hefur til dæmis róandi áhrif á taugakerfið," segir Ólöf, sem kynnti sér aðferðina í New York fyrir nokkrum árum. „Ég heimsótti einn af frumkvöðlum þessarar aðferðar, bandarískan geðlækni að nafni Michael Smith sem starfar við Lincoln Recovery og hafði síðan á 8. áratugnum notað hana með góðum árangri á fíkla. Ég varð alveg heilluð af aðferðinni og ákvað að tileinka mér hana," segir Ólöf og bætir við að hún hafi verið að ryðja sér til rúms um allan heim síðustu ár. „Ég veit að geðlæknar hafa notað aðferðina í Danmörku og henni hefur einnig verið beytt með góðum árangri í breskum fangelsum."

Samhliða nálastungum verður á námskeiðunum stuðst við slökunaræfingar undir handleiðslu Gunnars. „Þetta eru hugleiðsluæfingar sem kallast Mindfullness og hafa verið notaðar af sálfræðingum ofan á hugræna atferlismeðferð til að bregðast við þunglyndi, áfallastreitu og kvíðaröskun. Þær hafa dugað vel gegn fíkn og fylgifiskum hennar, depurð, reiði og tómleikatilfinningunni sem fylgir því að hætta að reykja," segir hann.

Fyrsta námskeiðið hefst næsta mánudag. „Hvert námskeið stendur yfir í þrjár vikur og hittumst við sex sinnum," segir Gunnar og getur þess að þátttakendur þurfi ekki að vera reyklausir í upphafi. „Fólkið verður þó að losa sig við allt sem tengist níkótínfíkn, meðan á námskeiðinu stendur." Nánar á www.dao.is. *roald@frettabladid.is*


Stelpur Konur
TT námskeið
Staðurinn - Ræktin



## Viltu ná kjörþyngd og komast í form?
## Ný námskeið hefjast 3. október
## Innritun hafin í síma 581 3730

TT námskeiðin okkar sívinsælu, frá toppi til táar, miðast við að veita konum leiðsögn um lífshætti sem skila árangri. Þau byggjast á áralangri reynslu og fela í sér leiðbeiningar um mataræði, líkamsbeitingu, fundi, vigtun og mælingar.

TT námskeiðin standa yfir í sex vikur. Þrjá tíma í viku er stunduð markviss líkamsrækt sem eflir þol og styrk og tekur mið af einstaklingsbundinni getu. Vigtað er í hverjum tíma og mælingar gerðar þrisvar á tímabilinu. Fundur er haldinn einu sinni í viku. Við veitum persónulega þjónustu í notalegu umhverfi þar sem algjör trúnaður ríkir.

**TT tímar í boði:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 6:15 | A | mánu-, miðviku- og föstudagar | FULLBÓKAÐ | |
| 7:20 | C | mánu-, miðviku- og föstudagar | | |
| 10:15 | D | mánu-, miðviku- og föstudagar | ÖRFÁ PLÁSS | Barnapössun |
| 12:05 | F | mánu-, miðviku- og föstudagar | | Barnapössun |
| 14:20 | G | mánu-, miðviku- og föstudagar | ÖRFÁ PLÁSS | |
| 16:40 | H | mánu-, miðviku- og föstudagar | FULLBÓKAÐ | Barnapössun |
| 17:40 | I | mánu- og þriðjud, fimmtud 18:25 | ÖRFÁ PLÁSS | Barnapössun |
| 18:40 | J | mánud, - miðvikud 19:25 og lau 8:30 | | |
| 18:25 | TT3 | Mánu- og miðvikud - (16-25 ára) | FULLBÓKAÐ | |

**Námskeið hefjast 3. október.** Fundur fyrir alla flokka sunnudaginn 3. október kl. 16:00 og 17:00.
Námskeiðum fylgir frjáls mæting í tækjasal!

Ósóttar pantanir seldar frá 29. september. Næsta námskeið hefst 14. nóvember.

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun





FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar
Nýtt og enn öflugra
System +
fyrir dömu og herra
kr. 34.995,-
NÝTT
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is





Eldofninn
PIZZERIA
KOMDU Í PIZZU
EÐA TAKT´ANA MEÐ HEIM
Eldofninn, Bústaðavegi • sími 533 1313 • eldofninn.is

## Atvinna

SELTJARNARNESBÆR

### Auglýsir eftir stuðningsfulltrúa í Grunnskóla Seltjarnarness um 50% stöðugildi er að ræða

Óskað er eftir að ráða stuðningsfulltrúa sem hefur m.a. umsjón með börnum með þroskafrávik, aðstoðar í kennslustundum og hefur frumkvæði að leikjum með nemendum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

o Kostur að hafa lokið stuðningsfulltrúanámi
o Samstarfshæfni, stundvísi, sveigjanleiki og frumkvæði
o Þekkir til starfsemi grunnskóla
o Hefur reynslu eða áhuga á að vinna með börnum
o Kostur að hafa þjálfað eða æft íþróttir

**Umsóknarfrestur er til 8. október 2010**

Á Seltjarnarnesi eru um 600 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk.

Nánari upplýsingar fást hjá, Eddu Óskarsdóttur deildarstjóra sérkennslu í síma 5959 200 eða með tölvupósti á netfangið eddao@seltjarnarnes.is
**Fræðslu-, menningar- og þróunarsvið Seltjarnarnesbæjar**
**www.grunnskoli.is**

MOSFELLSBÆR

Lágafellsskóli

### Lágafellsskóli Mosfellsbæ

Vegna forfalla vantar strax umsjónarkennara í 60% starf á yngsta stig.

Laun samkvæmt kjarasamningi KÍ og LN.

Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525 9200/896 8230 eða Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri í síma 525 9200/692 0233.

Umsóknir sendist á netföngin johannam@lagafellsskoli.is eða asta@lagafellsskoli.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

## Tilkynning

LANDSKJÖRSTJÓRN

### Auglýsing um kosningar til stjórnlagaþings.

Með vísan til 4. gr. laga um stjórnlagaþing, sbr. 7. gr. sömu laga, hefur forseti Alþingis ákveðið að kosning til stjórnlagaþings fari fram laugardaginn 27. nóvember nk.

**Kjörgengir til stjórnlagaþings eru þeir** sem eru kjörgengir við kosningar til Alþingis. Forseti Íslands, alþingismenn, varamenn þeirra, ráðherrar og nefndarmenn í stjórnlaganefnd og undirbúningsnefnd til stjórnlagaþings eru þó ekki kjörgengir.

Framboðum skal skilað á eyðublöðum sem hægt er að nálgast á vef landskjörstjórnar: landskjor.is og á vef dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins: kosning.is. Á sömu vefsíðum er enn fremur að finna nánari upplýsingar um þau gögn og upplýsingar sem fylgja skulu framboði og um kosningarnar sjálfar.

Með framboði skal fylgja listi með minnst 30 og mest 50 meðmælendum, sem skulu fullnægja skilyrðum um kosningarétt til Alþingis, og skrifleg yfirlýsing við framboðið frá hverjum meðmælanda sem staðfest hefur verið af tveimur vottum.

Undirrituðum framboðum ásamt lista yfir meðmælendur skal skila til landskjörstjórnar ekki síðar en kl. 12.00 á hádegi mánudaginn 18. október nk. Póstfang landskjörstjórnar er: *Landskjörstjórn, Alþingishúsinu við Austurvöll, b.t. ritara landskjörstjórnar, 150 Reykjavík.*

**Kosningarrétt til stjórnlagaþings eiga þeir** sem uppfylla skilyrði 1. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Vegna atkvæðagreiðslunnar gera sveitarstjórnir kjörskrá á grundvelli kjörskrárstofna sem Þjóðskrá Íslands lætur þeim í té. Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga um kosningar til Alþingis og skráðir voru með lögheimili í tilteknu sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár Íslands þremur vikum fyrir kjördag (6. nóvember nk.). Enn fremur skal taka á kjörskrá þá sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr. sömu laga og síðast áttu skráð lögheimili hér á landi í tilteknu sveitarfélagi.

Einstök sveitarfélög munu auglýsa með venjulegum hætti nánar um kjörstaðina skömmu fyrir atkvæðagreiðsluna, m.a. hvenær þeir eru opnir, hvar þeir eru, hvernig skipt er í kjördeildir o.fl. Kjósendur eru beðnir að kynna sér vel þær upplýsingar.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar skal hefjast frá og með 10. nóvember nk. og ljúka kl. 12.00 á hádegi föstudaginn 26. nóvember nk.

Reykjavík, 17. september 2010.

Ástráður Haraldsson
Bryndís Hlöðversdóttir — Þórður Bogason
Hrafnhildur Stefánsdóttir — Þuríður Jónsdóttir

## Fasteignir

VALHÖLL FASTEIGNASALA

### Fasteignasala - Skjalafrágangur

Valhöll fasteignasala óskar eftir að ráða strax til starfa löggildan fasteignasala (eða með sambærilega menntun) í fullt starf við skjalafrágang. Frábært starfsumhverfi. Framtíðarstarf hjá öflugri og framsækinni fasteignasölu sem er í hópi stærstu fyrirtækja á sínu sviði.

**Nánari upplýsingar í síma 896-5221 (Bárður) eða 896-5222 (Ingólfur)**

**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

FOLD FASTEIGNASALA

**Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00**
**Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is**

### Verslunar/þjónustuhúsnæði í miðborginni.

Vantar verslunar- eða þjónustuhúsnæði, 60-100 fm. til leigu við Laugaveg eða nágrenni fyrir mjög traustan aðila.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu Foldar.

**Viðar Böðvarsson** viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

HÚSEIGN Fasteignamiðlun



Baldvin Ómar Lögg. fasteignasali

### Gyðuell 10, 4 hæð, miðju

**Opið hús í dag, þriðjudag kl. 18-18.30**




Falleg 2ja herbergja íbúð í rólegum stigagangi Íbúðin er laus fljótlega. **Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í síma 898-1177 eða á skrifstofu Húseignar í síma 585-0100**

**Suðurlandsbraut 48 • 108 Reykjavík • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109**
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. - fim. 10-18 • fös. 10-17
*Baldvin Ómar Magnússon - Löggiltur fasteignasali*

Það eina sem þarf er leitarorð.
**Vísir er með það.**




## Fasteignir

EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957 *Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

### Logaland 3 - fallegt raðhús




Fallegt 198 fm endaraðhús á fjórum pöllum ásamt 24 fm bílskúr. Gott aðgengi er að húsinu og hægt er að leggja við enda hússins ofan á bílskúrunum. Húsið er þó nokkuð endurnýjað m.a. eldhús, þak og fl. Útsýni er úr stofu og skjólgóður suðurgarður.
**OPIÐ HÚS Í DAG (ÞRIÐJUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00 V. 51,9 m.** 6000

### Vesturberg 11 - endaraðhús - laust strax




Fallegt endaraðhús á 2.hæðum samt. 213,7 fm. Bílskúr 30,9 fm. Húsið hefur verið talsv. endurn. m.a. endursteinað að utan. Nýl. eldhús, baðherbergi, innihurðir og fleira. Laust strax.
**OPIÐ HÚS Í DAG (ÞRIÐJUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00 V. 36,9 m.** 6026

### Frostafold 25 - laus strax




Rúmgóð 6 herbergja 141,2 m2 íbúð á efstu hæð auk 24,5 m2 bílskúrs, samtals 165,7 fm. Fjögur svefnherbergi. Íbúðin er á 3. og 4. hæð með frábæru útsýni og stórum suðursvölum.
**OPIÐ HÚS Í DAG (ÞRIÐJUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00 V. 27,9 m.** 6027

### Andrésbrunnur 15 - laus strax




Nýleg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í góðu lyftuhúsi ásamt stæði í þriggja bíla bílageymslu. Húsið er fallegt og stendur á góðum stað. Um er að ræða góða og vel skipulagða íbúð í nýlegu þriggja hæða lyftuhúsi.
**OPIÐ HÚS Í DAG (ÞRIÐJUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00 V. 21,9 m.** 6003

### Rauðamýri 3 - mikil lofthæð




Mjög flott 3ja herbergja 107,4 m2 endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli við Rauðamýri 3 í Mosfellsbæ. Tvennar svalir. Hátt til lofts. Mikið útsýni. Björt íbúð. Þetta er glæsileg og björt íbúð með útsýni til fjalla og út á sjó.
**OPIÐ HÚS Í DAG (ÞRIÐJUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00**
Íbúðin er laus og eru lyklar á Eignamiðlun. **V. 22,5 m.** 6028

# tímamót



76 **BRIGITTE BARDOT** leikkona og dýravinur er 76 ára

*„Það er sorglegt að eldast, en notalegt að þroskast. Karlar nutu fegurðar minnar og ungdóms, en dýrum gef ég visku mína og reynslu. Ég hef verið rík, falleg og fræg, en líka óhamingjusöm.“*



✝

*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir tengdafaðir og afi,*

**Jens Sævar Guðbergsson**

Garðbraut 83, Garði,

andaðist föstudaginn 24. september á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

**Ólöf Hallsdóttir**
**Sveinn Magni Jensson** **Dagmar María Hrólfsdóttir**
**Jens Óli Jensson** **Harpa Mjöll Magnúsdóttir**
**Sveinborg Petrína Jensdóttir** **Ólafur Ómarsson**
**Særún Thelma Jensdóttir** **Bjarni Páll Tryggvason**
**Hallur Þór Jensson**
**Sævar Gunnóli Sveinsson**
**Agnes Gunnþóra Sveinsdóttir**
**Elvar Unndór Sveinsson**
**Júlía Mjöll Jensdóttir**
**Ísak Helgi Jensson**
**Ólöf Sólveig Ólafsdóttir**
**Bergrún Dögg Bjarnadóttir**
**Sæþór Elí Bjarnason**
**Svandís Huld Bjarnadóttir**
**Brynhildur Þöll Bjarnadóttir**



✝

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, bróður, afa, langafa og langalangafa,*

**Rósmundar Sigurðssonar.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á 3. hæð Sólvangs í Hafnarfirði, fyrir frábæra umönnun, ljúft viðmót og hlýju.

**Rósmundur H. Rósmundsson** **Guðbjörg Oddsdóttir**
**Richard Henry Eckard** **Oddný Guðjónsdóttir**
**Elísabet Kolbrún Hansdóttir** **Hafsteinn Guðmundsson**
**systkini, afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**



✝

*Eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,*

**Jóhann Ágústsson,**

Kópavogstúni 8, Kópavogi,

verður jarðsunginn í Bústaðakirkju, fimmtudaginn 30. september kl. 13.00.

**Svala Magnúsdóttir**
**Magnús Valur Jóhannsson** **Bjarnveig Ingvarsdóttir**
**Guðmundur Örn Jóhannsson** **Íris Gunnarsdóttir**
**Sólveig Fríða Jóhannsdóttir** **Ingimar Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Kristín Stefanía Kristjánsdóttir,**

Keilusíðu 9a, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 17. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks í Lerkihlíð fyrir yndislegheit og frábæra umönnun.

**Hólmgeir Kristján Brynjólfsson** **Ingibjörg Sigurvinsdóttir**
**Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson** **Halla Eyþórsdóttir**
**Rannveig Kristín Brynjólfsdóttir**
**Sigurður Magnús Brynjólfsson** **Kristín Stefánsdóttir**
**og ömmubörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Álfheiður Guðjónsdóttir,**

Hlíf II, Torfnesi, Ísafirði,

lést á Öldrunardeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði 23. september og verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju þriðjudaginn 5. október kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

Lára Guðbjörg Oddsdóttir Sigmar Ingason
Kristín Oddsdóttir Bonde Peter Bonde
**Guðný Lilja Oddsdóttir** **Árni Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,*

**Erla Ingimundardóttir,**

Dverghömrum 4, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 18. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Snjólfur Fanndal Kristbergsson**
**Anna Berglind Þorsteinsdóttir** **Guðmundur Valgeirsson**
**Ingimundur Heimir Hannesson** **Þórlaug Braga Stefánsdóttir**
**Kristberg Snjólfsson** **Margrét Marísdóttir**
**Guðbjörg Dögg Snjólfsdóttir** **Ingólfur Snorri Bjarnason**
**barnabörn og systkini hinnar látnu.**



✝

*Elskulegur ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Magnús Blöndal**

lést miðvikudaginn 15. september og verður jarðsunginn frá Grensáskirkju, miðvikudaginn 29. september kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Jónas Blöndal Sigríður G. Blöndal
Arnþór Blöndal María G. Blöndal
Sigurður Blöndal
afabörn og langafabörn.



✝

*Ástkær sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Sölvi Heiðar Matthíasson**

Melasíðu 6i, Akureyri

varð bráðkvaddur á heimili sínu föstudaginn 17. september. Útförin fer fram frá Hvítasunnukirkjunni á Akureyri föstudaginn 1. október kl. 13.30.

**Anna María Þórhallsdóttir**
**Ásta Ottesen** **Páll H. Jónsson**
**Gunnlaug Ottesen** **Friðrik Diego**
**Þórhallur Ottesen** **Margrét Jóhannsdóttir**
**Kristín Ottesen** **Sigmundur Ásgeirsson**
**Vilhelm Ottesen**
**og frændsystkini.**



**Í AFMÆLISSKAPI** Bragi horfir björtum augum til framtíðar og hyggst bjóða persónulega og góða þjónustu um ókomna tíð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**LEIKSPORT:** 20 ÁR Í HÓLAGARÐI

## Gaman saman

„Ég vann hér í matvöruversluninni Hólagarði fyrir tuttugu árum og sá þá kjörið tækifæri til að láta draum um lítið fjölskyldufyrirtæki rætast,“ segir Bragi Björnsson kaupmaður um Leiksport sem hann opnaði fyrir tuttugu árum í verslunarmiðstöðinni Hólagarði í Efra-Breiðholti. Þar selur hann íþróttavörur, ritföng og leikföng við miklar vinsældir Breiðhyltinga.

„Ég fór fljótlega í samstarf við ÍR og Leikni um að selja keppnisbúninga þeirra, en ritföng, leikföng og íþróttavörur passa vel saman. Hér tekur ein árstíð við af annarri og alltaf nóg að gera,“ segir Bragi um viðskiptin, en Hólagarður er ein fárra verslunarmiðstöðva sem enn lifa í úthverfum.

„Leiksport hefur lifað vegna þolinmæði og þrautseigju því það gerist ekki á ári að byggja upp verslunarrekstur. Við konan og börnin vinnum í þessu saman og alltaf jafn gaman að koma í vinnuna. Nálægð við hverfisbúa er mikil og maður þekkir hér nánast hvert andlit, enda búðin eins og hálfgerð félagsmiðstöð,“ segir Bragi brosandi, en við búðarborðið hefur hann séð tímana breytast og mennina með.

„Fyrir áratug voru fleiri húsmæður heima og heilmikið að gera fyrir hádegi, en nú eru hverfin hálftóm til klukkan tvö. Á meðan eru börnin meira ein og leita þá mikið hingað til að stytta sér stundir og brúa bilið meðan beðið er, en eins til að ræða málin. Ég hef alltaf haft gaman af börnum sem koma því þau spyrja svo mikið og skemmtilega, og á nú marga góða kúnna sem komu hingað sem krakkar, því við sinntum þeim og sýndum áhuga,“ segir Bragi sem nú merkir enn meiri verslun Breiðhyltinga í heimabyggð.

„Eftir að kreppti að lætur fólk bílinn sinn kólna og labbar í búðina, enda meðvitað um að gera þarf innkaupin heima vilji það þjónustu verslana áfram,“ segir Bragi.

„Breiðholtið hefur óverðskuldað hlotið neikvæða umræðu í svo mörgu, en það gæti breyst með uppbyggingu Jóns Gnarr, sem vonandi hefst sem fyrst. Það verður gaman að sjá hann poppa Breiðholtið upp.“ **hordis@frettabladid.is**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn,*

**Jóhannes Arason**

fyrrverandi útvarpsþulur, Þórsötu 25,

lést sunnudaginn 26. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Elísabet Einarsdóttir**



✝

*Alúðarþakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og virðingu við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Kristjáns J. Gunnarssonar**

fyrrv. fræðslustjóra.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Skjóls fyrir umhyggju og hlýju. Guð veri með ykkur öllum.

**Guðrún Kristjánsdóttir** **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson**
**Kristján S. Kristjánsson** **Margrét Steinarsdóttir**
**Hörður Kristjánsson** **María Hrönn Gunnarsdóttir**
**Elín Kristjánsdóttir** **Baldur V. Hannesson**
**Ásdís Kristjánsdóttir** **Ársæll Kristjánsson**
**afabörn og langafabörn.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Ódýrt og gott í matinn í Bónus




BÓNUS BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR




NÝ LÍNUÝSA BEINLAUS OG ROÐLAUS




K.S FROSIN LAMBALIFUR

K.S FROSIN LAMBAHJÖRTU




BÓNUS FROSNIR ÝSUBITAR
Í RASPI 800G




BÚRFELLS BLANDAÐ HAKK FROSIÐ




KF NÝTT KJÖTFARS *620g*




KS. FROSNIR SALTFISKBITAR
STYRTLUSTYKKI




GRÍMS PLOKKFISKUR 400g




HEINZ 567g TÓMATSÓSA
NÚ Á HÁLFVIRÐI




FRISSI FRÍSKI 3 x 250ml / 3 fernur 98 kr.




BÓNUS KORNBRAUÐ HEILT KÍLÓ
SAMTALS 26 SNEIÐAR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. íþróttafélag, 6. fíngerð líkamshár, 8. berja, 9. tæra, 11. berist til, 12. þúsundasti hluti, 14. gljái, 16. í röð, 17. gláp, 18. ennþá, 20. tveir, 21. sníkjur.

**LÓÐRÉTT**
1. vond, 3. í röð, 4. hvítingi, 5. þrot, 7. almúgamaður, 10. mjög, 13. tækifæri, 15. form, 16. húðpoki, 19. átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. fram, 6. ló, 8. slá, 9. æta, 11. bt, 12. millí, 14. glans, 16. hí, 17. gón, 18. enn, 20. ii, 21. snap.
**LÓÐRÉTT:** 1. slæm, 3. rs, 4. albínói, 5. mát, 7. ótiginn, 10. all, 13. lag, 15. snið, 16. hes, 19. na.


VEISLUSALUR

Rúbín



Veislusalur Öskjuhlíð - upplýsingar í s. 617 1111 - www.rubin.is


# Landráð fyrir draumastarfið

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



„Vilt þú starfa við að hlusta á annarra manna símtöl?“ Þegar ég heyrði draumastarfið mitt auglýst í fréttatíma BBC ætlaði ég ekki að trúa eigin eyrum. Frá því heilinn í mér hóf að greina orðaskil hefur helsta áhugamál mitt verið að hlera samtöl sem ekki eru ætluð mér. Mér er sagt að sem barn hafi eyrun á mér tekið að blakta þegar gesti bar að garði. Ég sæki ekki kaffihús fyrir koffín-vímuna heldur samtalið á næsta borði.

**STARFIÐ** reyndist vera við þýðingar á símtölum sem breska leyniþjónustan hlerar. Ég hunsaði alla bakþanka tengda landráðum og hugsaði mér gott til glóðarinnar. Útrásarvíkingar, Icesave, öskuspúandi eldfjöll, vafasamar makrílveiðar. Við Íslendingar hlutum að hafa áunnið okkur athygli leyniþjónustunnar með einstökum hæfileika miðað við höfðatölu til að valda usla.

**DRAUMURINN** um hið fullkomna starf var hins vegar ekki langlífur. Mín beið ekki staða við að liggja á línum grunlausra Íslendinga og þýða samtöl þeirra á ensku. Til að teljast hæf í starfið yrði ég að kunna pashto, tungumál sem talað er í Afganistan og Pakistan.

**SÍÐASTLIÐINN** áratug hafa stjórnvöld víða um heim keppst við að setja lög til verndar þegnum sínum gegn illþýði af ýmsu tagi. Í kjölfar hryðjuverkaárásanna í New York samþykkti bandaríska þingið svokallað „patriot act“ sem m.a. veitti stjórnvöldum víðtækar heimildir til að njósna um íbúa landsins. Sama var upp á teningnum í breska þinginu þar sem lagabálkurinn fékk yfirskriftina „terrorism act“.

**UNDIR** lok dómsmálaráðherratíðar Rögnu Árnadóttur var sett á laggirnar nefnd sem undirbúa átti tillögur um forvirkar rannsóknaraðferðir sem fælu í sér víðar heimildir lögreglu til að fylgjast með einstaklingum, m.a. með hlerunum, án þess að fyrir lægi rökstuddur grunur um að lögbrot hefði verið framið eða væri í bígerð. Lög sem þessi þrengja ekki aðeins að almennum borgaralegum réttindum, heldur hefur reynslan sýnt að þau eru mjög gjarnan misnotuð. Bresku hryðjuverkalögin voru notuð þegar eignir Kaupþings voru frystar í kjölfar bankahrunsins. Símhleranir eru farnar að þykja svo sjálfsagðar í Bretlandi að bæjarstarfsmenn nota þær til að koma í veg fyrir að íbúarnir hendi rusli á almannafæri. Óskandi er að nýr dómsmálaráðherra komi í veg fyrir slíka skerðingu borgararéttinda. En ef hann gerir það ekki: Ögmundur, get ég fengið vinnu?




Munum eftir að kveikja útiljósin!

Nú þegar farið er að dimma úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín á næturnar til að auðvelda blaðberum Pósthússins aðgengi að póstlúgu.

Með fyrirfram þökk,
Pósthúsið
dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga

Blöð og tímarit
Bréfasendingar
Markpóstur
Fjölpóstur
Vörudreifing
Plöstun blaða og nafnamerking

Pósthúsið
Við látum það berast

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is


## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott





FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:

Stöð 2 skemmtilegri



EINN BARNAÍS

EÐA



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# LOKAÐ Í NETTÓ MJÓDD
# MIÐVIKUDAG OG FIMMTUDAG



**Lokað í Nettó Mjódd vegna breytinga 29. og 30. september**

**Opnum glæsilega verslun, fulla af spennandi tilboðum föstudaginn 1. október kl. 10**

**VERIÐ VELKOMIN**

**nettó**

*Ódýrt fyrir heimilið!*

**MAMMA Á ÓSKARINN** Mamma Gógó, kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, verður framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna árið 2011. Myndin fékk 43% atkvæða í kosningu Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar.

# Bubbi gerir sálarplötu

„Ætli ég verði ekki bara að segja hlutina eins og þeir eru; ég hlustaði alveg gríðarlega mikið á þessa tónlist í gegnum reykingar á árunum 1974-78," segir Bubbi Morthens. Hann er þessa dagana að taka upp nýja plötu sem vafalítið á eftir að koma hans hörðustu aðdáendum rækilega á óvart. Því hún verður soul-plata. „Marvin Gay, Otis Redding, Sam Cook, þetta voru menn sem ég hlustaði alveg gríðarlega mikið á og þetta verður tónlist í þeim anda," útskýrir Bubbi en fyrsta lagið fór í spilun í gær.

Upptökustjórarnir á plötunni eru bræðurnir Börkur og Daði Birgissynir sem hafa tekið yfir Stúdíó Sýrland. „Þetta stefnir í frábæra plötu, ég held að hann hafi sjaldan eða aldrei verið í jafn góðu formi, hann er alveg að negla þetta," segir Börkur og bætir við að upphaflega hafi bara staðið til að taka upp tvö lög „Bubbi hefur einfaldlega svona góð áhrif á alla sem eru í kringum hann, það eiga sér stað einhverjir töfrar í hljóðverinu sem er ekkert algilt." **- fgg**



**HLUSTAÐ** Bubbi hlustar á upptöku ásamt þeim Daða Birgissyni og Inga Birni Ingasyni bassaleikara í stúdíó Sýrlandi sem Daði og bróðir hans, Börkur, hafa tekið yfir.

# Uppselt á Airwaves

Uppselt er á Iceland Airwaves-hátíðina sem verður haldin um miðjan október. Hátíðin í ár verður sú stærsta til þessa. Hátt í þrjú hundruð tónleikar verða á opinberri dagskrá hátíðarinnar, auk þess sem tugir viðburða verða haldnir utan dagskrár. Á meðal flytjenda á Airwaves eru Robyn, Bombay Bicycle Club, Everything Everything, Ham og SH Draumur. Bransafólk frá öllum heimshornum hefur að auki boðað komu sína ásamt öðrum tónleikaþyrstum gestum. Hægt er að skoða dagskrá hátíðarinnar á síðunni Icelandairwaves.is.



**STARFSEMI KYNNT** Starfsemi tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu var kynnt á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Opnunarhátíð Hörpu í maí

**Starfsemi tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu var kynnt á blaðamannafundi í gær. Fyrstu tónleikarnir verða haldnir 4. maí 2011.**

Hönnun og fyrirhuguð starfsemi tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu var kynnt á blaðamannafundi í húsinu í gær.

Starfsemin hefst með tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands 4. maí 2011 þar sem Vladimir Ashkenazy verður stjórnandi. Sjónvarpað verður frá opnunarkvöldinu 13. maí þar sem fjölmargir íslenskir tónlistarmenn koma fram. Opið hús verður 14. og 15. maí með fjölda listamanna og tónlistaratriðum í öllum sölum hússins og hinn 21. maí stígur tenórinn heimsfrægi, Jonas Kaufmann, á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík. Sumarið 2011 verður sýndur söngleikurinn Chess, auk þess sem samstarf verður við tónlistarhús á Norðurlöndunum um komu fremstu sinfóníuhljómsveita heims í Hörpu. Húsið hefur einnig verið bókað fyrir stórar erlendar ráðstefnur til ársins 2015.

„Tónlistarlífið á Íslandi verður aldrei hið sama eftir að Harpa verður opnuð. Þessi framkvæmd sýnir að draumar rætast ef menn hafa nógu mikla trú á þeim og gefast ekki upp," segir Steinunn Birna Ragnarsdóttir, tónlistarstjóri Hörpu. „Það er vel við hæfi að Vladimir Ashkenazy stjórni fyrstu tónleikunum því hann hefur unnið gott verk í að láta þessa hugmynd verða að veruleika."

Ashkenazy segist vera ótrúlega spenntur fyrir því að húsið sé loksins að líta dagsins ljós. Hann segir að hugmyndin að húsinu eigi rætur sínar að rekja til ársins 1985 þegar Fílharmoníusveit London spilaði í Laugardalshöll, þar sem hljómburðurinn þótti ekki nógu góður.

Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, er að sjálfsögðu spenntur fyrir komandi tímum. „Við hjá Sinfóníunni erum bæði þakklát og glöð yfir því að við séum að stíga þetta skref. Sinfóníuhljómsveitin fær nú loksins tækifæri til að komast á næsta stig og verða á meðal fremstu hljómsveita Evrópu."






# Rúnar gefur út Fall

Rúnar Þórisson, sem hefur spilað á gítar með hljómsveitinni Grafík, gefur út sólóplötuna Fall hinn 5. október næstkomandi. Sá dagur er fæðingardagur bróður hans, Þóris Arnar, sem lést fyrir nokkrum árum. Síðasta sólóplata Rúnars, Ósögð orð, kom út fyrir fimm árum.

Kveikjan að nýju plötunni er að hluta til tengd tónlist sem Rúnar samdi fyrir leikverk sem Draumasmiðjan setti upp.

Platan er tileinkuð móður Rúnars, Guðmundu Jóhannsdóttur, auk þess sem einstök lög og textar eru á vissan hátt tengd eða tileinkuð nánustu fjölskyldu og vinum. Textarnir taka á einstaklingsbundinni og samfélagslegri upplifun, kreppu, eftirsjá, von, ást, náttúru, spillingu og valdi.

Rúnar spilar á Airwaves-hátíðinni á Sódómu 14. október. Útgáfutónleikar eru fyrirhugaðir í nóvember.



**RÚNAR ÞÓRISSON** Tónlistarmaðurinn Rúnar Þórisson gefur út sólóplötuna Fall 5. október.


KEILA
LEIKTÆKI
POOL
TÖLVUSPIL
ÞYTHOKKÍ
VEITINGASALUR
OG FL.
KOMDU OG LEIKTU...
www.keiluhollin.is

KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

Opið sunnud. - fimmtud. frá 11:00 - 24:00 og föstud. og laugard. frá kl 11:00 - 01:00

Keilupantanir í síma 511 5300 alla virka daga kl. 10:00 -15:00 eða á keiluhollin@keiluhollin.is



Vættir, álfar, goð fornaldar … sagnir eða veruleiki?

*Fyrirlesarinn og höfundurinn Christopher Vasey frá Sviss kynnir nýja bók sína (í íslenskri þýðingu)*

Erindi (flutt á ensku)
fimmtudaginn, **30. september 2010 kl. 20:00**
**á Radisson Blu Hótel Sögu v/Hagatorg**
**í Reykjavík** Aðgangseyrir er 500 kr.

Skipuleggjandi: Christof Leuze
*Sími:* +354 821 1607 *Netfang:* Christof.Leuze@leuze.de


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1798
KR. PK
198
KR. PK
Gámaverð á Pampersbleium og blautklútum
STÓR PAMPERS PAKKI AÐEINS 1798 KR.
PAMPERS SIMPLY WIPES 72 STK 198 KR.
KS HAUSTSLÁTRUN 2010
FROSINN LAMBABÓGUR
798
KR.kg
ÍSLANDSLAMB HAUSTSLÁTRUN 2010
HÁLFUR LAMBASKROKKUR
798
KR.kg
898
KR.pk
OSRAM SPARPERUR
2 PERUR Í PK.
GÖTEBORGARKEX
NÚ Á BETRA VERÐI Í BÓNUS
BALLERINA 190g 179 kr.
KAPTEIN TEKEX
210g 139 kr.
KORNMO HAFRAKEX
225g 139 kr.
REMI MINT EÐA NOUGAT 100g 179 kr.
89
KR. 1/2 ltr
139
KR. 1 ltr
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA

# Auglýsingalög innblásin af Sigur Rós

„Við fáum voðalega margar beiðnir, ég hef enga tölu á því hversu margar því þetta fer allt í gegnum umboðsmanninn okkar,“ segir Georg Holm, bassaleikari Sigur Rósar. Um helgina birtist stutt grein á heimasíðu sveitarinnar þar sem það var áréttað að hljómsveitin hefði ekki selt nein lög í auglýsingar sem miðuðu að því að selja eitthvað. „Þeir hafa gefið leyfi fyrir kvikmyndir, sjónvarp og vegna góðgerðarmála en ekki til markaðsmála,“ segir á heimasíðunni.

Georg segir ástæðuna einfaldlega vera þá að öðru hverju spretti upp á netinu umræður um hvort Sigur Rós hafi gefið leyfi sitt fyrir að nota lög í hinum og þessum auglýsingum einhverra stórfyrirtækja. Á vefsíðu Sigur Rósar er meðal annars notað dæmi um fyrirtæki sem var að gera auglýsingu fyrir Audi-umboðið og vildi fá að nota lag frá sveitinni. Því var hafnað. Þegar auglýsingin var frumsýnd fór strax af stað umræða um það hvort lag eftir Sigur Rós væri notað í nýrri auglýsingaherferð þýska bílarisans. Kunnuglegum stefum úr frægum Sigur Rósar-lögum hefur þá verið breytt nægilega mikið til að ekki sé hægt að kæra það.

Georg segir þá lítið geta gert í þessum málum, nema kannski bara hlæja að þeim. „Við höfum einu sinni eða tvisvar orðið mjög móðgaðir og íhugað málaferli. Þá fengum við lögfróða menn til að meta hvort lagið væri stolið eða ekki en þeir komust að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki, nægilega miklu hefði verið breytt.“ - fgg



**VINSÆLIR** Lög Sigur Rósar eru vinsæl en margar auglýsingastofur hika ekki við að notfæra sér kunnugleg stef úr þeim, breyta þeim lítillega og nota í herferðir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ZACH GALIFIANAKIS** Leikarinn er hrifinn af handriti framhaldsmyndarinnar The Hangover 2.

## Ánægður með handrit

**Leikaranum Zach Galifianakis finnst handritið að framhaldsmyndinni The Hangover 2 betra en handritið að fyrstu myndinni. „Það verður erfitt að toppa fyrstu myndina en við ætlum að reyna það, eða að minnsta kosti gera jafngóða mynd. Væntingarnar eru miklar og það gerir mig taugastrekktan,“ sagði Galifianakis. Tökur á The Hangover 2 hefjast á næstu vikum og mun leikarinn endurtaka hlutverk sitt, rétt eins og þeir Bradley Cooper, Justin Bartha og Ed Helms. Leikstjóri verður hinn sami og áður, Todd Phillips.**

## Draumur að vinna heima

**Söngkonan úr hljómsveitinni No Doubt, Gwen Stefani, segir það erfitt að ala upp tvo syni sína á sama tíma og hún byggir upp feril sinn sem fatahönnuður. Fatalínan hennar kallast L.A.M.B. og hefur hún vakið mikla athygli. „Það er mjög erfitt en ég vinn mikið heima hjá mér. Þess vegna byrjaði ég með fatalínuna. Ég vissi að mig langaði að eignast fjölskyldu. Mig langaði líka að geta unnið heima hjá mér við eitthvað skapandi og þannig gæti ég haft börnin mín hjá mér,“ sagði hún. „Þetta er algjör draumur fyrir mig. Þetta er ekki auðvelt en ég elska þetta fyrirkomulag.“**



**NO DOUBT** Gwen Stefani elur upp tvo syni sína á sama tíma og hún byggir upp feril sinn sem fatahönnuður.



**BILLIE JOE** Söngvari Green Day stígur á svið á Broadway í söngleik.

## Armstrong á Broadway

**Billie Joe Armstrong, söngvari rokksveitarinnar Green Day, kemur fram í söngleik á Broadway sem er byggður á plötu þeirra, American Idiot. Armstrong fer með hlutverk eiturlyfjasalans St Jimmy í átta sýningum á verkinu. Söngvarinn hleypur í skarðið fyrir leikarann Tony Vincent sem þurfti að taka sér frí af persónulegum ástæðum. Sýningin fjallar um náunga sem flýr heimkynni sín í bandarísku úthverfi og sest að í stórborg þar sem kynlíf, eiturlyf og kröftugur gítarleikur koma við sögu í leit hans að sjálfum sér.**

KAUPTU FRÓN MJÓLKURKEX
OG STYDDU INNLENT HJÁLPARSTARF
RAUÐA KROSS ÍSLANDS Í LEIÐINNI
10 KRÓNUR AF HVERJUM
SELDUM PAKKA RENNA TIL STARFSINS

Frón kemur við sögu á hverjum degi!




Sjálfboðaliðar í 50 deildum um allt land halda uppi innanlandsaðstoð Rauða kross Íslands. Meðal helstu verkefna má nefna Hjálparsímann 1717, Rauðakrosshúsið, fataflokkun, heimsóknarvini, sjúkrabifreiðar, skyndihjálparfræðslu, þjónustu og aðstoð við innflytjendur, hælisleitendur, fólk með geðraskanir og ungmennastarf. Einnig má nefna að Rauði krossinn er hluti af almannavörnum og sinnir þar m.a. sálænum stuðningi þegar á reynir.

Rauði kross Íslands

# sport

sport@frettabladid.is



**KR-INGAR** eru í leit að markverði fyrir næsta sumar. Fjölmargir markverðir eru með lausan samning og þar á meðal þeir tveir sem sagðir eru vera efstir á óskalista KR. Það eru Ingvar Þór Kale, markvörður Breiðabliks, og Hannes Þór Halldórsson, markvörður Fram.

# Feitir bitar á leið á markaðinn

**Fjölmargir sterkir leikmenn í Pepsi-deildinni verða með lausan samning á næstu dögum. Eflaust munu flestir þeirra verða áfram hjá sama félagi en líklega verður hart barist um stærstu bitana á markaðnum.**

**FÓTBOLTI** Þó svo Pepsi-deildin sé búin í ár er vinnu stjórnarmanna ekki lokið. Nú tekur við sá tími þegar félög reyna að endursemja við leikmenn eða lokka aðra samningslausa leikmenn til síns liðs.

Talsvert af sterkum leikmönnum eru að losna undan samningi og þar af tveir af markahæstu leikmönnum sumarsins – Atli Viðar Björnsson og Gilles Mbang Ondo. Ondo ætlar að reyna að komast að hjá liði erlendis en lítið er vitað um framtíðarplön Atla Viðars.

Íslandsmeistarar Breiðabliks eru í fínum málum með sína leikmenn en helst gætu þeir þurft að hafa áhyggjur af markvarðarmálunum enda er Ingvar Kale með lausan samning og KR hefur sýnt honum áhuga. Eyjamenn þurfa eins og venjulega að skoða málefni útlendinganna enda sumir með lausan samning.

KR mun missa Guðjón Baldvinsson og Guðmund Reyni Gunnarsson sem komu að láni frá Svíþjóð en annars eru KR-ingar vel settir. Sömu sögu er ekki að segja af Keflvíkingum enda er margir af lykilmönnum liðsins með lausan samning. Verið er að vinna í leikmannamálunum þar en eflaust munu einhver lið bera víurnar í sterka leikmenn Keflavíkur.

Fastlega má búast við því að Hólmar Örn Rúnarsson verði eftirsóttur enda einn af sterkari leikmönnum deildarinnar þó svo hann hafi ekki alveg verið upp á sitt besta í sumar.

Algengt er hversu margir markmenn eru með lausan samning. Fyrir utan Kale og Hannes Halldórsson eru þeir Bjarni Þórður Halldórsson úr Stjörnunni, Valsarinn Kjartan Sturluson og Selfyssingurinn Jóhann Ólafur Sigurðsson með lausan samning.

Svo er spurning hvað leikmenn Selfoss gera en einhverjir þeirra vilja eflaust komast að hjá úrvalsdeildarfélagi. Viktor Unnar er þegar orðaður við sitt uppeldisfélag, Breiðablik, og svo eru bræðurnir Guðmundur og Ingólfur Þórarinssynir einnig með lausan samning. henry@frettabladid.is



**PRÓFAR HANN EITTHVAÐ NÝTT?** Markamaskínan Atli Viðar Björnsson er með betri framherjum landsins. Hann á eftir að ákveða hvort hann verði áfram í FH eða rói á önnur mið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Leikmenn með lausa samninga á þessu ári

**Breiðablik:**
Árni Kristinn Gunnarsson
Ingvar Þór Kale
Olgeir Sigurgeirsson
**FH:**
Atli Viðar Björnsson
Ásgeir Gunnar Ásgeirsson
Tommy Nielsen
**ÍBV:**
Albert Sævarsson
Anton Bjarnason
Arnór Eyvar Ólafsson
Ásgeir Aron Ásgeirsson
Danien Justin Warlem
Matt Garner
Rasmus Christiansen
**KR:**
Egill Jónsson
Gunnar Kristjánsson
Lars Ivar Moldsked
Guðjón Baldvinsson og Guðmundur Reynir voru á láni frá GAIS í Svíþjóð.
**Fram:**
Alexander Veigar Þórarinsson
Hannes Þór Halldórsson
Joe Tillen
Jón Orri Ólafsson
**Keflavík:**
Alen Sutej
Bjarni Hólm Aðalsteinsson
Brynjar Örn Guðmundsson
Einar Orri Einarsson
Guðjón Árni Antoníusson
Haukur Ingi Guðnason
Hólmar Örn Rúnarsson
Hörður Sveinsson
Paul McShane
Lasse Jörgensen
Ómar Jóhannsson
**Valur:**
Baldur Ingimar Aðalsteinsson
Ian Jeffs
Kjartan Sturluson
Martin Pedersen
Sigurbjörn Örn Hreiðarsson
**Stjarnan:**
Arnar Már Björgvinsson
Baldvin Sturluson
Bjarni Þórður Halldórsson
Björn Pálsson
Dennis Danry
Ellert Hreinsson
Marel Baldvinsson
**Fylkir:**
Jóhann Þórhallsson
Kristján Valdimarsson
Ólafur Stígsson
Þórir Hannesson
**Grindavík:**
Gilles Mbang Ondo
Grétar Ólafur Hjartarson
Jóhann Helgason
Óli Baldur Bjarnason
**Selfoss:**
Guðmundur Þórarinsson
Ingólfur Þórarinsson
Jóhann Ólafur Sigurðsson
Sævar Þór Gíslason
Viktor Unnar Illugason

**** upplýsingar frá ksi.is***



**FÆR SILFURSKÓINN** Alfreð Finnbogason var með 14 mörk og 6 stoðsendingar í Pepsi-deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Reglur FIFA á HM í fótbolta:

## Alfreð ætti að fá gullskóinn

**FÓTBOLTI** Ef reglur Alþjóðaknattspyrnusambandsins væru við lýði hér á landi við veitingu gull, silfur- og bronsskósins þá ætti Grindvíkingurinn Gilles Ondo ekki að fá gullskóinn heldur Blikinn Alfreð Finnbogason.

Þegar FIFA verðlaunar markahæstu leikmenn sína á HM í fótbolta þá ræður fjöldi stoðsendinga röð leikmanna á undan leikja- og mínútufjölda. Þetta á við ef leikmenn hafa skorað jafnmörg mörk eins og þeir markahæstu í Pepsi-deildinni í sumar.

Gilles Ondo lék færri leiki en bæði Alfreð og Atli Viðar en gaf hins vegar aðeins eina stoðsendingu í sumar. Alfreð gaf 6 stoðsendingar og Atli Viðar var með 4 stoðsendingar. Röðin á þeim er Gilles-Alfreð-Atli Viðar en samkvæmt reglum FIFA þá væri hún Alfreð-Atli Viðar-Gilles. - óój



**HRESSIR** Hluti af fyrirliðum liðanna í N1-deild karla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Handboltinn að byrja:

## FH og Fram spáð sigri

**HANDBOLTI** Í gær var birt spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna í N1-deildunum.

Samkvæmt spánni verða FH og Fram meistarar næsta vor en liðin þykja sigurstrangleg í upphafi móts. - hbg

### N1-deildirnar

**Spá fyrir N1-deild karla:**
1. FH 218 stig
2. Haukar 214
3. Akureyri 187
4. Fram 170
5. Valur 146
6. HK 119
7. Selfoss 104
8. Afturelding 90

**Spá fyrir N1-deild kvenna:**
1. Fram 286 stig
2. Valur 282
3. Stjarnan 224
4. Fylkir 213
5. FH 144
6. HK 142
7. Haukar 139
8. ÍBV
9. Grótta 67
10. ÍR 37

Rúnar Kristinsson heldur áfram þjálfun KR-liðsins til næstu þriggja ára:

# Fannst þetta eðlilegt framhald

**FÓTBOLTI** Rúnar Kristinsson verður áfram þjálfari KR-inga í Pepsi-deild karla en hann skrifaði undir þriggja ára samning í gær.

„Ég vildi vera viss um að ég væri að taka rétta ákvörðun bæði fyrir mig og fyrir félagið. Ég tek þetta að mér af því að ég treysti mér fullkomlega til þess og hef áhuga á þessu,“ sagði Rúnar í gærkvöldi.

Rúnar gjörbreytti KR-liðinu þegar hann tók við því um mitt sumar og fór með það úr 9. sæti upp í toppbaráttuna og inn í bikarúrslitaleikinn. KR-liðið vann 8 af 13 leikjum undir hans stjórn.

„Mér fannst þetta vera eðlilegt framhald af því að þetta gekk það vel, strákarnir tóku mér vel og það var vilji bæði frá mér og stjórn knattspyrnudeildarinnar að ég héldi þessu áfram. Ég tel því að ég sé að gera rétt með því að halda áfram,“ segir Rúnar sem mun halda áfram í starfi sínu sem yfirmaður knattspyrnumála hjá félaginu.



„Ég mun sinna því að einhverju leyti áfram en mun reyna að tileinka mér meira aðstoð við þjálfun yngri flokka. Það er eitthvað sem hentar mér mikiu betur en að vera bundinn inni. Þá getur maður reynt að vera þjálfurunum innan handar og taka meiri þátt í þjálfarastarfinu út á vellinum í stað þess að vera í einhverjum samræðum inni á skrifstofu,“ segir Rúnar. Hann fer nú að huga að leikmannamálum liðsins.

„Við erum með mjög góðan kjarna af leikmönnum sem eru samningsbundnir okkur og við munum fara að kíkja á leikmannamálin á allra næstu dögum. Auðvitað verða alltaf einhverjar breytingar og eins og gerist og gengur hjá flestöllum félögum. Við munum skoða þau mál gaumgæfilega en ég er með mjög góðan efnivið og marga góða leikmenn sem eru samningsbundnir KR. Það er lykilatriði að hlúa að þeim fyrst og svo sjáum við til hvort þurfi að bæta einhverju við,“ sagði Rúnar en stærsta verkefnið hjá Rúnari er að fá KR-liðið til að byrja betur.

„Annað árið í röð þá misstum við toppliðin alltof langt frá okkur og það var bara of erfitt að ná þeim. Auðvitað munum við reyna að bæta okkur á flestum sviðum og við þurfum að ná betri árangri í upphafi móts og reyna að halda því út allt mótið,“ sagði Rúnar.

„Heimavallartölfræðin okkar er líka mjög slæm og alls ekki KR bjóðandi. Það er eitthvað sem við þurfum að vinna í og laga því við náum aðeins fimm sigrum á heimavelli af ellefu og KR-völlurinn á að vera sterkari en það,“ sagði Rúnar. - óój

### Heimir áfram með FH-liðið

FH-ingar staðfestu það á heimasíðu sinni í gær að Heimir Guðjónsson verði áfram þjálfari liðsins í Pepsi-deildinni. Þetta verður fjórða sumar Heimis með liðinu en hann tók við liðinu af núverandi landsliðsþjálfara Ólafi Jóhannessyni haustið 2007. FH hefur unnið stóran titil á öllum þremur tímabilum Heimis með liðinu, Íslandsmeistaratitil fyrstu tvö árin og svo bikarmeistaratitilinn í ár.



**ÓSÁTTUR** Chelsea hefur tapað 2 síðustu leikjum sínum. MYND/GETTYIMAGES

Meistaradeildin í kvöld:

## Frönsku meistararnir á Brúnni

**FÓTBOLTI** Það fara fram átta leikir í riðlum í Meistaradeildinni í kvöld. Flestra augu verða örugglega á leikjum Chelsea, Arsenal og Real Madrid sem þurfa öll að rífa sig upp eftir slaka frammistöðu um helgina.

Chelsea tapaði þá á móti Man. City, Arsenal tapaði óvænt 2-3 á heimavelli á móti West Bromwich og Real Madrid náði aðeins markalausu jafntefli á móti Levante.

Chelsea tekur á móti frönsku meisturunum í Olympique de Marseille (Stöð 2 Sport), Arsenal sækir FK Partizan heim (Stöð 2 Sport 3) og Real er á útivelli á móti Auxerre (Stöð 2 Sport 4). - óój

### Leikir kvöldsins:

E-riðill: Roma-Cluj, Basel-Bayern Munchen
F: Chelsea-Marseille, Spartak Moskva-Zilina
G: Auxerre-Real Madrid, Ajax-AC Milan
H: Braga-Shakhtar Donetsk, Partizan-Arsenal

# Til hamingju með
# Íslandsmeistaratitilinn

BREIÐABLIK




TENGI

Stoltur stuðningsaðili

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

## > Julia Louis - Dreyfus



„Burtséð frá tölvum, símalínum og sjónvörpum sem tengja okkur saman, þá deilum við öll sama loftinu, sama sjónum, sömu fjöllunum og ánum. Við berum öll ábyrgð á því að verja náttúruna."

Julia Louis-Dreyfus fer með aðalhlutverk í gamanþáttunum The New Adventures of old Christine, sem er á dagskrá Stöðvar 2 kl. 20.30 í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ROALD EYVINDSSON SITUR LÍMDUR YFIR NÝJU „LÆKNADRAMA"

# Kynlífsþyrst vampíra og bældur varúlfur



Yfirleitt finnast mér læknaþættir alveg með eindæmum leiðinlegir, klisjukenndar sápuóperur sem taka sig allt of hátíðlega. Grey's Anatomy hefur þannig aldrei náð að heilla þótt ég hafi að undirlagi vinanna gert heiðarlega tilraun til að setja mig inn í aðstæður á Seattle Grace-Mercy West-sjúkrahúsinu og enn síður Bráðavaktin, ekki einu sinni á meðan kynþokkafullur Clooney starfaði þar til skamms tíma.

Fyrir skemmstu varð ég hins vegar að játa mig sigraðan þegar sjónvarpið hóf sýningar á breskri þáttaröð sem kallast Being Human eða Óvættir í mannslíki, sem þrátt fyrir að vera ekki beinlínis læknaþættir fylgjast með lífi vinanna George og Mitchell sem starfa á sjúkrahúsinu í Bristol. George og Mitchell eru þó fjarri því að líkjast dæmigerðum glansmynda-læknum á borð við McDreamy, McFlurry og hvað þeir heita allir, heldur starfa við þrif og húsvörslu. Að auki er sá fyrrnefndi varúlfur og hinn 120 ára gömul vampíra og eiga vinnufélagarnir fullt í fangi með að verja sjúklingana fyrir illvígum blóðsugum.

Titill þáttanna vísar í löngun George og Mitchell til að vera hluti af mannlegu samfélagi, sem sést meðal annars af tilraunum vinanna til að stofna til ástarsambanda. Oftar en ekki fara þessar tilraunir þó út um þúfur þar sem varúlfurinn er ástands síns vegna óframfærinn og eiginlega sambandsfælinn á meðan vampíran er ástar- og kynlífsfíkill á háu stigi og til að kóróna allt saman er svo vinkona þeirra, Annie, víðáttufælinn draugur sem er enn í sárum eftir að dauðinn batt endi á sambandið við hennar heittelskaða. Því er óhætt að segja að flókin ástarsambönd sem einkenna oft læknaþætti öðlist þarna nýja og öðruvísi merkingu eins og margt annað sem borið er á borð í þessum bráðskemmtilegu þáttum frá BBC.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **18.30 Meistaradeild Evrópu Chelsea - Marseille, bein úts.** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 Spiderman 3** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10 Að duga eða drepast** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Nýtt útlit** SKJÁREINN



▶ **21.20 White Collar** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Ást við fyrstu heyrn - Manuela Wiesler**
**16.35 Íslenski boltinn** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Skyndiréttir Nigellu** (13:13) (e)
**18.00 Friðþjófur forvitni** (4:20)
**18.25 Hundaþúfan** (2:6)
**18.30 Jimmy Tvískór** (24:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Að duga eða drepast** (20:20) (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
**20.55 Önnumatur** (2:8) (AnneMad) Í þessari dönsku matreiðsluþáttaröð töfrar kokkurinn Anne Hjernøe fram kræsingar af ýmsu tagi.
**21.25 Návígi** (2:32)
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Rannsókn málsins - Slóðin** (2:2) (Trial and Retribution: Tracks) Bresk spennumynd frá 2008 í tveimur hlutum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Refsiréttur** (1:5) (Criminal Justice) Bresk sakamálasyrpa í fimm þáttum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.40 Fréttir** (e)
**00.50 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.15 My Girl**
**10.00 Zoolander**
**12.00 Pokemon**
**14.00 My Girl**
**16.00 Zoolander**
**18.00 Pokemon**
▶**20.00 Spider-Man 3**
**22.15 Crank**
**00.00 Running Scared**
**02.00 Alien: The Director's Cut**
**04.00 Crank**
**06.00 Year of the Dog**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz, Nornfélagið
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 Matarást með Rikku** (9:10)
**11.00 Wipeout USA**
**11.45 Making Over America With Trinny & Susannah** (7:7)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (15:24)
**13.25 No Reservations**
**15.05 Sjáðu**
**15.30 Ben 10**
**15.53 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Nornfélagið, Strumparnir
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (17:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (21:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (19:22)
**20.10 The Middle** (8:24) Frábærir gamanþættir í anda Malcholm in the Middle.
**20.30 The New Adventures of Old Christine** (11:22) Fjórða þáttaröðin um Christine.
**20.55 Cougar Town** (16:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends.
▶**21.20 White Collar** Spennu- og gamanþættir um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.
**22.05 The Shield** (4:13) Sjöunda spennuþáttaröðin um lögregluliðið í Los Angeles.
**22.50 Daily Show: Global Edition**
**23.15 Pretty Little Liars** (4:22)
**00.00 Mercy** (22:22)
**00.45 Medium** (1:22)
**01.30 Nip/Tuck** (22:22)
**02.15 Heidi Fleiss: The Would-Be Madam of Crystal**
**03.25 Tekkon kinkurito**
**05.15 Cougar Town** (16:24)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**15.20 Spænsku mörkin 2010-2011**
**16.05 Tour Championship Presented By Coca Cola** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**17.00 Á vellinum** Skemmtilegur þáttur þar sem barna og unglingastarfinu er veitt athygli.
**17.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**18.00 Upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
▶**18.30 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Marseille** Bein útsending frá leik Chelsea og Marseille í Meistaradeild Evrópu. Sport 3: Partizan - Arsenal
**20.40 Meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**21.20 Meistaradeild Evrópu: Partizan - Arsenal**
**23.10 Meistaradeild Evrópu: Auxerre - Real Madrid**
**01.00 Meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.10 Fulham - Everton** Enska úrvalsdeildin.
**15.55 Man. City - Chelsea / HD** Enska úrvalsdeildin.
**17.40 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.35 Football Legends - Raul** Næstur í röðinni er hinn magnaði Raul, leikmaður Real Madrid á Spáni. Ferill Raul verður skoðaður og skyggnst verður á bak við tjöldin á ferli þessa magnaða leikmanns.
**19.00 Wolves - Aston Villa / HD** Enska úrvalsdeildin.
**20.45 Newcastle - Stoke / HD** Enska úrvalsdeildin.
**22.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
**23.00 Liverpool - Sunderland** Enska úrvalsdeildin.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.20 Spjallið með Sölva** (1:13) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (1:13) (e)
**12.40 Pepsi MAX tónlist**
**17.00 Game Tíví** (2:14) (e)
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Rachael Ray**
**18.55 King of Queens** (21:25) (e)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (34:46)
**19.45 Whose Line is it Anyway** (3:20)
**20.10 The Marriage Ref** (3:12) Bráðskemmtileg þáttaröð þar sem stjörnudómstóll leysir úr ágreiningsmálum hjóna. Grínistinn Jerry Seinfeld er hugmyndasmiðurinn á bak við þættina en kynnir og yfirdómari er grínistinn Tom Papa.
▶**21.00 Nýtt útlit** (2:12) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.
**21.50 In Plain Sight** (15:15)
**22.35 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.20 CSI: New York** (9:23) (e)
**00.10 Sordid Lives** (3:12) (e)
**00.35 CSI: New York** (8:25) (e)
**01.20 Pepsi MAX tónlist**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Einar Sigurðsson forstjóri Mjólkursamsölunar.
**21.00 Grædlingur** Haustuppskera í boði Gurrýjar.
**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi** Tryggvi stakk rækilega upp í Andra Snæ.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




SPORT besta sætið

VALENCIA
GEGN
MANCHESTER UNITED
Á MORGUN KL. 18:30

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

ÍKVÖLD
18:30 Chelsea – Marseille SPORT SPORT HD
18:30 Partizan – Arsenal SPORT 3
18:40 Auxerre – Real Madrid SPORT 4
20:40 Meistaramörk

Á MORGUN
16:30 Rubin Kazan – Barcelona SPORT SPORT HD
18:00 Upphitun SPORT 3
18:30 Valencia – Man. Utd. SPORT SPORT HD
18:30 Inter – Werder Bremen SPORT 4
18:30 Tottenham – Twente SPORT 3
20:40 Meistaramörk

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT+ SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.55**

**Cougar Town**



Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess enda finnst henni hún engan veginn samkeppnishæf í stóra stefnumótaleiknum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**The Middle**
**Stöð 2 kl. 20.10**

Frábærir gamanþættir í anda Malcholm in the Middle um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni sem leikin er af Patriciu Heaton úr Everybody Loves Raymond. Ekki nóg með það heldur er húsmóðirin líka bílasali og það frekar lélegur því hún hefur engan tíma til að sinna starfinu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Fjölradda sveiflusöngur
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Ris og fall flugeldahagkerfa
**14.03** Að horfa á tónlist: Valkyrjan
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Málstofan
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.20** Tríó
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Fimm fjórðu
**23.05** Matur er fyrir öllu
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Gossip Girl** (4:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 V** (3:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á afar raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.

**22.35 The Event** (1:13) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem lendir í þeirri skelfilegu lífsreynslu að kærustunni hans er rænt og hann grunaður um að hafa komið henni fyrir kattarnef.

**23.20 Torchwood** (13:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsveit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa þau.

**00.10 Gossip Girl** (4:22)

**00.55 The Doctors**

**01.35 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**02.05 Fréttir Stöðvar 2**

**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Cranford **13.05** Keeping Up Appearances **13.35** Keeping Up Appearances **14.05** The Green, Green Grass **14.35** Life of Riley **15.05** Waterloo Road **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** Keeping Up Appearances **18.00** The Catherine Tate Show **18.30** Whose Line Is It Anyway? **19.00** Ruddy Hell! It's Harry and Paul **19.30** Moses Jones **20.15** Jonathan Creek **21.10** Come Dine With Me **21.35** The Jonathan Ross Show **22.20** EastEnders **22.50** Cranford **23.45** Moses Jones

## DR 1

**12.00** Danmark ser grønt **12.30** Fængslet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Juniper Lee **14.50** Alfred **15.00** Pippi Langstrømpe **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet 2. del **17.30** Ha' det godt **18.00** Ha' det godt **18.30** Spise med Price **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Medicinmanden **20.45** Borgen **21.45** Teenageliv **22.15** Naruto Uncut **22.40** Boogie Mix

## NRK 1

**12.30** På innsida av det danske kongehuset **13.00** NRK nyheter **13.10** Billedbrev fra Latin-Amerika **13.20** 4-4-2 **15.30** Glimt av Norge **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Ut i naturen **18.15** Karanba! **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.30** Ta en Tattoo **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Den store reisen **22.25** Skavlan **23.25** Svisj gull

## SVT 1

**12.30** Bombay Dreams **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Sommarpratarna **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Vem tror du att du är? **18.40** Flickan från stålverket **18.55** Din plats i historien **19.00** Elvis i glada Hudik **20.00** Dox **21.30** Blekingegadebandet **22.15** Starke man **22.45** Dr Åsa **23.15** Niklas Mat **23.45** Mitt i naturen




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Pad Thai-núðlur á Krúa Thai hafa verið í uppáhaldi hjá mér í tíu ár og aldrei valdið mér vonbrigðum.“*

Ragnar Hansson leikstjóri Mér er gamanmál með Frímanni Gunnarssyni.

# Sýnir jakka á Lady Gaga-sýningu í París

„Það er rosalega gaman að fá að taka þátt í þessari sýningu,“ segir fatahönnuðurinn Vera Þórðardóttir.

Bandaríska söngkonan Lady Gaga var í jakka frá Veru þegar hún kom fram á árlegri góðgerðarskemmtun Eltons John í júní. Jakkinn er nú á leiðinni til Parísar þar sem hann verður sýndur á listasýningunni Lada Gaga á Gogo sem hefst 21. október. Sýningin er sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum, en föt og ýmsir aðrir munir sem tengjast þessari vinsælu söngkonu verða til sýnis. Lady Gaga hefur einnig sést í pilsi frá Veru, en það verður ekki á sýningunni.

„Hún tók pilsið með sér, þannig að jakkinn verður þarna ásamt flíkum frá rosalega virtum hönnuðum. Það er mikill heiður fyrir mig að komast þarna inn,“ segir Vera. „Þarna sýna hönnuðir sem ég er búin að líta upp til mjög lengi; Viktor & Rolf og Thierry Mugler. Fólk sem er búið að vera í bransanum árum saman, þannig að þetta er mjög spennandi.“

Jakkinn sem Vera sýnir var í útskriftarlínu hennar frá Istituto Marangoni-skólanum í London. Hún býr nú í London og ætlar til Parísar á sýninguna. Búist er við að um þúsund manns mæti á opnun sýningarinnar, sem er studd af útgáfurisanum Universal. Lady Gaga kemur fram í París daginn eftir að sýningin hefst og Vera segir að fólk á vegum söngkonunnar hafi séð til þess að hún viti af sýningunni. „Þannig að það er aldrei að vita nema hún mæti,“ segir Vera. „Það væri gaman, en maður veit aldrei.“ - afb





**SÝNIR Í PARÍS** Jakki Veru sem Lady Gaga klæddist fyrir Elton John verður til sýnis í París í október.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardag hljóp veðurfréttakonan **Soffía Sveinsdóttir** fyrsta borgarmaraþonið sitt í Berlín á sunnudag. Soffía hefur glímt við hnémeiðsli frá því að hún tók þátt í hinu alræmda Laugavegsmaraþoni í sumar og hafði talsverðar áhyggjur af því að rústa sér, eins og hún orðaði það sjálf. Takmark hennar var því einfaldlega að klára hlaupið og það tókst henni að sjálfsögðu, en fyrir vikið var hún hölt á leiðinni heim.



Þrátt fyrir að Breiðablik hafi orðið Íslandsmeistari á laugardaginn þá verða það væntanlega Stjörnustrákarnir sem verða frægasta íslenska liðið fyrir utan landssteinana. Drengirnir, með **Jóhann Laxdal** og Halldór Orra Björnsson í broddi fylkingar, hafa nánast verið hundeltir af erlendum fjölmiðlum enda hafa markafögn þeirra vakið mikla athygli á netinu. Fram kom á vefnum fotbolti.net að þeir félagar ættu að verða gestir sjónvarpsþáttarins Sportstudio á ZDF-sjónvarpsstöðinni sem er sá vinsælasti fyrir íþróttaáhugamenn í Þýskalandi. - afb, fgg



ASIAN FREISTANDI & FRAMANDI

ASIAN TAKE AWAY

Nú hefur Asian flutt frá Suðurlandsbraut 32 og opnað í nýju og stærra húsnæði og næg bílastæði að Kauptúni 3 (beint á móti IKEA). Asian er með mikið úrval af hráefni í Asíska matreiðslu og sushi gerð. Erum með nýjan matseðil í Asian Take Away.

Kv. Starfsfólk Asian

Kristall




LARS EMIL ÁRNASON: KEMUR BARA Í LJÓS HVORT ÉG UPPLÝSI MÁLIÐ

# Morðið á Gunnari leigubílstjóra verður að kvikmynd

„Ég nefndi þetta einhvern tímann við Júlíus [Kemp] að við þyrftum ekki að leita langt yfir skammt til að finna glæp, við erum nefnilega báðir úr Laugarnesinu,“ segir Lars Emil Árnason handritshöfundur. Kvikmyndafélag Íslands hyggst ráðast í gerð kvikmyndar í fullri lengd um morðið á leigubílstjóranum Gunnari Sigurði Tryggvasyni sem var myrtur í Reykjavík árið 1968 með einu skoti í hnakkann. Myndin verður gerð eftir handriti Lars sem byggir meðal annars á tilgátum úr bók Þorsteins B. Einarssonar, „Morðið á Laugalæk“, sem kom út á vegum Skruddu árið 2007.

Lars segist muna vel eftir allri umfjölluninni á sínum tíma um morðið sem telst einstakt í íslenskri samtímasögu en það er, enn þann dag í dag, óupplýst þrátt fyrir ítarlega rannsókn lögreglu. „Ég man sérstaklega eftir því þegar maðurinn sem hafði setið í gæsluvarðhaldi vegna málsins var sýknaður árið 1971,“ segir Lars og bætir því við að það hafi alltaf blundað í honum að gera mynd um þetta mál. „Svo kom Júlíus bara með bókina hans Þorsteins til mín fyrir þremur árum og þá fóru hjólin að snúast,“ útskýrir Lars. Ekki er enn búið að ákveða hvenær farið verði í tökur á myndinni en ráðgert er að hún verði frumsýnd 2012. Lars segir þetta eiga að vera svokallaða períódu-mynd, hún hefjist haustið 1967 og ljúki 1971 en Lars mun sjálfur leikstýra myndinni.

Lars hefur viðað að sér efni alls staðar að og hann minnir á að það hafi enginn verið dæmdur í þessu máli. „Hvort ég er að fara að upplýsa það verður bara að koma í ljós, ég vann eftir ákveðnum tilgátum sem birtust í bókinni hans Þorsteins og vann þetta í góðu samstarfi við hann.“ Lars bætir því við að handritið sé enn opið. „Það er ekki búið að loka því og ef einhver er með upplýsingar um málið er hægt að hafa samband í gegnum netfangið info@kisi.is.

freyrgigja@frettabladid.is




Morgunblaðið

LÍKUR Á AÐ UM RÁNMORÐ HAFI VERIÐ AÐ RÆÐA

Ungur læknastúdent kom fyrstur að hinum myrta



**VETTVANGUR GLÆPSINS**

**Júlíus Kemp** og **Ingvar Þórðarson** hyggjst framleiða kvikmynd um morðið á Gunnari Sigurði Tryggvasyni leigubílstjóra, sem var myrtur í Reykjavík árið 1968, eftir handriti Lars Emils Árnasonar. Morðið vakti mikinn óhug og er eitt örfárra sem ekki hefur enn verið upplýst. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Brasilíufangi segir sögu sína

„Þegar ég var að vinna hjá Kompási kom mamma Karls Guðmundar Grönvold til mín og sagði mér sögu hans. Ég ætlaði alltaf að fylgja henni eftir en svo var þátturinn sleginn af. Þá ákvað ég að ég skyldi skrifa bók um þetta mál og nú er ég í þeim sporum,“ segir Jóhannes Kr. Kristjánsson, oftast kenndur við fréttaskýringaþáttinn Kompás.

Jóhannes er hættur á DV en er um þessar mundir að leggja lokahönd á fyrstu bókina í bókaröðinni „Sönn íslensk sakamál“. Önnur bók í ritstjórn Jóhannesar kemur út um næstu jól og er höfundurinn þegar farinn að leita fanga. Fyrsta bókin fjallar hins vegar um Karl Grönvold en fyrir þremur árum var hann gripinn af brasilískum yfirvöldum með tvö og hálft kíló af kókaíni. Jóhannes fór sérstaklega út til Brasilíu að hitta Karl en hann losnar úr farbanni á næstu dögum eða vikum eftir að hafa afplánað skilorð.

Jóhannes segir sögu Karls ákaflega merkilega. „Þetta var fyrirmyndarunglingur, komst í unglingalandsliðið í handbolta og lék með meistaraflokki. Karl greinir frá því í bókinni að þegar hann var komin í neyslu fékk hann sér stundum amfetamín í hálfleik.“ Veröld Karls fór hins vegar öll á hvolf þegar hann var gripinn og stungið í fangelsi í Sao Paulo þar sem orðið „mannréttindi“ er varla til. „Þessi ferð sem hann fór til Brasilíu átti að vera síðasta ferðin, hún átti að redda öllum fjármálum hans en varð að nærri þriggja ára samfelldri fangelsisvist. Vonandi verður bókin því til þess að fæla ungt fólk frá því að ætla að græða peninga á því að smygla fíkniefnum og gerast burðardýr.“ - fgg



**MÖGNUÐ SAGA** Karl Magnús Grönvold fékk sér amfetamín í hálfleik þegar hann var leikmaður meistaraflokks í handbolta. Hann var gripinn með rúm tvö kíló af kókaíni í Brasilíu og segir Jóhannesi Kr. Kristjánssyni sögu sína í bókinni Sönn íslensk sakamál.

# Safnaðu þekkingu

## Endurmenntun fyrir alla – óháð fyrri menntun



**Skráningarfrestur er viku áður en námskeið hefst**

### MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Súkkulaði ... matur guðanna
haldið 18. október

Innlit í kínverskan samtíma
hefst 19. október

Blásarasveitir - sagan, marsarnir og listin
hefst 20. október

Alpujarras - Best geymda leyndarmál Spánar?
hefst 20. október

Litafræði - til gagns og ánægju
hefst 21. október

Kvíði barna og unglinga - foreldranámskeið
hefst 21. október

Leikritun
hefst 26. október

Sagan í Gamla testamentinu
hefst 26. október

Sjónmál náttúrunnar – landslagslist
hefst 1. nóvember

Húmor og hugsun í verkum Milans Kundera
hefst 1. nóvember

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Sálgæsla og áfallahjálp – samfylgd í kjölfar áfalla
hefst 12. október

Eden hugmyndafræðin - spennandi valkostur í öldrunarþjónustu
hefst 20. október

Sjálfsvígsfræði - með sérstöku tilliti til sjálfsvíga ungs fólks
hefst 22. október

Fötlunarfræði: Helstu hugtök og sjónarhorn
hefst 25. október

### TUNGUMÁL

Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum
hefst 25. október

Enska - hagnýt talþjálfun
hefst 25. október

Ítalska II
hefst 26. október

Spænska fyrir ferðaþjónustuna
hefst 1. nóvember

### VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

Sjálfbærar ofanvatnslausnir
haldið 15. október

Óvissustjórnun - verkfæri í verkefnastjórnun (e. Risk Management)
hefst 26. október

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Skattlagning óheimillrar úttektar úr atvinnurekstri
haldið 18. október

Arðsemismat verkefna - reiknilíkön í Excel
hefst 20. október

Skattlagning við eftirgjöf á skuldum
haldið 8. nóvember

### NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR

Ég, stjórnandinn
hefst 8. október

Fíknisjúkdómar starfsmanna - viðbrögð og vinnureglur
hefst 21. október

Siðareglur, fagmennska og traust
haldið 27. október

Starfsmannastefna, gildi og fyrirtækjamenning
hefst 3. nóvember

### STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Microsoft Project - stjórntæki í verkefnum
hefst 20. Október

Öflugt sjálfstraust - Aukanámskeið
hefst 14. október

Markaðssamskipti, almannatengsl
og fjáröflun frjálsra félagasamtaka
hefst 25. október

### HUGBÚNAÐUR

Vefhönnun fyrir hönnuði
hefst 13. október

WordPress - Vinsælasta vefumsjónarkerfi í heimi
hefst 26. október

### UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Íslenski þroskalistinn
haldið 21. október

Smábarnalistinn: Staðlaður þroskalisti handa ungbörnum
haldið 22. október

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð
hefst 1. nóvember

### LÖGFRÆÐI

Samningagerð og „Samningahagfræði"
- Hvernig tryggjum við hagsmuni okkar með samningum?
hefst 2. nóvember

Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í félögum
hefst 22. nóvember

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Póst húsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Veisla í Hörpunni

Starfsemi og hönnun tónlistarhússins Hörpu var kynnt á glæsilegum blaðamannafundi í gær. Húsið verður opnað með pomp og prakt næsta vor og blaðamenn og aðrir sem boðaðir voru til fundarins fengu nasasjón af því sem koma skal. Sigrún Eðvaldsdóttir leiddi strengjakvartett sem tók á móti gestum og eftir stutta kynningu, með **Vladimir Ashkenazy** og fleirum, voru gestir leiddir að veisluborði. Eða nánar tiltekið veisluborðum, þremur talsins sem áttu það sameiginlegt að svigna undan kræsingunum. Gæsin bráðnaði í munni gesta en komst varla í hálfkvisti við framandi sjávarfangið; sushi, skötusel og svo mætti lengi telja.



### Þögull Jarmusch

Gríðarlegur áhugi er meðal innlendra og erlendra fjölmiðla á því að fá viðtal við heiðursgest Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík, bandaríska leikstjórann **Jim Jarmusch**, og hafa tugir fyrirspurna þar að lútandi borist skipuleggjendum hátíðarinnar. Fjölmiðlamenn munu hins vegar ekki hafa erindi sem erfiði, að sögn kunnugra, því hinn óútreiknanlegi Jarmusch mun hafa harðneitað að veita einum einasta blaðamanni aðgang að sér í ferðinni til Íslands. Jarmusch kemur til landsins frá New York í fyrramálið og lítur á ferðalagið sem frí, ætlar í hvalaskoðun og lætur nægja að eiga samskipti við forseta lýðveldisins á heiðursverðlaunaafhendingu á Bessastöðum.



- hdm, sh

### Mest lesið vísir.is

1. Klámvæðing hefur alvarlegar afleiðingar fyrir karlmenn
2. Efaðist aldrei um orð svikahrappsins
3. Vanhugsað að loka bílastæðunum
4. „Þetta er ekki loðmulla, háttvirtur þingmaður"
5. Fór yfir Steinsholtsá
6. Með hníf í hausnum

Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.

Frábær verð!



LION

Borðtennisspaðar verð frá:
995,- stk.

SPARIÐ 10.000

FULLT VERÐ: 39.950,-
29.950,-

LION 4 borðtennisborð
Glæsilegt borðtennisborð á frábæru kynningarverði!
Borð, fætur og net saman í pakka. Auðvelt er að leggja saman borðið svo lítið fari fyrir því. Einnig fáanlegir borðtennisspaðar. Verð frá: 995,- stk.
Stærð: B152 x L274 x H76 sm.

ÖLL ÁLNAVARA 20% AFSLÁTTUR





ALLIR RAMMAR OG MYNDIR 20% AFSLÁTTUR

Allir rammar og myndir með 20% afslætti
Komið og skoðið úrvalið!



Kuldagallar
Sterkir og vandaðir kuldagallar fyrir veturinn á frábæru tilboði!.
Fást í bleiku/svörtu og bláu/svörtu.
Stærðir: 80 - 134 sm.

SPARIÐ 2.000

VERÐ ÁÐUR: 5.995,-
3.995,-




50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 4.995,-
2.495,-

HÖIE GREENFIRST koddi
Sérlega góður koddi fylltur með kúlutrefjum. Kemur í veg fyrir að rykmaurar og aðrar bakteríur safnist saman.



VERÐ FRÁ:
399,-

Sparperur
Mikið úrval af sparperum á frábæru verði!

-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

ATH. TILBOÐIN GILDA 28. - 30. SEPTEMBER

www.rumfatalagerinn.is